

**SKOÐUN** Haukur Örn Birgisson skrifar um auglýsingar Vínbúðarinnar og tvískinnung. 30



**MENNING** Handritshöfundurinn Katrín Benedikt skrifar framhald Olympus Has Fallen. 66



**SPORT** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir Serbíu í undankeppni HM ytra í dag. 60







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
31. október 2013
256. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Aðstoðarmaður fram

S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður Jóns Gnarr borgarstjóra, getur hugsað sér að feta í fótspor Jóns og leiða lista Bjartrar framtíðar í borginni. 6

**Rússnesk rúlletta** Veiðar síldarbáta uppi í harða landi við Breiðafjörð valda íbúum á svæðinu áhyggjum. Skipstjóri segir ekkert mega klikka. 8

**Samfélagsþjónusta vinsæl** Yfir 100 vinna af sér sektir með samfélagsþjónustu á hverju ári. 10

**Stjórnvöld brjóta lög** Takmarkanir á kjötinnflutningi hér á landi brjóta í bága við Evróputilskipun að mati ESA. Málið gæti endað fyrir dómi gefi íslensk stjórnvöld sig ekki. 22




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | NA | 15 |
| Akureyri | 1° | NA | 6 |
| Egilsstaðir | 1° | A | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | A | 4 |
| Reykjavík | 3° | ANA | 5 |

**Hvassviðri** á Vestfjörðum en annars hægari vindur. Snjókoma eða slydda norðanlands en skúrir eða slydduél suðaustan til. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Fólk | Úlpur & yfirhafnir






MYND/LANDHELGISGÆSLAN



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



MYND/LANDHELGISGÆSLAN

**ÓTTASLEGNIR** Skipverjarnir ellefu, sem koma frá Rússlandi, Eistlandi og Úkraínu, reyndu að setja út björgunarbát en Landhelgisgæslan hvatti þá til þess að bíða á þilfari skipsins. Björgunin gekk vel miðað við aðstæður en aðeins tók 23 mínútur að hífa skipverjana upp í þyrluna TF-GNA sem var fljót á vettvang.

Eldur kviknaði í flutningaskipi suður af Vestmanneyjum en ellefu manna áhöfn var bjargað:

# Mannbjörg varð úr alelda flutningaskipi

**BRUNI** Ellefu mönnum var bjargað þegar eldur kom upp í vélarrými flutningaskipsins Fernanda rétt eftir hádegi í gær.

„Þetta voru svakalegar aðstæður," sagði Eyþór Þórðarson, skipstjóri björgunarskipsins Þórs sem kallað var á vettvang. „Flutningaskipið hoppaði og skoppaði í sjónum eins og korktappi."

Eldurinn breiddist hratt út eftir að skipverjar urðu hans fyrst varir og var brú skipsins alelda þegar þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-GNA, kom á staðinn.

Sigurður Heiðar Wiium, flugstjóri á þyrlunni, segir að hefði skipið verið við það að sökkva vegna eldsins hefði verið vænlegra að sækja mennina úr björgunarbáti. „Bæði vegna öryggis okkar manna og þeirra. Hins vegar voru nokkrir þeirra ekki í björgunargöllum. Ég gat heldur ekki betur séð en að aðalbjörgunarbátur skipsins væri aftast og þeir komust ekki að honum með góðu móti. Því var þetta alvarleg staða hjá þeim, en þetta tókst vel."

- shá, nej / sjá síðu 4






# Láta loka á leigjendur

Orkuveitu Reykjavíkur berast reglulega óskir frá leigusölum um að skrúfa fyrir hita og rafmagn í húsnæði óskilvísra leigjenda. Flöskuháls í dómskerfinu veldur spennu.

**SAMFÉLAGSMÁL** Leigusalar hafa ítrekað farið fram á það við Orkuveitu Reykjavíkur að lokað verði á rafmagn og hita í íbúðum þar sem leigjendur hafa ekki greitt leigu í langan tíma og illa gengur að ná þeim út úr íbúðunum.

„Svona mál dúkka reglulega upp," segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar. Raunar eru fyrirspurnir vegna þessa orðnar svo algengar að Orkuveitan hefur komið sér upp verklagi til þess að bregðast við slíkum beiðnum.

Hann segir rafmagn og hita aldrei tekið af húsnæði ef leigjandi er með gildan leigusamning. Sé samningur ekki í gildi hafi eigandi umráðarétt yfir húsnæðinu og geti látið loka. Það hafi gerst alloft.

Sigurður Helgi Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður og framkvæmdastjóri Húseigendafélagsins, segist aldrei hafa heyrt af þessu úrræði. „En það er ljóst að það er mikil spenna á leigumarkaði," segir hann. Sigurður Helgi telur þetta örþrifaráð leigusala skýrast af því að ákveðinn flöskuháls sé hjá dómstólum þegar riftunarmál eru til meðferðar.

„Það tekur að minnsta kosti tvo til þrjá mánuði að rifta einföldustu samningum fyrir dómi, en sá tími lengist oft og verður hálft ár," segir Sigurður Helgi, en þetta gerir það að verkum að leigusalar verða fyrir miklu fjárhagstjóni.

Spurður út í úrræðið sem leigusalar nýta sér með reglulegum hætti hjá Orkuveitunni svarar Sigurður Helgi: „Það má ekki taka rafmagn og hita af íbúðum leigjenda. Eins má ekki nýta sér aðrar skilvirkari leiðir eins og að hleypa músum inn í íbúðina, eða hóta fólki."

Hann telur að ólöglegt sé að loka fyrir rafmagn nema dómsúrskurður liggi fyrir. - vg




## SPURNING DAGSINS



Pétur, er þetta heitasta sýningin í dag?

**„Já, það brenna allir í skinninu.“**

Pétur Eggerz flytur nú einleik um ævi séra Jóns Steingrímssonar, eldklerksins sem sagður er hafa stöðvað hraunrennsli frá Skaftáreldum.

Rúmlega þrítugur Siglfirðingur dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir rán:

# Hótaði nauðgunum við rukkun

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt Guðmund Frey Magnússon, 33 ára Siglfirðing, í þriggja ára fangelsi fyrir rán í janúar í fyrra. Guðmundur á sér langa brotasögu.

Í þetta sinnið er hann dæmdur fyrir að hafa slegið bræður, fædda 1990 og 1994, og hótað þeim öðru ofbeldi ef þeir greiddu ekki skuld sem hann taldi hafa myndast þegar fíkniefnasending misfórst. Vitni að málinu segir hann meðal annars hafa hótað nauðgunum.

Hann tók af þeim fartölvu og síma sem sá yngri hafði fengið í jólagjöf frá ömmu sinni. Þremur vikum síðar komu bræðurnir í fylgd ömmunnar á lögreglustöð og kærðu ránið.

Guðmundur er með fjölda dóma á bakinu, meðal annars einn þriggja og hálfs árs fangelsisdóm frá 2007 fyrir tilraun til ráns, fjársvik, brennu, nytjastuld og þjófnað. Þá fékk hann í febrúar hálfs árs dóm í Danmörku fyrir líkamsárás. Eftirstöðvar þessara dóma eru nú dæmdar upp.

Í dómnum kemur fram að Guðmundur Freyr hafi tekið sig á, gert raunhæfa tilraun til að vinna bug á fíkniefnamisnotkun sinni og hlýtt ráðum heimilislæknis varðandi lífernið og bindindi. **- sh**



**FARTÖLVA** Guðmundur rændi meðal annars fartölvu af bræðrunum.

Ráðherrar hittust í Ósló:

# Ræddu ávinning af fríverslun

**UTANRÍKISMÁL** Verði af fríverslunar- og fjárfestingasamningi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna verða áhrif af því jákvæð á Evrópska efnahagssvæðinu. Um þetta voru norrænir viðskiptaráðherrar sammála á fundi í Ósló í gær.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sótti fundinn. Á vef ráðuneytisins kemur fram að lagt hafi verið til að Norðurlöndin skoði hvernig þau geti í sameiningu fengið í markaðsátak á stórum og vaxandi mörkuðum. **- óká**



**Í HÉRAÐSDÓMI** Maðurinn vafði sig inn í dúnúlpu til að forðast myndatökur. MYND/STÖÐ 2

Kærir gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar:

# Basasmyglarinn í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Þrítugur Litháí var í Héraðsdómi Reykjaness í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 13. nóvember, grunaður um að hafa ætlað að smygla til landsins nokkur hundruð millilítrum af amfetamínbasa í rauðvínsflösku á þriðjudag.

Maðurinn, sem var að koma frá Ósló, braut flöskuna þegar hann var færður í leitarherbergi í Leifsstöð, með þeim afleiðingum að flytja þurfti fjóra tollverði og rannsóknarlögreglumenn á bráðadeild með eitrunareinkenni. Gæsluvarðhaldið hefur verið kært til Hæstaréttar. **- sh**

Rektor varar við niðurskurði:

# Vísindin skapa gjaldeyristekjur

**VÍSINDI** Ætla má að vísindastarfsemi við Háskóla Íslands, HÍ, skapi á fjórða milljarð króna í beinar gjaldeyristekjur á ári. Þetta skrifar Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

Hún segir vísindamenn við háskólann afla um 1,8 milljarða króna á ári úr alþjóðlegum samkeppnissjóðum sem komi inn í íslenska hagkerfið sem gjaldeyristekjur. Auk þessara fjármuna komi svipuð fjárhæð í erlendum gjaldeyri inn í landið vegna þátttöku vísindamanna HÍ í verkefnum annarra innlendra stofnana og fyrirtækja.

**- ibs /** **sjá síðu 25**

Margdæmdur fær 9 mánuði:

# Fyrrverandi unnusti lúbarði

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær hálffimmtugan karlmann í níu mánaða fangelsi fyrir árás á fyrrverandi unnustu sína á heimili hennar í september í fyrra.

Maðurinn, sem er með langa brotasögu, meðal annars fyrir líkamsárásir, er dæmdur fyrir að ráðast á hana þar sem hún lá í rúmi og á gólfi svefnherbergis síns, setjast klofvega yfir hana og slá hana ítrekað í höfuð og víðar og sparka í líkama hennar.

Hún hlaut áverka víðs vegar á líkamanum, meðal annars tognaði hún í vinstri hendi og fékk mar á brjóstkassa og vinstri síðu.

Maðurinn hafði áður áreitt konuna linnulítið með símtölum. **- sh**

# Handvömm leiðrétt eftir 18 mánaða bið

Fjármögnunarleið ráðuneytis um byggingu íbúða fyrir geðfatlaða á Húsavík reyndist ófær. Norðurþing þrýsti á svör og úrlausn mála í á annað ár. Bæjarstjóri vonar að sveitarfélagið fái ellefu milljóna króna kostnað vegna málsins greiddan.

**STJÓRNSÝSLA** Fjármögnunarleið félags- og tryggingamálaráðuneytisins um byggingu íbúða fyrir geðfatlaða á Húsavík reyndist ófær. Norðurþing leitaði svara og þrýsti á lausn málsins í á annað ár.

Í bókun bæjarráðs Norðurþings á þriðjudag er málið reifað, en það fjallar um fjármögnun á byggingu þriggja íbúða undir merkjum leigufélagsins Pálsreits ehf. Þar segir frá því að sveitarfélagið sat uppi með yfirdráttarlán fyrir byggingarkostnaði þar sem ekki reyndist tæknilega mögulegt að fá lán frá Íbúðalánasjóði eins og tillaga ráðuneytisins og útreikningar Fasteigna ríkisins gerðu ráð fyrir.



**BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON**

Eins kemur fram að sveitarfélagið reyndi ítrekað, og árangurslaust, að fá svör frá ráðuneytinu [velferðarráðuneytinu] vegna forsendubrests um fjármögnun verkefnisins. Eins að leitað var til fjárlaganefndar Alþingis um tafarlaust uppgjör, sem og til þingmanna kjördæmisins til að þrýsta á lausn í málinu.

Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Norðurþings, segir hins vegar að eftir að bæjarráð ályktaði hafi honum borist þær fréttir að umrædd reglugerð væri komin í gegn og því væntanlega ekkert því til fyrirstöðu að fjármögnun verkefnisins ljúki í gegnum Íbúðalánasjóð.

„Þetta er hins vegar mál sem allir harma og það sem stendur er að menn sjái til þess að sveitarfélagið bíði ekki tjón af þeirri stöðu sem kom upp. Ég hef ekki trú á öðru en menn nái sáttum í því,“ segir Bergur Elías og vísar til þess að sveitarfélagið hefur þegar greitt á elleftu milljón af 40 milljóna króna yfirdrætti vegna fjármögnunar íbúðanna þriggja.

Þegar Bergur er spurður álits á því að ráðuneyti og Fasteignir ríkisins teikni upp fjármögnunarleið verkefnis af þessari stærðargráðu sem ekki er fær, verður fátt um svör. „Ég velti þessu fyrir mér líka en þetta er bagalegt,“ segir Bergur.

Í bókun bæjarráðs Norðurþings stendur að rétt sé að koma því á framfæri að starfsmenn ráðuneytisins hafi harmað stöðuna í samskiptum við sveitarfélagið.

Embættismenn innan velferðarráðuneytisins, sem komu að gerð samningsins, vikust undan því að skýra handvömm ráðuneytisins þegar haft var samband við þá í gær. **svavar@frettabladid.is**



**SÆTTIR** Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Norðurþings, segir mikilvægt að ná sáttum í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Lög og reglur gerðu ekki ráð fyrir láninu

- Þann 22. desember 2010 var skrifað undir samkomulag um fjármögnun og byggingu íbúða fyrir geðfatlaða á Húsavík. Samningurinn var að tilstuðlan og tillögum ráðuneytisins.
- Ráðuneytið skyldi leggja fram 20 milljóna stofnframlag og 40 milljóna eftirstöðvar framkvæmdakostnaðar yrðu fjármagnaðar með lántöku frá Íbúðalánasjóði.
- Stofnað var sérstakt leigufélag, í eigu sveitarfélagsins, um bygginguna og framkvæmdir hafnar í samræmi við samninginn.
- Um mitt ár 2012 var framkvæmdum lokið og umsóknarferli sveitarfélagsins hófst hjá Íbúðalánasjóði.
- Lánveitingin reyndist ekki möguleg þar sem reglugerð vantaði.
- Í eitt og hálft ár fékk sveitarfélagð engin svör um hvað yrði.
- Reglugerðin mun vera gengin í gegn. Eftir situr sveitarfélagið með 11 milljóna króna skuld af yfirdrætti vegna framkvæmdarinnar.






Úthlutun á lóðum í Skarðshlíð í Hafnarfirði gengur hægt fyrir sig:

# Aðeins ein lóð seld í Skarðshlíð



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**

**HAFNARFJÖRÐUR** „Við töldum ekki tímabært að fara í úthlutun á þessu svæði,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, en aðeins einni lóð hefur verið úthlutað í Skarðshlíð nærri Völlunum í Hafnarfirði, en úthlutun hófst fyrir nokkrum vikum.

Fréttablaðið greindi frá því þegar úthlutunin hófst og bentu sjálfstæðismenn þá á áhugaleysi á úthlutun lóða.

Um er að ræða 56 einbýlishúsalóðir, tvö parhús, ellefu raðhúsalóðir og sjö fjöleignarhús sem standa áhugasömum til boða. Byggðin muni í heild rúma um tvö þúsund íbúa en nú er einungis um fjórðungur lóðanna laus til umsóknar.

Rósa segir mikilvægt að bæta vegtengingar inn og út úr Vallasvæðinu og Skarðshlíð og segist efins um að bæjarfélagið hafi sem stendur efni á uppbyggingu á þjónustu í nýju hverfi. „Eins og staðan er núna eru ekki forsendur fyrir því. Áherslan ætti að vera á að klára frágang í öðrum hverfum bæjarins og bæta vegtengingar að nýjustu íbúða- og atvinnusvæðunum,“ segir Rósa. **- vg**




**UPPBYGGING** Oddviti Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði segir Hafnarfjörð ekki hafa efni á uppbyggingu á þjónustu í Skarðshlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Agnes Anna Sigurðardóttir, Bruggsmiðjan Kaldi · Andri Marteinsson, Íslandsstofa Ari Kristinn Jónsson, Háskólinn í Reykjavík · Atli Þorbjörnsson, Gangverk · Árni Þór Árnason, Oxymap · Ásgeir Ásgeirsson, Marel · Ásthildur Otharsdóttir, ráðgjafi · Bala Kamallakharan, GreenQloud · Benedikt Magnússon, KPMG Birgir Grímsson, V6 Sprotahús · Borghildur Erlingsdóttir, Einkaleyfastofan Bradley Stillwell, U.S. Embassy · Brynhildur S. Björnsdóttir, Hagsýn, bókhalds- og rekstrarþjónusta · Brynja Guðmundsdóttir, Azazo / Gagnavarslan · Dagmar … Einar Benedikt Sigurðsson, Tjarnargatan · Eiríkur … s Royal Natural · Elínrós … innur Magnússon, Meniga … ýsköpunarmiðstöð Íslands … da Eggertsdóttir, Actavis Guðjón Már Guðjónsson, OZ · Gunnar Stefánsson, Háskóli Íslands · Halla Helgadóttir, Hönnunarmiðstöð Íslands · Halldór Jörgenson, Microsoft · Hanna Lára Helgadóttir, Themis lögmannsstofa · Hannes Ottósson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands · Haraldur Unason Diego, Fagráð - viðskiptaráðgjöf · Helga Valfells, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins · Helga Viðarsdóttir, IMC Ísland · Hermann Kristjánsson, Vaki Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Landsbankinn · Hreiðar Bjarnason, Landsbankinn Ingibjörg Gréta Gísladóttir, Reykjavik Runway · Jóhann Pétur Malmquist, Háskóli Íslands · Jóhann Þorvaldur Bergþórsson, Plain Vanilla Games · Jón Ásbergsson, Íslandsstofa · Kristín Ingólfsdóttir, Háskóli Íslands · Kristján Freyr Kristjánsson, Klak Innovit frumkvöðlasetur · Kristján G. Bjarnason, Dohop · Kristján Þ. Davíðsson, Isder Magni Þorsteinsson, Kron · Magnús Gottfreðsson, Landspítali Háskólasjúkrahús Magnús Ingi Óskarsson, Sabre Iceland · Mark Dodsworth, Europartnerships · Paula Gould, Greenqloud · Páll Harðarson, NASDAQ OMX Iceland · Perla Ösp Ásgeirsdóttir, Landsbankinn · Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Hugsmiðjan · Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, Hannesarholt · Ragnhildur Geirsdóttir, Landsbankinn · Rakel Sveinsdóttir, Spyr.is · Rannveig Gunnarsdóttir, Lyfjastofnun · Rúna Magnúsdóttir, BRANDit · Rögnvaldur Sæmundsson, Össur · Sigmar Guðbjörnsson, Stjörnu-Oddi · Sigríður Ólafsdóttir, SÓL ráðgjöf · Sigurður Arnljótsson, SA Framtak Sigurður Björnsson, Rannís · Sigþór Jónsson, Landsbréf · Skorri Rafn Rafnsson, Móberg · Stefán Jökull Stefánsson, DCG · Steinþór Pálsson, Landsbankinn · Svana Gunnarsdóttir, Frumtak · Svava Bjarnadóttir, Strategia · Sveinbjörn Gizurarson, Háskóli Íslands · Sveinn Margeirsson, Matís · Tómas Young, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar · Tómas Þorvaldsson, Vík lögmannsstofa · Tryggvi Pálsson, Landsbankinn · Viðar Viðarsson, Landsbankinn · Viggó Ásgeirsson, Meniga Viggó Örn Jónsson, Jónsson & Le'macks · **Við hvern viltu tala?** · Vilborg Einarsdóttir, Mentor ·Þorsteinn B. Friðriksson, Plain Vanilla Games · Þorsteinn Loftsson, Háskóli Íslands ·Þorvaldur Ingvarsson, Össur · Þóranna K. Jónsdóttir, Markaðsmál á mannamáli ·Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Naskur · Þórður Heiðar Þórarinsson, Handpoint · Laugardaginn 9. nóvember býðst frumkvöðlum að taka þátt í nýstárlegum nýsköpunarviðburði á Háskólatorgi sem Landsbankinn heldur í samvinnu við Háskóla Íslands. Þar er hægt að setjast niður, maður á mann, með 100 stjórnendum og sérfræðingum og fá ráðgjöf varðandi uppbyggingu og vöxt fyrirtækja. Fáðu nánari upplýsingar og skráðu þig á landsbankinn.is/unconference.

**IIU** *Iceland Innovation* ***UnConference***

*Reykjavík*
*9. nóvember 2013*
***#IIU2013***

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

## SVONA ERUM VIÐ



**22** **Íslendingar eru á nýjum lista yfir alþjóðleg bréfskákstig.**

**Daði Örn Jónsson er hæstur þeirra með 2.519 ELO stig.**

Stigahæsti bréfskákmaður heims er hollenski stórmeistarinn Jopp J. Van Oosterom með 2.711 ELO stig.

Seðlabankinn segir að ákveðið hafi verið að prenta ekki fleiri 2.000 króna seðla heldur láta þá fjara út:

# Tíu þúsund króna seðill kostar 29 krónur

**EFNAHAGSMÁL** Verðmæti tíu þúsund króna seðla í umferð er þegar orðið meira en tvö þúsund króna seðla. Tíu þúsund króna seðlarnir voru teknir voru í notkun 24. þessa mánaðar, en Seðlabankinn ákvað árið 2011 að láta ekki prenta fleiri tvö þúsund króna seðla heldur láta þá fjara út.

Þetta kemur fram í svari Seðlabankans við fyrirspurn á vefnum spyr.is um hvort borgi sig að búa til einnar og fimm krónu mynt og hvort sú mynt sé enn slegin.

Fram kemur í svarinu að enn sé til mynt að verðmæti ein króna og fimm krónur sem bíði þess að fara í umferð. Engin ákvörðun hafi verið tekin um að hætta framleiðslu þeirra. Myntin sé þó tiltölulega dýr í framleiðslu miðað við nafnvirði hennar á meðan seðlar séu tiltölulega ódýrir í framleiðslu.

„Myntin endist hins vegar mjög lengi og langstærsti hluti þeirrar myntar sem er í umferð var framleiddur þegar innkaupsverð krónupeningsins og fimmkrónupeningsins var undir nafnvirði þeirra," segir í svari Seðlabankans.

Miðað við síðustu framleiðslu er sagt kosta nokkru meira að framleiða krónumynt en nafnverðið segir til um, en fimm krónu myntin komi út nokkurn veginn á sléttu. „Það kostaði um 29 krónur að prenta hvern tíu þúsund króna seðil sem nú er verið að setja í umferð, og síðast þegar fimm þúsund króna seðill var prentaður kostaði það um 18 krónur." **- óká**



**PENINGAR** Langstærstur hluti af verðmæti seðla og myntar í umferð er í formi 5.000 króna seðla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÍFIÐ** Von er á fyrstu tískubók Evu Daggar Sigurgeirsdóttur fyrir jólin.

## Lífið fylgir Fréttablaðinu á föstudögum

Eva Dögg Sigurgeirsdóttir prýðir forsíðu Lífsins í þessari viku. Hún rekur tískuvefinn tíska.is og von er á hennar fyrstu tískubók fyrir jólin.

Hrekkjavaka er haldin hátíðleg um helgina og munu förðunarfræðingar NN Makeup School sýna hugmyndir að ógnvekjandi hrekkjavökuförðun.

Ásta S. Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Dr. Bragi í London, segir frá íslenskum vísindum á bak við snyrtivörurnar en meðal viðskiptavina eru Beckham-fjölskyldan og leikkonan Sienna Miller.

Nærfatalína fótboltakappans Cristianos Ronaldo er komin til Íslands. Þetta og meira til verður í Lífinu sem fylgir Fréttablaðinu á föstudögum.

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í umfjöllun í Markaðnum í gær að skulda/EBITDA-hlutfall Mylluseturs, útgefanda Viðskiptablaðsins, væri 2,9. Á félaginu hvíldu um áramót engar vaxtaberandi skuldir og því var hlutfallið þá -1,1. Félagið telst því í enn betri stöðu til að taka á sig skuldir, kjósi stjórnendur að fara þá leið.

# Björguðu ellefu skipverjum

Mannbjörg varð þegar flutningaskipið Fernanda varð alelda suður af landinu í gær. Þyrla var aðeins 23 mínútur að hífa alla frá borði. Sjómennirnir sýndu mikið æðruleysi þrátt fyrir erfiða lífsreynslu í logandi skipinu.

**BRUNI** Mannbjörg varð þegar flutningaskipið Fernanda varð alelda suður af landinu í gær. Þyrla Landhelgisgæslunnar náði að hífa ellefu manna áhöfn skipsins um borð í þyrluna á 20 mínútum.

Mikill viðbúnaður var eftir að samband náðist við skipstjóra Fernanda. Skipið var þá orðið vélarvana og á svæðinu slæmt veður og haugasjór. Eldur hafði komið upp í vélarrúmi skipsins um hádegisbil og varð skipið nær alelda á stuttu tíma. Kallaðar voru út tvær björgunarþyrlur, varpskipið Þór sett í viðbragðsstöðu sem sigldi af stað stuttu síðar. Björgunarskip Landsbjargar og Lóðsinn í Vestmannaeyjum héldu þegar úr höfn.

Lent var með áhöfn skipsins á Reykjavíkurflugvelli á fjórða tímanum. Mennirnir, sem eru af nokkrum þjóðernum en allir rússneskumælandi, voru sótugir þegar neyðarhópur Rauða krossins tók á móti þeim í húsnæði félagsins í Efstaleiti.

Sólveig Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins, segir í viðtali við Fréttablaðið að mennirnir, allir sem einn, hafi verið ótrúlega yfirvegaðir og afþökkuðu bæði lyf og áfallahjálp við komuna. Þeir hafi hins vegar þegið hreinan fatnað með þökkum, og tóku vel til matar síns af súpu, heitu kakói og smurðu brauði. Eimskip, sem er þjónustuaðili skipsins, sér áhöfninni fyrir hótelgistingu en skýrslutökur hefjast á morgun.

„Við vorum á staðnum þangað til þyrlan var búin að taka alla mennina frá borði," sagði Eyþór Þórðarson, skipstjóri björgunarskipsins Þórs. „Við biðum ef það skyldi eitthvað koma fyrir í millitíðinni. Það er alveg með ólíkindum hvað það gekk vel að hífa þá upp. Þetta er það erfiðasta sem ég hef farið í, fjögurra metra ölduhæð og skipið valt mikið."

Lóðsinn í Vestmannaeyjum var á staðnum í gærkvöld við slökkvistarf; sprautaði sjó yfir skipið og virtist eldurinn vera í rénun. Varðskipið Þór tók við aðgerðum á vettvangi þegar skipið kom á staðinn undir kvöld.

Landhelgisgæslan mun meta stöðuna að nýju nú í fyrramálið með Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og öðrum viðbragðsaðilum. Verða þá teknar ákvarðanir um framhaldið.

svavar@frettabladid.is
nanna@frettabladid.is

> **Þetta er það erfiðasta sem ég hef farið í, fjögurra metra ölduhæð og skipið valt mikið.**
>
> *Eyþór Þórðarson*
> *Skipstjóri björgunarskipsins Þórs*

## Vel heppnuð björgunaraðgerð




### Atburðarásin í gær




- Útkall berst Björgunarfélagi Vestmannaeyja.
- Björgunarskipið Þór lagði af stað frá Vestmannaeyjum.
- Lóðsinn úr Eyjum fór á vettvang.
- Þyrlan TF-GNA kemur á staðinn.
- Fyrsti skipverjinn hífður upp í þyrluna.
- Björgunarskipið Þór kemur á staðinn.
- Síðasti skipverjinn hífður upp í þyrluna.
- Allir komnir um borð í þyrluna.
- Varðskipið Þór leggur af stað frá Reykjavík.
- Þyrlan lendir með mennina á Reykjavíkurflugvelli.
- Varðskipið Þór kom á staðinn og hóf slökkvistörf.

## Biðu á dekkinu með töskurnar sínar

Sigurður Heiðar Wiium, flugstjóri á TF-GNA, segir að aðeins um 20 mínútur hafi tekið að hífa alla mennina ellefu um borð í þyrluna. „Þegar við komum á staðinn voru aðstæður nokkuð alvarlegar; eldtungur og reykur úr vélarrúmi og brú. Áhöfnin var öll komin út á dekk. Sigurður segir að sjómennirnir hafi verið hífðir tveir og tveir upp í þyrluna. „Á þessum mínútum sem við vorum við skipið fannst okkur eldurinn aukast. Þeir voru allir komnir með töskurnar sínar út á dekk en við urðum að neita þeim um að taka þær með sér. Allir voru þeir við góða heilsu en mér skildist á þeim að þeir væru nokkuð hræddir."

Um borð í TF-GNA voru auk Sigurðar Brynhildur Bjartmarz flugstjóri, Guðmundur R. Magnússon sigmaður, í sinni fyrstu sjóbjörgun, Óskar Óskarsson spilmaður og læknirinn Hannes Petersen. **- shá**


Vissir þú að Ísland byggðist af ást?



Lifandi og aðgengileg umfjöllun um ástir Íslendinga að fornu – um rétt þeirra til að elska, makaval, hjónaskilnaði, frillulíf og ást á eigin kyni.

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SNJÓKOMA EÐA SLYDDA NORÐANLANDS** næstu daga og má búast við talsverðri úrkomu þar á morgun. Annað kvöld fer að snjóa eða slydda austanlands en svo dregur úr úrkomu á laugardag. Sunnanlands verður hins vegar nokkuð bjart næstu daga.




**Á morgun**
Strekkingur eða allhvasst norðan og vestan til, annars hægari vindur.




**Laugardagur**
Strekkingsvindur nokkuð víða.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Berlín | 11° | Friedrichshafen | 13° | Las Palmas | 24° | New York | 19° | París | 13° |
| Aþena | 24° | Billund | 11° | Gautaborg | 11° | London | 16° | Orlando | 29° | San Francisco | 16° |
| Basel | 16° | Frankfurt | 11° | Kaupmannahöfn | 11° | Mallorca | 22° | Ósló | 11° | Stokkhólmur | 9° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Ferð þú til Akureyrar?

**Skelltu þér á Bosch kaffivél sem fékk bestu einkunnina* og þú gætir unnið ferð til Akureyrar.**

Gildir í þrjá daga: Miðvikudag, fimmtudag og föstudag.
Vinningshafi dreginn út nú á laugardaginn kemur, 2. nóvember.



Flug fyrir tvo með Flugfélagi Íslands til Akureyrar.







Gisting fyrir tvo á Hótel KEA ásamt morgunverði og þriggja rétta kvöldverði.







**Þrefaldaðu vinningslíkur þínar með því að kaupa allt morgunverðarsettið (brauðrist, kaffivél og hraðsuðukönnu).**

Þú kemst einnig í pottinn ef þú kaupir einhverja aðra kaffivél í sömu línu: TKA 8013/TKA 8633/TKA 8631/TKA 8651. Verð frá 15.900 kr.

---

*TKA 8011 fékk hæstu einkunn hjá danska neytendablaðinu Tænk. Einnig umsögnina „Góð kaup“ hjá sænska neytendablaðinu Råd & Rön. Loks hefur hún hlotið hönnunarverðlaunin IF design award.

**BOSCH**

**BÚÐIN**

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

## Hef gagnrýnt hann



„Ég hef gagnrýnt störf hans og meirihlutans en það snýst um málefni en ekki persónu hans. Það er margt sem ég tel gagnrýnisvert við störf meirihlutans á kjörtímabilinu. Ég tel of snemmt að meta það hvort ákvörðun borgarstjórans muni hafa mikil áhrif á pólitíkina í borginni. Jón hefur mörg áhugamál sem hann hefur þurft að leggja til hliðar á tíma sínum sem borgarstjóri. Ég óska honum velfarnaðar í þeim störfum sem hann mun taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

**Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík**

## Sé eftir Jóni



„Það verður gríðarleg eftirsjá að Jóni úr borgarpólitíkinni. Þetta hefur verið frábært samstarf, og að mörgu leyti einstakt. Það hefur verið byggt á hreinskilni, hreinskiptni, samræðu og samstöðu.

Ég neita því ekki að ég hefði helst viljað starfa áfram með Jóni. Eftir að hafa rætt þetta mjög oft og mikið við Jón, og vitandi að hans djúpa sannfæring sé sú að þetta sé rétt – þá verður maður bara að virða það.

**Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík**

## Þarf kjark og þor



„Þetta er mjög merkileg ákvörðun og virðingarverð. Það þarf hugrekki, kjark og staðfestu til að byrja með trukki og enda með trukki. Ég hef átt gott samstarf við Jón og Besta flokkinn á kjörtímabilinu. Málefnalega eiga BF og VG margt sameiginlegt þó flokkarnir séu ekki sammála um allt.

Það hefur verið unnið með yfirvegaðri og betri hætti í borginni en áður hefur tíðkast. Jón og Besti flokkurinn eiga sinn þátt í því. Ég get lítið spáð um áhrif brotthvarfs Jóns Gnarr á kosningabaráttuna í vor.

**Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna**

## Gott að fá Jón heim



„Það er búið að liggja vel yfir þessari ákvörðun á heimilinu. Hún er vel ígrunduð og allir eru glaðir með hana.

Það verður óneitanlega betra að hafa Jón meira heima. Þetta er búið að vera svolítið eins og ég sé einstæð móðir og sá litli sem er átta ára mun njóta góðs af þessari ákvörðun. Sem og vinir og vandamenn og þjóðin öll með því að fá hann aftur í grínið.

**Jóhanna „Jóga“ Jóhannsdóttir, eiginkona Jóns Gnarr**

## Vaxa ekki á trjám



„Mér finnst þetta í rauninni kjarkað af honum. Hann er búinn að ígrunda þetta mjög vel og lengi og að taka þessa ákvörðun þvert á allar spár og skoðanakannanir sýnir kjark og styrk.

Ég er glaður yfir að fá hann aftur í skapandi vinnu, ekki það að borgarastjórastarfið sé ekki skapandi, það er það á allt annan hátt. Það er mikil þörf á mönnum eins og Jóni, við erum bara 320 þúsund og svona snillingar vaxa ekki á trjám.

**Sigurjón Kjartansson, vinur Jóns og samstarfsaðili til margra ára**

# Ekki aftur í framboð

Jón Gnarr, borgarstjóri og stofnandi Besta flokksins, mun ekki bjóða sig fram í sveitarstjórnarkosningum í vor. Flokkurinn rennur inn í Bjarta framtíð.



**STJÓRNMÁL** Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, tilkynnti í þættinum Tvíhöfða á Rás 2 í gærmorgun að hann myndi ekki bjóða sig aftur fram sem borgarstjóri í Reykjavík. Í tilkynningu sinni sagðist Jón kunna illa við samskipti í stjórnmálum. Besti flokkurinn (BF) verður lagður niður eftir að Jón hættir störfum hinn 15. júlí næstkomandi. Flokkurinn mun renna saman við Bjarta framtíð.

Jón stofnaði BF árið 2009 fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 29. maí 2010. Yfirlýstur tilgangur flokksins á þeim tíma var að koma Jóni Gnarr í vel launað innistarf þar sem hann hefði völd til að hjálpa sjálfum sér, fjölskyldu og vinum. Einnig sagðist Jón langa að vera með aðstoðarmann.

Í sveitarstjórnarkosningunum í Reykjavík vann BF yfirburðasigur, fékk sex borgarfulltrúa af 15 og fór í meirihlutasamstarf við Samfylkinguna. Jón Gnarr var kjörinn borgarstjóri Reykjavíkur á fyrsta borgarstjórnarfundi 15. júní 2010.

Flokkurinn hefur lagt áherslu á að stjórnmálamenn komi ekki of mikið að rekstri stofnana Reykjavíkur. Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar vann að aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur. Sú áætlun, sem er komin vel á veg, miðar að því að styrkja rekstur fyrirtækisins til ársins 2016 með gjaldskrárhækkunum, eignasölu og frestun á framkvæmdum svo eitthvað sé nefnt. samuel@frettabladid.is

Borgarfulltrúar Besta flokksins gengnir til liðs við Bjarta framtíð í Reykjavík:

# Aðstoðarmaður vill fyrsta sætið

**STJÓRNMÁL** „Ég hef áhuga á að taka fyrsta sætið á lista Bjartrar framtíðar í Reykjavík, ef mér verður treyst fyrir því,“ segir S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður Jóns Gnarr borgarstjóra.

„Ég vil fara í áttunda sætið á listanum, það er baráttusætið,“ segir Einar Örn Benediktsson, tónlistarmaður og borgarfulltrúi. Hann skipaði annað sætið á lista Besta flokksins fyrir fjórum árum. „Það segir sig sjálft að ef Björt framtíð nær hreinum meirihluta í borginni getur borgarstjórinn legið í mér,“ segir Einar Örn.

Aðrir sem buðu sig fram fyrir Besta flokkinn í kosningunum fyrir fjórum árum hafa hug á að taka sæti á lista Bjartrar framtíðar. Þau eru Elsa Yeoman, Karl Sigurðsson, Eva Einarsdóttir og Páll Hjaltason, sem tók sæti Óttars Proppé í borgarstjórn þegar hann settist á Alþingi í vor.

Stofnfundur Bjartrar framtíðar í Reykjavik var haldinn í gær og sóttu hann um 30 manns. Borgarfulltrúar Besta flokksins gengu til liðs við Bjarta framtíð á fundinum. Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Besta flokksins, ætlar ekki að sækjast eftir forystusæti á lista Bjartrar framtíðar í Reykjavík. Hún segir að það verði hennar hlutverk að leiðbeina framboðum Bjartrar framtíðar í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Heiða Kristín segir að framkvæmdastjórn komi til með að raða á framboðslista fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor. -jme



**VILL VERA NÚMER EITT** S. Björn Blöndal hefur verið aðstoðarmaður Jóns Gnarr undanfarin ár. Nú stefnir hann að því að leiða nýjan lista Bjartrar framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Tímabil í stjórnmálasögunni sem vísað verður til



**SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR**

„Jón Gnarr sýndi fram á að menn þurfa ekki að vera sérfræðingar í pólitík til að geta komið fram og orðið fulltrúar fyrir hóp sem fól þeim umboð í kosningum,“ segir Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, stjórnsýslufræðingur og lektor við Háskóla Íslands. Hún segir að henni hafi þótt það góð lína hjá Jóni Gnarr að fela embættismönnum verkefni sem áður voru á hendi borgarstjóra.

„Stjórnmálamenn eiga að skapa og hafa tengsl við fólk. Þeir eiga að fjalla um hugmyndir, strauma og stefnur,“ segir Sigurbjörg. Hún segist hins vegar telja að það þurfi meira en einn mann til að koma á varanlegum breytingum í stjórnkerfi borgarinnar.

„Það er hins vegar ekki hægt að líta fram hjá því að Jón Gnarr hefur notið vinsælda sem stjórnmálamaður. Ég held að hann hafi markað spor og hann náði að marka þau vegna þess að við vorum að ganga í gegnum sérstaka tíma í íslenskri efnahags- og stjórnmálasögu. Það myndaðist gluggi til að gera eitthvað nýtt. Það nýtti Jón Gnarr sér með gríninu að vopni.

Menn eiga eftir að vísa til þessa tímabils sem Jón Gnarr var borgarstjóri og þeirrar nálgunar sem hann hafði á embættið,“ segir Sigurbjörg enn fremur. -jme



# NÝ JÓLASPIL SPILUM SAMAN UM JÓLIN

## JÓLASPIL ÁRSINS!
## KYNNINGARTILBOÐ

Nýtt



TILBOÐ
**4.999** KR
~~6.199~~




## ORÐALEIT - finndu flest orð og sigraðu!



TILBOÐ
**2.999** KR
~~3.799~~

### TÍMALÍNA
- getur þú raðað rétt niður í tíma?







Nýtt

TILBOÐ
**2.199** KR
~~2.799~~

### SVINDLANDI MÖLUR
- svindlaðu eins og þú getur, því svindl er leyfilegt... múha!



Nýtt

LazyTown Lúdó
**2.349**

LazyTown Stigaspil
**2.349**

## CATAN - krefjandi spil um viðskipti og völd!



Catan grunnspilið
**6.489**



Catan - Sæfarar
**6.489**



Catan - Borgir og riddarar
**6.489**



Catan - Kaupmenn og skrælingjar
**6.999**



Gildir til 7. nóvember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 23.10.13 – 29.10.13




1 Árleysi alda
Bjarki Karlsson




2 Maður sem heitir Ove
Fredrik Backman




3 Mánasteinn
Sjón




4 Glæpurinn Ástarsaga
Árni Þórarinsson




5 Iceland Small World - small ed.
Sigurgeir Sigurjónsson




6 Við Jóhanna
Jónína Leósdóttir




7 Grimmd
Stefán Máni




8 Amma glæpon
David Walliams




9 Höndin
Henning Mankell




10 Andköf
Ragnar Jónsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson


Sakborningar í máli sérstaks saksóknara koma til landsins síðla í nóvember:

# Lýður og Sigurður mættu ekki

**DÓMSMÁL** Lýður Guðmundsson, fyrrverandi stjórnarformaður Existu, og Sigurður Valtýsson, sem var annar forstjóra félagsins, mættu ekki við fyrirtöku á máli sérstaks saksóknara gegn þeim í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.

Til stóð að þingfesta ákæruna en verjendurnir Gestur Jónsson og Sigurmar K. Albertsson upplýstu að tvímenningarnir byggju báðir og störfuðu erlendis og hefðu ekki átt heimangengt. Þeir væru ekki væntanlegir til landsins fyrr en í síðari hluta nóvembermánaðar og fyrst þá gætu þeir mætt og tekið formlega afstöðu til ákæruatriðanna.

Í málinu er Lýður ákærður fyrir umboðssvik og brot á hlutafélagalögum og Sigurður fyrir hið síðarnefnda, vegna starfa þeirra sem stjórnarmenn í Vátryggingarfélagi Íslands (VÍS) á árinu 2008 og 2009.

Samkvæmt ákærunni létu þeir VÍS lána hvor öðrum tugi milljóna út úr VÍS, auk þess sem Lýður lét VÍS bjarga félagi svila Sigurðar frá þroti. **- sh**



**VERJENDUR ÁN SAKBORNINGA** Gestur og Sigurmar sögðu að skjólstæðingar þeirra væru væntanlegir frá útlöndum eftir nokkrar vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Á SÍLDVEIÐUM** Hér er skipið Ásgrímur Halldórsson við veiðar á Breiðafirði fyrir skömmu og er sem skipið hafi fest landfestar í fjörunni. MYND/GUÐLAUG SIGURÐARDÓTTIR

# Síldveiðum líkt við rússneska rúllettu

Síldarbátarnir á Breiðafirði fara upp í harða land til að ná síldinni sem liggur afar grunnt. Heimamenn óttast hið versta; skipsstrand og umhverfisslys. Skipstjóri segir gríðarlegt álag fylgja veiðunum og tekur undir áhyggjur heimamanna.

**ÖRYGGISMÁL** Íbúar við Breiðafjörð lýsa áhyggjum af veiðum síldarbáta uppi í harða landi. Skipstjóri segir veiðarnar gríðarlega erfiðar og þær valdi miklu álagi á sjómennina. Hann segir að lítið megi út af bera.

Símon Sturluson, sjómaður og bláskeljabóndi, gjörþekkir aðstæður á Breiðafirði þar sem síldarskipin hafa verið að veiðum og segir menn stunda rússneska rúllettu. Kastað sé á örgrunnu vatni þar sem svigrúm til veiðanna er lítið sem ekkert, örstutt frá landi.

„Ég held að skipstjórunum sé stýrt úr landi, og þeir vilji ekki stunda veiðar við þessar aðstæður. Ég hef heyrt í fjölda manns, bæði í landi og á skipunum, og þeim finnst þetta fáránlegt," segir Símon sem á hagsmuna að gæta. Skipin eru í orðsins fyllstu merkingu að snúast í kringum kræklingalínur fyrirtækisins Íslenskrar bláskeljar. Auk þess rær Símon á síld á litlum báti. „Það er auðvitað alvarlegast ef strandar þarna skip. Þá er allt ónýtt svo ég tali nú ekki um örninn og æðarfuglinn, svo fátt eitt sé nefnt."

Skip HB Granda, Lundey NS, tók niðri við síldveiðar á Breiðafirði á sunnudag. Skipið losnaði eftir að sjó var dælt úr kjölfestutönkum þess. Skipverjar voru að undirbúa fyrsta kast veiðiferðarinnar og nefndu að það hefði verð lán í óláni að nótin var ekki komin í sjóinn þegar skipið tók niðri.

Arnþór Hjörleifsson, skipstjóri á Lundey, segir áhyggjur fólks eðlilegar þegar skipin séu „... farin að teygja sig upp á einn faðm til að kasta nótinni. Fyrir okkur er þetta hrikalegt álag, það er bara þannig. Það má ekkert gerast og þá erum við komnir þarna upp í fjöru."

> **Fyrir okkur er þetta hrikalegt álag, það er bara þannig. Það má ekkert gerast og þá erum við komnir þarna upp í fjöru.**
>
> *Arnþór Hjörleifsson, skipstjóri á Lundey*

Heimamenn gera því skóna að ástæða sé til að banna veiðar síldarbátanna á þeim stöðum sem eru varasamastir til að minnka hættuna á slysum á Breiðafirði. Arnþór segist vel skilja að menn séu að ræða þann möguleika.

Spurður um hversu nærri landi menn fari tekur hann dæmi af eftirlitsmanni sem kom í land af síldarbáti á Grundarfirði. „Hann sagðist geta fullyrt að hann hefði getað stokkið í land með smá tilhlaupi á dekkinu," segir Arnþór.

**svavar@frettabladid.is**

Ríkisútvarpið leitar nýrra ljósa fyrir umdeilt langbylgjumastur á Eiðum:

# Telja viðvörunarljós óáreiðanleg

**SKIPULAGSMÁL** Ríkisútvarpið og Isavia leita nú lausna til að skipta út viðvörunarljósum á langbylgjumastrinu á Eiðum.

„Sveitarfélagið og nágrannar mastursins hafa frá því viðvörunarljósabúnaður var fyrst settur upp í því kvartað mjög undan honum," minnir bæjarráð Fljótsdalshéraðs á í tilefni bréfs RÚV þar sem upplýst er um stöðu mála vegna mastursins. Ljósagangin um frá því hefur verið lýst sem krampakenndum og ofursterkum.

Í bréfi RÚV segir að nú sé talið að ljósin hafi reynst of óáreiðanleg við íslenskt veðurfar. Markmiðið sé að finna áreiðanleg ljós sem ónáði ekki nágranna og þar sem flugöryggi sé ekki fórnað.

„Bæjarráð gerir þá kröfu sem fyrr, að viðkomandi búnaður verði lagaður án tafar, eða honum skipt út, enda ástand hans búið að vera óásættanlegt um áraraðir," undirstrika Héraðsbúar sem jafnframt ítreka óskir um að útvarpsstjóri komi til fundar við bæjaryfirvöld. **- gar**



**EIÐAR** Biluð ljós í langbylgjumastri hrella Héraðsbúa.


DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
krakka DAGAR
KAUPTU 1 FÁÐU 1 Á
HÁLF VIRÐI*
ALLUR BARNA-
FATNAÐUR & SKÓR
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
*Greitt er fullt verð fyrir dýrari flíkina
Opið 11 - 21 í dag
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## HEIMURINN




### Íslamisti handtekinn

**1** **EGYPTALAND** Essam el-Erian, næstæðsti leiðtogi Frelsis- og réttlætisflokksins, hefur verið handtekinn í Egyptalandi. Hann hefur verið á flótta frá því her landsins steypti stjórn Múhameds Morsí, leiðtoga flokksins, af stóli í byrjun júlí. Flokkurinn er pólitískur armur Bræðralags múslima, öflugustu samtaka íslamista í Egyptalandi. Morsi hefur sjálfur verið í stofufangelsi frá því honum var steypt af stóli.

### Mótmælir sultureglum

**2** **BRETLAND** Tessa Munt, þingkona í Bretlandi, hefur brugðist ókvæða við nýjum reglum um sultugerð þar í landi. Samkvæmt nýju reglunum hefur lágmarksmagn sykurs í sultu verið minnkað úr 60 prósentum niður í 50 prósent. Þetta er gert í þeim tilgangi að auðvelda sultuframleiðendum aðgang að erlendum mörkuðum. Munt segir þetta mikla óhæfu og telur að sultuframleiðendur muni nú setja óttalegt sull á markaðinn.



### Gíslar komnir heim

**3** **FRAKKLAND** Fjórir Frakkar eru komnir aftur heim til Frakklands eftir að hafa verið haldið í gíslingu herskárra íslamista, liðsmanna al-Kaída, í Norður-Afríku í þrjú ár. Mennirnir fjórir voru teknir í gíslingu í Níger, þar sem þeir störfuðu í úrannámu á vegum franska kjarnorkufyrirtækisins Avea. Þeir voru látnir lausir í Malí á þriðjudag.

# Yfir 100 á ári vinna af sér sekt með samfélagsþjónustu

Síðustu tíu ár hafa hundruð fengið að fullnusta refsingar vegna sekta eða sakarkostnaðar með samfélagsþjónustu. Fjöldinn er misjafn eftir árum. Ríkisendurskoðun vill hámark á upphæðir sem hægt er að vinna af sér.

**FRÉTTASKÝRING**
Er hægt að vinna af sér dómsektir með samfélagsþjónustu?

Um það bil 1.700 manns eiga von á því að verða færðir til afplánunar án fyrirvara þar sem fyrir þeim liggur afplánun vararefsingar þar sem þeir hafa ekki greitt sektir eða sakarkostnað, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu nýverið. Fyrir þeim liggja aðeins tveir kostir; að greiða sektina eða afplána í fangelsi, þar sem þeir hafa fyrirgert þeim möguleika að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.

Nú liggur fyrir ákvörðun um afplánun vararefsingar fyrir 3.162 einstaklinga alls og 1.975 manns hefur þegar verið birt boðun. Af þeim fjölda hafa 520 sótt um afplánun með samfélagsþjónustu og 283 hafa fengið umsókn sína samþykkta.

Samkvæmt reglum um samfélagsþjónustu í stað þess að sitja af sér fésekt eru ýmis skilyrði sem viðkomandi þarf að uppfylla. Í fyrsta lagi skulu almannahagsmunir ekki mæla gegn því, en annars skal fésektin vera 60.000 krónur eða hærri og vinnan vera allt frá 40 klukkustundum upp í 480 stundir.

Viðkomandi verður að óska skriflega eftir því að fá samfélagsþjónustu innan sjö daga frá því að honum berst tilkynning um afplánun. Þá má ekki vera mál gegn honum til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum og hann má ekki þegar vera í fangelsi eða gæsluvarðhaldi.

Síðustu ár hafa á bilinu 115 til 160 manns fengið að fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu ár hvert, samkvæmt tölum frá Fangelsismálastofnun. Þó er fjöldinn misjafn milli ára, en flestir fengu slíkt í gegn árið 2003 þegar 206 fóru þessa leið en fæstir voru þeir árið 2011, eða 52.

Í ársgamalli skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur meðal annars fram það álit að óeðlilegt sé að vararefsing fésekta sé fullnustuð með samfélagsþjónustu í eins ríkum mæli og raun ber vitni. Þetta gæti átt þátt í því hve lítill hluti dómssekta innheimtist.

Þá sé óeðlilegt að sektardómar upp á tugi milljóna króna séu að öllu leyti fullnustaðir með þessu fyrirkomulagi.

Var því mælst til þess að takmarka slíkar heimildir, til dæmis með því að miða einnig við hámark sektarfjárhæðar, en ekki bara lágmark. thorgils@frettabladid.is



**HEGNINGARHÚSIÐ** Á hverju ári fær á annað hundrað einstaklinga að vinna af sér sektir í samfélagsþjónustu í stað þess að afplána í fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### HVERNIG ER ÞJÓNUSTAN REIKNUÐ ÚT?

**Útreikningur tíma í afplánun með samfélagsþjónustu er með eftirfarandi hætti:**

$$\frac{\textbf{Vararefsing (dagar í fangelsi) x 40}}{\textbf{30}} = \textbf{Tímar í samfélagsþjónustu}$$

**Dæmi:** 150 daga vararefsing í fangelsi

$$\frac{150 \times 40}{30} = \textbf{200} \text{ Tímar í samfélagsþjónustu}$$

*(Heimild: Ríkisendurskoðun)*

### ➜ Áhersla á önnur úrræði en fangelsi



**Páll Winkel** fangelsismálastjóri segir aðspurður að vissulega sé æskilegt að fleiri geti unnið af sér refsingu með samfélagsþjónustu.

„Jú, við lögðum til fyrir tveimur árum að hægt væri að afplána allt að níu mánaða fangelsi með samfélagsþjónustu, sem Alþingi samþykkti. Nú höfum við lagt til að það verði hækkað upp í tólf mánuði og það bíður afgreiðslu þingsins."

Páll bætir því við að Fangelsismálastofnun leggi áherslu á að beita öðrum fullnustuúrræðum en að loka menn inni í fangelsi, en í sumum tilvikum sé ekki annað hægt.

**283**
hafa fengið samþykkta umsókn sína um að afplána vararefsingu með samfélagsþjónustu.



**KONA UNDIR STÝRI** Langt frá því algeng sjón í Sádi-Arabíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kvennabarátta í Sádi-Arabíu:

## Handtekinn fyrir stuðning

**SÁDI-ARABÍA, AP** Sádiarabískur rithöfundur, Tariq al-Mubarak, hefur verið handtekinn og yfirheyrður um meinta aðild sína að herferð sádiarabískra kvenna, sem á laugardag hvöttu hver aðra til að setjast undir stýri á bifreið.

Al-Mubarak hefur opinberlega stutt þessa réttindabaráttu kvenna og skrifaði meðal annars pistil um það í dagblaðið Ashark al-Avsat á laugardag.

Þar sagði hann öfgamenn ógna fólki í von um að það þori ekki að nýta sér lögskipuð réttindi sín. - gb

HB Grandi kaupir á Akranesi:

## Styrkja fullvinnslu afurða

**SJÁVARÚTVEGUR** HB Grandi kaupir allt hlutafé í fyrirtækinu Vignir G. Jónsson, sem er rúmlega 40 ára gamalt fyrirtæki á Akranesi sem sérhæfir sig í fullvinnslu á hrognum. Árið 2012 nam velta félagsins 2,4 milljörðum króna.

Með kaupunum er HB Grandi að styrkja rekstur félagsins og taka frekari þátt í að fullvinna fiskafurðir.

Eigendur Vignis G. Jónssonar munu stýra félaginu áfram og reka það í óbreyttri mynd en möguleikar á samlegð, eins og til dæmis við sölu afurða, verða nýttir í framhaldi af kaupunum. - shá




Yfir milljón hefur horft á auglýsingu sem Neytendastofa hefur nú bannað:

# Banna vinsæla símaauglýsingu

**NEYTENDUR** Auglýsing Tæknivara sem bar yfirskriftina „Sími sem skilur þig" hefur verið bönnuð. Neytendastofu barst kvörtun frá Skakkaturninum, sem flytur inn vörur frá vörumerkinu Apple, fyrr á árinu. Í auglýsingunni umdeildu var auglýstur Samsung Galaxy S4 farsími.

Auglýsingin varð gríðarlega vinsæl á Youtube, meðal annars hefur yfir ein milljón horft á hana.

Skakkiturninn kvartaði einnig undan því að kind í auglýsingunni væri niðrandi tilvísun í Apple-vörur, en Neytendastofa féllst ekki á það. Aftur á móti var fallist á það að setningin „fáðu þér síma sem skilur þig" væri sett þannig fram að skilja mætti að símar frá vörumerkinu Apple skildu ekki íslensku.

Hvergi kom fram í auglýsingunni að verið væri sérstaklega að auglýsa nýja máltækni Samsung Galaxy S4 farsíma sem skildu talað íslenskt mál eins og haldið var fram í málsvörn Tæknivara. Neytendastofa taldi auglýsinguna því vera villandi og ósanngjarna gagnvart keppinaut Tæknivara. -vg



**UMDEILD AUGLÝSING** Vel yfir milljón manns hafa horft á auglýsinguna á Youtube sem hefur verið bönnuð.

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET




# 2.990 ÞÚS. KR.

## BESTU BÍLAKAUPIN Í DAG*




EINNIG FÁANLEGUR 1.7 L DÍSEL
4.5 l/100 km
Í BLÖNDUÐUM AKSTRI

## CHEVROLET CRUZE

Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá fallegasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar. Komdu í heimsókn og kynntu þér þennan glæsilega bíl. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn frá Chevrolet – á enn lægra verði.

EURO NCAP www.euroncap.com TEST 2011

Chevrolet Cruze LT 1.8 l • bensín • bsk
**Verð aðeins: 2.990 þús. kr.**

Aksturstölva • bakkskynjarar • bluetooth • hraðastillir • hiti í sætum • loftkæling
ESP skriðvörn • leðurstýri og fleira • kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á benni.is

*Chevrolet Cruze er ódýrasti bíllinn í sínum stærðarflokki

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Dæmdur til þess að borga:

# Þarf að greiða níu milljónir

**DÓMSTÓLAR** Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær til þess að greiða verktakanum Fonsa tæplega níu milljónir króna. Fyrirtækið steypti upp hús hans í Kópavogi en Kári neitaði að greiða fyrir verkið þar sem hann taldi fyrirtækið ofrukka fyrir framkvæmdina. Kári hefur áður verið dæmdur fyrir að greiða ekki verktökum vegna vinnu þeirra við sama hús. - vg

Skólamáltíðir leik- og grunnskólabarna hækka í verði á næsta ári:

# Hækka til að mæta kostnaði

**REYKJAVÍK** Skólamáltíðir hækka um þúsund krónur á næsta ári samkvæmt nýrri gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 og munu kosta 7.600 krónur á mánuði. Hækkunin á bæði við um leikskóla og grunnskóla og er sögð vera til að mæta hækkun á hráefniskostnaði.

„Hráefniskostnaður frá árinu 2008 hefur hækkað um 45-85 prósent og við þurfum að mæta þessari hækkun ef við ætlum að bjóða upp á gæðamat,“ segir Helga Sigurðardóttir, gæðastjóri Reykjavíkurborgar. Hún segir gæðastýringu vera mikilvæga og með nýju kerfi sem verið er að innleiða í borginni munu máltíðirnar vera næringarreiknaðar.



**„Við þurfum að mæta þessari hækkun ef við ætlum að bjóða upp á gæðamat.**

*Helga Sigurðardóttir, gæðastjóri Reykjavíkurborgar*

Misjafnt er hvað sveitarfélög greiða skólamáltíðir mikið niður. Reykjavíkurborg niðurgreiðir um 50 prósent leikskólamáltíða og um 40 prósent af mat í grunnskólum. Með nýrri gjaldskrá mun máltíðin kosta 380 krónur. Börnin í grunnskólanum í Vogum á Vatnleysuströnd fá ókeypis máltíð, í Reykjanesbæ kostar máltíðin 290 krónur og í Kópavogi 415 krónur. - ebg

Fimm handteknir í Kína:

# Sakaðir um hryðjuverk

**KÍNA, AP** Fimm manns hafa verið handteknir í Kína og sakaðir um aðild að sjálfsvígsárás á Torgi hins himneska friðar í Peking fyrr í vikunni.

Á mánudaginn var bifreið ekið inn í mannfjölda á torginu, með þeim afleiðingum að fimm létust og nokkrir tugir slösuðust.

Hinir handteknu eru allir taldir vera Úígúrar, en aðskilnaðarhreyfing Úígúra hefur lengi barist gegn yfirráðum Kínverja í Xinjiang-héraði. - gb



**Í FAÐMI FJÖLSKYLDUNNAR** Omar Masúd er fertugur og kominn heim til fjölskyldunnar eftir að hafa setið tuttugu ár í fangelsi fyrir að verða ísraelskum lögfræðingi að bana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelar létu 26 palestínska fanga lausa:

# Landtökumönnum leyft að byggja meir

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld höfðu ekki fyrr látið 26 Palestínumenn lausa en gefin var út ný byggingarheimild til ísraelskra landtökumanna í austanverðri Jerúsalem.

Fangarnir voru látnir lausir í gærmorgun samkvæmt samkomulagi við Palestínumenn, sem gert var í von um að koma friðarviðræðum af stað á ný. Þetta er annar fangahópurinn af fjórum sem fær frelsið.

Ákvörðunin hefur vakið reiði margra í Ísrael, en á móti njóta byggðir landtökumanna á svæðum Palestínumanna víðtæks stuðnings meðal Ísraela. - gb




## NJÓSNIR BANDARÍKJAMANNA Í EVRÓPU

**Frá því í sumar hafa fjölmiðlar birt ógrynni upplýsinga um njósnastarfsemi bandarísku leyniþjónustunnar, meðal annars í Evrópulöndum. Meirihluti upplýsinganna er fenginn úr skjölum sem bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden lak til fjölmiðla. Meðfylgjandi samantekt er ekki tæmandi.**

### Bretland

**1. ágúst**
The Guardian fullyrðir að NSA hafi greitt GCHQ* alls 255 milljónir dala frá árinu 2010. Ástæðan sé sú að bresk lög veiti víðtækari heimildir til njósna en bandarísk lög.

### Þýskaland

**20. júní**
Þýska vikuritið Der Spiegel fullyrðir að bandaríska leyniþjónustan NSA* fylgist með 20 milljón símtölum og 10 milljón netsamskiptum á degi hverjum í Þýskalandi.

**20. júlí**
Der Spiegel fullyrðir að þýska leyniþjónustan sé í nánu samstarfi við bandarísku leyniþjónustuna um eftirlit með samskiptum fólks í Þýskalandi.

**2. ágúst**
Þýska dagblaðið Die Süddeutsche Zeitung fullyrðir að sjö þýsk farsímafyrirtæki útvegi GCHQ aðgang að net- og símasamskiptum almennings.

**26. október**
Der Spiegel fullyrðir að NSA hafi fylgst með símtölum Merkel kanslara allt frá árinu 2002. Bandaríkjamenn neita að Obama forseti hafi vitað af því.

### Frakkland

**20. júní**
Breska dagblaðið The Guardian fullyrðir að NSA hafi njósnað um sendiráð Frakklands í Bandaríkjunum.

**4. júlí**
Franska dagblaðið Le Monde fullyrðir að franska leyniþjónustan hafi í tvö ár fylgst með langflestum símtölum og netsamskiptum í Frakklandi.

**21. október**
Le Monde fullyrðir að NSA hafi stundað víðtækar njósnir í Frakklandi. Meðal annars hafi 70 milljón tölvupóstar og símtöl verið hleruð á eins mánaðar tímabili um síðustu áramót. Einnig hafi NSA fylgst með frönskum stjórnarerindrekum í Bandaríkjunum.




**Heimildir:** The Guardian, Der Spiegel, The Voice of Russia, Electronic Frontier Foundation

### Ítalía

**20. júní**
The Guardian fullyrðir að NSA hafi njósnað um sendiráð Ítalíu í Bandaríkjunum.

**24. október**
Ítalska dagblaðið L'Espresso fullyrðir að NSA og GCHQ hafi fylgst með samskiptum milljóna manna á Ítalíu, þar á meðal með samskiptum ráðamanna og fyrirtækja.

### Belgía

**29. júní**
Der Spiegel fullyrðir að NSA hafi verið með njósnir í höfuðstöðvum Evrópusambandsins í Brussel, auk þess sem njósnað hafi verið á sendiskrifstofum ESB í Washington.

**17. september**
Der Spiegel fullyrðir að GCHQ hafi reynt að komast inn í belgíska símafyrirtækið Belgacom til að njósna. Einnig hafi bæði NSA og hugsanlega ísraelska leyniþjónustan stundað netnjósnir í Belgíu.

### Spánn

**28. október**
Spænska dagblaðið El mundo fullyrðir að NSA hafi fylgst með 60 milljón símtölum, smáskilaboðum og tölvupóstum á Spáni á tímabilinu frá 19. desember 2012 til 8. janúar 2013. Spænskir ráðherrar og þingmenn hafi verið meðal þeirra, sem fylgst var með.

### Annað

**24. október**
The Guardian fullyrðir að NSA hafi hlerað símtöl 35 þjóðarleiðtoga. Enginn þeirra er þó nafngreindur í skjalinu, sem blaðið vitnað til.

**16. júní**
The Guardian fullyrðir að bæði bandaríska og breska leyniþjónustan hafi fylgst með leiðtogum á fundi G20 ríkjanna árið 2009.

**20. júní**
The Guardian fullyrðir að NSA hafi njósnað um 38 erlend sendiráð og ræðismannsskrifstofur í Bandaríkjunum, þar á meðal sendiráð Frakklands, Ítalíu og Grikklands.

*NSA: Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (National Security Agency)
**GCHQ: Höfuðstöðvar fjarskiptadeildar bresku leyniþjónustunnar (Government Communications Headquarters)

# Ætla ekki að láta forseta stjórna sér

**Stjórnendur bandarísku leyniþjónustunnar virðast ekkert sjá athugavert við að njósna um leiðtoga vinveittra ríkja, jafnvel þótt Obama forseti vilji nú stöðva allt slíkt. Njósnirnar séu bráðnauðsynlegar og hvort sem er stundaðar á báða bóga.**

**BANDARÍKIN** James Clapper, leyniþjónustustjóri Bandaríkjanna, segir ekki nema eðlilegt að Bandaríkjamenn njósni um leiðtoga vinveittra ríkja. Önnur ríki geri það hvort sem er, þannig að þetta séu gagnkvæmar njósnir.

Auk þess sé þessi starfsemi bráðnauðsynleg: „Við getum ekki beðið alríkislögregluna um að hafa uppi á hryðjuverkamönnum sem eru að skipuleggja árásir, og útvega henni svo ekki þær upplýsingar sem hún þarf til þess,“ sagði Clapper í yfirheyrslu hjá leyniþjónustunefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings á þriðjudag.

Í þau fimmtíu ár, sem hann hefur starfað við leyniþjónustu, hafi það verið grundvallaratriði að njósnað væri um leiðtoga annarra ríkja til að kanna hvort það sem þeir segja opinberlega sé í samræmi við það sem raunverulega er að gerast.



**BARRACK OBAMA**

Þessi ummæli hans stangast algerlega á við viðbrögð Baracks Obama Bandaríkjaforseta sem nú boðar heildarendurskoðun á starfsemi bandarísku leyniþjónustunnar. Sér í lagi verði nú hætt að njósna um leiðtoga vinveittra ríkja.

Viðbrögð Obama koma í beinu framhaldi af linnulitlum fréttaflutningi undanfarinna mánaða um víðtæka njósnastarfsemi Bandaríkjanna, en sá fréttaflutningur er að mestu byggður á skjölum sem uppljóstrarinn Edward Snowden hefur lekið til fjölmiðla.

Dianne Feinstein, formaður leyniþjónustunefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings, hefur brugðist hart við þessum fréttaflutningi. „Hvað varðar upplýsingasöfnun NSA um leiðtoga vinaþjóða Bandaríkjanna – þar á meðal Frakklands, Spánar, Mexíkó og Þýskalands – þá leyfið mér að taka fortakslaust fram: Ég er algerlega andvíg því,“ sagði hún í yfirlýsingu, sem hún sendi frá sér fyrr í vikunni.

Þessar mótsagnir hafa vakið athygli fjölmiðla í Evrópu, sem benda á að bandaríska leyniþjónustan virðist fara sínu fram án minnsta tillits til vilja forseta síns og þingmanna.

gudsteinn@frettabladid.is

HR
HELENA RUBINSTEIN

POWER BEAUTY
SINCE 1902



FRUMKVÖÐULL
Í HÖNNUN FARÐA




FARÐI SEM „KLÓNAR“
NÁTTÚRULEGAN LIT OG VEITIR
FULLKOMNA ÁFERÐ

ÓTRÚLEG ENDING OG
FRÍSKLEGARI HÚÐLITUR

YNGINGARKRAFTUR OG
FULLKOMIN HÚÐ

# HELENA RUBINSTEIN KYNNING
# Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRA, GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM 31. OKTÓBER – 6. NÓVEMBER.

## 20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM HR FÖRÐUM

**Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir 1 HR krem eða 2 eða fleiri HR vörur:**




* Gildir ekki með blýöntum eða Nudit. Gildir meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



ENNEMM / SÍA / NM59911


Eftir að hafa verið hluti af fjölskyldunni
í áraraðir vitum við að allt getur gerst
ÞESS VEGNA ER F PLÚS VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN Á ÍSLANDI
Best er auðvitað að fyrirbyggja slysin. En eins og við vitum eru nánast engin takmörk fyrir því óvænta sem getur komið upp á. F plús veitir víðtæka tryggingavernd sem sniðin er að breytilegum þörfum fjölskyldunnar á hverjum tíma. Njótum lífsins áhyggjulaus með F plús fjölskyldutryggingu.
VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.
VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS



**„Gott er fyrir fjölskylduna að uppgötva netið sameiginlega. Reynið að finna vefsíður sem eru bæði spennandi og skemmtilegar og við hæfi barna. Gerið samkomulag við börnin um hvernig fara á með persónulegar upplýsingar og hvernig koma á fram við aðra á netinu.**

*Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.*

# Skólahljómsveitir í Reykjavík



Fjórar skólahljómsveitir eru í Reykjavík og þótt talsvert sé liðið á haustönn er enn hægt að byrja sé laust pláss í viðkomandi skóla, að sögn Vilborgar Jónsdóttur, hljómsveitarstjóra Skólahljómsveitar Austurbæjar. „Ég geri ekki ráð fyrir að greiða þurfi fyrir haustönnina ef nemandi byrjar núna. Ef byrjað er eftir áramót þá er greitt hálft gjald,“ segir hún. Í skólahljómsveitum er kennt á öll helstu málm- og tréblásturshljóðfæri auk slagverkshljóðfæra. Hægt er að leigja hljóðfæri hjá sveitunum. Gjald fyrir báðar annir er 25.000 kr. samkvæmt upplýsingum á vef Reykjavíkur. Hljóðfæraleiga er 7.500 kr. Hægt er að nýta frístundakortið til að greiða skólagjöld.

# Meira C-vítamín í frystu spergilkáli



Það getur liðið mánuður frá uppskeru þar til ávextir og grænmeti komast í hendur neytenda. Á því tímabili tapast mörg næringarefni. Tapið verður minna sé varan fryst fljótt eftir uppskeru. Í grein í Daily Mail segir að ferskt sé ekki alltaf best. Þar er vitnað í rannsókn breskra vísindamanna sem báru saman næringargildi grænmetis og ávaxta sem höfðu verið í ísskáp í þrjá daga við næringargildi sams konar matvæla í frysti.

Meira C-vítamín, lútein og betakarótín reyndist vera í frystu spergilkáli en í fersku. Í fersku spergilkáli var hins vegar meira magn pólýfenóla. Meira magn var af andoxunarefnum og vítamínum í frystum bláberjum en ferskum. Við rannsókn á frystum og ferskum hindberjum fannst ekki munur á magni næringarefna. Aðferðir framleiðenda við frystingu eru misjafnar og mögulega er greint frá því á umbúðum hvernig meðferð ávextirnir og grænmetið hafa fengið.






**Á SKÓLALÓÐ** Börn með slaka félagsfærni eru oft vinafá og upplifa litla leikgleði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Iðjuþjálfar kenna börnum félagsfærni

Slök félagsfærni getur leitt til eineltis, að mati iðjuþjálfa. Of mikið er um að börn eigi í erfiðleikum með samskipti. Góð reynsla er af því að þjálfa félagsfærni með leik.

„Það er jafn mikilvægt að læra félagsfærni og stærðfræði og sund.“ segir Harpa María Örlygsdóttir, iðjuþjálfi og íþróttakennari, sem starfar á Æfingastöðinni sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra á og rekur.

Harpa segir of mikið um að börn eigi í erfiðleikum með félagsleg samskipti. „Það getur valdið þeim mikilli vanlíðan og haft heilmikil áhrif á fjölskyldur þeirra og daglegt líf. Börn með slaka félagsfærni eru oft vinafá, með lítið sjálfstraust og upplifa litla leikgleði. Ég held að einelti geti að miklu leyti stafað af skorti á félagsfærni hjá bæði gerendum og þolendum.“

Flest börn læra félagsfærni af foreldrum, systkinum, kennurum, vinum og ættingjum, að sögn Hörpu. „Þau læra sjálfkrafa viðurkennda hegðun og eru ekkert að spá í þær óskrifuðu reglur sem fylgja því að vera þátttakandi í samfélaginu. Önnur börn eiga erfiðara með að læra þessa hegðun og sýna því oftar óæskilega hegðun í samskiptum. Þau þurfa því beina kennslu og þjálfun í félagsfærni,“ segir Harpa.

Hún tekur það fram að ekki sé hægt að ætlast til að öll börn læri félagsfærni af því einu að umgangast annað fólk. „Það væri eins og að kenna barni að synda með því að kasta því í djúpu laugina. Það er margt sem hefur áhrif á getu barna til að læra félagsfærni, svo sem menningarmunur, fjölskylduhagir, persónueiginleikar og meðfæddar raskanir.“

Á Æfingastöðinni eru haldin námskeið í félagsfærni fyrir börn frá fimm ára aldri til 14 ára. Flest börnin sem koma þangað eru með einhver frávik, að sögn Hörpu. „Reynslan af því að þjálfa börn í gegnum leik er góð. Mikilvægi leiks er oft vanmetið. Börnin læra að skiptast á, fylgja fyrirmælum og reglum, tjá sig í hóp, taka tillit til annarra, einbeita sér, leysa verkefni og ágreining og sýna samkennd, svo eitthvað sé nefnt.“



**„Reynslan af því að þjálfa börn í gegnum leik er góð.**

*Harpa María Örlygsdóttir, iðjuþjálfi og íþróttakennari*

Harpa segir fátt betra en að sjá glöð og ánægð börn. „Þar er hrósið stærsta vopnið enda hefur það verið kallað vítamín sálarinnar. Foreldrar, kennarar, iðjuþjálfar og annað fagfólk þarf að halda áfram að vinna saman til að stuðla að auknum lífsgæðum barna.“ ibs@frettabladid.is

Niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Háskólann í Ósló:

# Paracetamol getur skaðað fóstur

Þriggja ára börn mæðra sem neytt höfðu verkjalyfsins paracetamols lengur en í 28 daga á meðgöngu voru með atferlisvanda og minni færni í grófhreyfingum en samanburðarhópur. Þetta eru niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Háskólann í Ósló í Noregi.

Á heimasíðu háskólans er haft eftir Ragnhild Eek Brandlistuen að faraldsfræðilegar rannsóknir eins og þessi segi til um fylgni en ekki sé sýnt fram á beint orsakasamband. Um sé að ræða fyrstu rannsóknina í heimi sem sýni þessar niðurstöður og þörf sé á frekari rannsóknum. Hún hvetur til hóflegrar neyslu paracetamols á meðgöngu eins og annarra verkjalyfja. Paracetamol eigi áfram að vera fyrsti valkostur sé þörf á verkjalyfi stöku sinnum. Greint er frá því að samsvarandi langtímaáhrif á börn hafi ekki fundist vegna notkunar ibuprofens.

Vísindamennirnir báru saman tæplega þrjú þúsund börn sem höfðu fengið paracetamol í móðurkviði við systkin af sama kyni sem ekki höfðu fengið verkjalyfið.



**MEÐGANGA** Konur taka oft paracetamol við höfuðverk, bakverkjum, hita og grindargliðnun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vinkvennakvöld Garðheima

*...forleikur að jólunum*




Fimmtudaginn 31 október verður vinkonustemning í Garðheimum. Þá fara Garðheimar í sinn sparilegasta búning og fagna öllum konum. Um kvöldið verður Skandinavískur jólainnblástur allsráðandi með gleði, fegurð og huggulegheitum í fararbroddi. Jólalínan í heimilisvörum 2013 verður frumsýnd ásamt nýjum útfærslum í aðventu- og ljósaseríuskreytingum. Sýnikennslur, hugmyndir og góð ráð í hverju horni.

## FIMMTUDAGINN 31 OKTÓBER FRÁ 19:00 TIL 21:00



KYNNIR KVÖLDSINS - BJÖRN BRAGI

» **Fordrykkur** í boði Ölgerðarinnar

» **Tískusýning** frá Spiral design

» Nýjar línur í **jóla- og aðventuskreytingum**

» **Steinar Baldursson** tekur lagið




» Nýtt frá **Heklu + Jónsdóttir & co**

» **Fröken Fix** – ný bók og góð ráð

» Tinktúrur **Önnu Rósu** grasalæknis

» **Sóley** snyrtivörukynning

» **Soffía frá skreytumhus.is** með skemmtilegar hugmyndir

» Fjöldi annarra kynninga!

HAUGEN-GRUPPEN EHF
Wine & Spirits

## LUKKUPOTTURINN

Glæsilegir vinningar dregnir út allt kvöldið - svo sem:

» Superior class gisting fyrir 2 með morgunverði

» Kvöldverður fyrir 2 á jólahlaðborði Turnsins

» Vinkonupakki á hádegis jólahlaðborð fyrir 4 á Spírunni

» Lifandi jólatré að eigin vali

» Glæsileg jóla/aðventuskreyting

## BJÓDDU VINKONU ÞINNI MEÐ OG NJÓTIÐ KVÖLDSINS MEÐ OKKUR!

**Frá 12 til 19 verður 2 fyrir 1**

af sérstökum vinkvennamatseðli á Spírunni

» Five Spice andasalat

» Humarsalat í Miðausturlanda stíl

» Sesar kjúklingasalat

» Himnesk sellerírótarsúpa fylgir öllum salötum

GARÐHEIMAR
*fjölskyldufyrirtæki í 22 ár*

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Tryggingarnar bæta tjón vegna eldstæða

Hefðbundnar heimilistryggingar bæta tjón sem verður á innbúi og greiða sjúkrakostnað vegna slysa sem tengjast eldstæðum. Yfirverkfræðingur Mannvirkjastofnunar segir etanól-eldstæði vera stórhættuleg og varar við rangri notkun þeirra.

„Þegar það verður sprenging eða eldur kviknar út frá eldstæðum þá er enginn vafi á því að hefðbundnar heimilistryggingar ættu að bæta það tjón sem verður á innbúi og einnig greiða sjúkrakostnað vegna slysa upp að vissu hámarki,“ segir Geirarður Geirarðsson, forstöðumaður eignatjóna hjá Sjóvá, spurður hvort hefðbundnar heimilistryggingar bæti tjón eins og það sem varð í Hveragerði síðastliðinn laugardag þegar sjö manns slösuðust og innbú skemmdist þegar sprenging varð vegna etanól-eldstæðis.

„Ef tjón verður á fasteigninni sjálfri myndi það falla undir lögboðna brunatryggingu,“ segir Geirarður.

Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur Mannvirkjastofnunar, sem fer fyrir eldvarnarsviði stofnunarinnar, segir etanól-eldstæði vera stórhættuleg.

„Við sjáum eitt til tvö slæm slys tengd etanól-eldstæðum á hverju ári og heyrum einnig af mörgum smávægilegri slysum sem koma ekki inn á okkar borð,“ segir Guðmundur.

Hann segir að slys sem þessi geti aðallega orðið með tvennum hætti.

„Í fyrsta lagi verða slys þegar etanóli er hellt á heit eldstæði. Í öðru lagi þegar eldsneytinu er hellt framhjá skálinni og það fer niður í botn eldstæðisins þar sem það gufar upp og þá getur kviknað í gufunum og sprenging orðið.“

Guðmundur segir fólk einnig þurfa að varast slys sem tengjast öðrum eldstæðum en þeim þar sem etanóli er brennt.

„Flest slys í tengslum við hefðbundnar kamínur verða þegar reykháfar eru ekki nógu vel einangraðir þegar þeir fara í gegnum þök og veggi. Þá getur hitinn frá reykháfnum kveikt í nærliggjandi timbri,“ segir hann og bætir því við að slys geti einnig orðið þar sem kamínur eru settar alveg upp að vegg í námunda við brennanleg efni.

„Það sama á við þegar hefðbundnir innbyggðir arnir eru of efnislitlir þannig að fjarlægð út í brennanleg efni er of lítil.“

Spurður um hvar fólk geti nálgast upplýsingar um þær hættur sem fylgja eldstæðum bendir Guðmundur á að seljendur eldstæða séu skyldugir til að láta leiðbeiningar fylgja með kaupum á þeim.

„Síðan höfum við verið með leiðbeiningar inni á síðu Mannvirkjastofnunar og eftir þetta atvik í Hveragerði settum við meiri kraft í þær og ætlum að setja nákvæmari leiðbeiningar um hvað fólk eigi að forðast þegar kemur að meðhöndlun þessara eldstæða.“

**haraldur@frettabladid.is**



**ELDSTÆÐI** Síðastliðinn laugardag varð sprenging í íbúðarhúsnæði í Hveragerði vegna etanól-eldstæðis. MYND/STÖÐ2

> **Við sjáum eitt til tvö slæm slys tengd etanól-eldstæðum á hverju ári og heyrum einnig af mörgum smávægilegri slysum sem koma ekki inn á okkar borð.**
>
> *Guðmundur Gunnarsson yfirverkfæðingur Mannvirkjastofnunar*

Könnun Neytendasamtakanna á þjónustu bankanna í gegnum síma:

# Það kostar að hringja í banka

Munur er á gjöldunum sem bankarnir taka fyrir upplýsingar sem veittar eru viðskiptavinum símleiðis, að því er kemur fram í frétt á heimasíðu Neytendasamtakanna. Þar segir að allir bankarnir segist upplýsa viðskiptavini um að gjald sé tekið þegar þeir ætla að millifæra eða fá upplýsingar um færslu og stöðu.

Jafnframt sé viðskiptavinum bent á að hægt er að fá upplýsingar um stöðu og færslur reikninga og millifæra endurgjaldslaust í gegnum þjónustusíma bankanna, 515-4444. Þjónustusíminn er þó með þeim annmörkum að hægt er að millifæra á milli eigin reikninga og á 5 forvaldar kennitölur en ekki á hvaða aðila sem er.

Það er Reiknistofa bankanna sem veitir þessa þjónustu en til að geta nýtt hana þarf viðkomandi í upphafi að hafa samband við sinn banka. Þeir sem eru með heimabanka geta að sjálfsögðu millifært á aðra reikninga sér að kostnaðarlausu, segir í frétt Neytendasamtakanna.

Samtökin gera í sjálfu sér ekki athugasemdir við gjaldtöku fjármálafyrirtækja sé gjaldtakan í samræmi við raunkostnað við þjónustuna og neytendur upplýstir um hana. Bent er á að nokkur munur sé á upphæð gjaldsins milli banka og megi velta fyrir sér hvort alltaf sé um sannanlegan raunkostnað að ræða. Fólk er svo hvatt til að fylgjast vel með því hvort upplýsingar um gjaldtökuna komi fram í símtalinu. Þá telja Neytendasamtökin í raun að það sé sjálfsagður þáttur í þjónustu bankanna að fólk geti, sér að kostnaðarlausu, beint einföldum fyrirspurnum, eins og um stöðu á reikningi, til viðskiptabanka síns.

**- ibs**



**KOSTNAÐUR** Neytendasamtökin segja það eiga að vera sjálfsagðan þátt í þjónustu banka að hægt sé að fá upplýsingar um stöðu á reikningi án endurgjalds.

## Dæmi um gjöld

| | Arion banki | Íslandsbanki | Landsbankinn | MP banki | Sparisjóðirnir |
|---|---|---|---|---|---|
| Upplýsingar um stöðu | 75 kr. | 95 kr. | 95 kr. | 350 kr. | 100 kr. |
| Millifærsla | 120 kr. | 125 kr. | 100 kr. | 350 kr. | 200 kr. |

*Heimild: Neytendasamtökin*

SUBARU
Confidence in Motion

SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR
Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru




Subaru Outback 2.0TD, sjálfskiptur, dísil
Verð: 6.990.000 kr.
6,4 l / 100 km
í blönduðum akstri



Subaru Forester PREMIUM, sjálfskiptur
Verð: 5.790.000 kr.
6,5 l / 100 km
í blönduðum akstri



Subaru XV 2.0i, sjálfskiptur
Verð: 5.390.000 kr.
6,6 l / 100 km
í blönduðum akstri

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

ENNEMM / SÍA / NM58711

EYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREY




# BORÐSTOFUSTÓLADAGAR

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BORÐSTOFUSTÓLUM ÞESSA VIKU*

### FULL BÚÐ AF NÝJUM OG FALLEGUM BORÐSTOFUSTÓLUM

AFSLÁTTUR 2.000 KRÓNUR!

**PIANA**
Ljós-grátt áklæði.
**TILBOÐSVERÐ: 7.990 KR.**
Fullt verð 9.990

AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!

**ILJANA**
PU-svart. Svart lakkaðir viðarfætur.
**TILBOÐSVERÐ: 9.900 KR.**
Fullt verð 15.990

AFSLÁTTUR 3.000 KRÓNUR!

**KITOS**
PU-svart og hvítt. Krómfætur.
**TILBOÐSVERÐ: 10.990 KR.**
Fullt verð 13.990

AFSLÁTTUR 4.000 KRÓNUR!

**ASAMA**
PU-svart og hvítt. Krómfætur.
**TILBOÐSVERÐ: 11.990 KR.**
Fullt verð 15.990

AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!

**ANDREW**
Svart, hvítt og brúnt leður.
**TILBOÐSVERÐ: 13.990 KR.**
Fullt verð 19.990

AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!

**ATHENA**
Ljóst og steingrátt áklæði. Viðarfætur.
**TILBOÐSVERÐ: 23.990 KR.**
Fullt verð 29.990

AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!

**MANTONI**
PU-grátt. Viðarfætur.
**TILBOÐSVERÐ: 9.990 KR.**
Fullt verð 15.990

AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!

**BOSTON**
PU-dökkbrúnt. Stálfætur.
**TILBOÐSVERÐ: 13.990 KR.**
Fullt verð 19.990

AFSLÁTTUR 12.000 KRÓNUR!

**ENIGMA**
PU-svart og svartlökkuð viðargrind.
**TILBOÐSVERÐ: 17.990 KR.**
Fullt verð 29.990

AFSLÁTTUR 6.000 KRÓNUR!

**TANGO**
Ljósgrátt áklæði. Viðarfætur.
**TILBOÐSVERÐ: 23.990 KR.**
Fullt verð 29.990

VERTU MEÐ OKKUR Á facebook
KOMDU Í HÖLLINA EÐA HEIMSÓTTU OKKUR Á
**HUSGAGNAHOLLIN.IS**

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –

* TILBOÐIN GILDA TIL SUNNUDAGSINS 3. NÓVEMBER EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100




Daglegt líf. Þetta hversdagslega gangverk sem þarf að eiga sér stað. Við erum öll hluti af samfélagi sem þarf afl og kraft í gegnum daginn. Hvort sem leiðin liggur milli heimilis og vinnu, í skólann eða á æskuslóðir þá treystir samfélagið á lifandi aflstöðvar vítt og breitt um landið. Þéttriðið þjónustunet N1 um allt land veitir Íslendingum orku til að komast áfram – því að saman höldum við samfélaginu á hreyfingu.

Sívinsæl samsetning: KÓK | KÓK & PRINS | PRINS

BOOZT

Helstu næringarefni sem Boozt-drykkir innihalda eru prótein, B2-vítamín, kalk, fosfór og kalíum.

Viðskiptavinir N1 vilja pylsuna sína með:

Tómatsósu, sinnepi & steiktum
45%

Öllu
32%

Tómatsósu
8%

Sinnepi & hráum
3%

Öðru
12%

# Hluti af daglegu lífi

E F

Tankur fólksbíls rúmar að jafnaði

50 lítra
=
151 ½
lítil kók í gleri.

Ísbíltúr er rómantísk kvöldstund.

Talið er að yfir 70% íslenskra kærustupara hafi farið saman í ísbíltúr.

Fjöldi bíla á Íslandi á skrá í dag:

213.378

Það eru a.m.k. 426.756 rúðuþurrkur.

Árlega seljast á N1 um

1,4 milljónir

súkkulaðistykkja.

Dýrasti súkkulaðimoli heims er Chocopologie frá framleiðandanum Knipschildt. 450 g kosta 507.100 kr. Sú tegund fæst því miður ekki á N1 eins og er.

TALIÐ ER AÐ
78%
Íslendinga þyki bensínlykt góð.

Til þess að ná bensínlykt úr fötum er best að láta þau liggja í barnaolíu yfir nótt, þvo svo upp úr matarsóda og loks með venjulegu þvottaefni.

ÁRIÐ
1992
Fyrsti Vegabréfaleikurinn

Kringum
10.000
hjólbarðar fá á hverju ári langþráð frí með hvíldarinnlögn á Dekkjahótelum N1. Þar geta dekkin þín slakað vel á og þú getur notað plássið undir eitthvað annað.

N1 Opið 24/7
HRINGBRAUT
ÁRTÚNSHÖFÐA
& LÆKJARGÖTU, HAFNARFIRÐI

Komum af stað!

N1

ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 66378 10/13

Færri gjaldþrot milli ára:

## 8,6% aukning í nýskráningum

124 einkahlutafélög voru nýskráð í septembermánuði samanborið við 138 félög í sama mánuði 2012.

Fyrstu níu mánuði ársins voru 1.432 einkahlutafélög nýskráð samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Það er 8,6 prósentustiga aukning frá sama tíma í fyrra þegar 1.318 fyrirtæki voru skráð.

Alls voru 77 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í september og gjaldþrotum fækkaði um 15,5 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tíma árið 2012. - hg

Þriðjungur íslenskra frumkvöðla- og sprotafyrirtækja veltir yfir hundrað milljónum króna á ári hverju:

# 90% sprota gera ráð fyrir aukinni veltu

Yfir níutíu prósent frumkvöðla- og sprotafyrirtækja á Íslandi telja líklegt að velta þeirra muni aukast á næsta ári.

Þetta kemur fram í niðurstöðum nýlegrar vefkönnunar sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands lét vinna fyrir sprotar.is, sem er upplýsingavefur um íslensk sprotafyrirtæki.

„Könnunin leiðir í ljós að um 55 prósent fyrirtækjanna velta undir fimmtíu milljónum króna á ári og 34 prósent þeirra er með veltu undir tíu milljónum. Hins vegar sögðust rúm 37 prósent svarenda ná veltu umfram 100 milljónir króna og því eru þarna sprotafyrirtæki á mismunandi stigum,“ segir Gauti Marteinsson, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Niðurstöður könnunarinnar sýna einnig að um 63,5 prósent frumkvöðla- og sprotafyrirtækja hafa fengið fjárhagslega aðstoð af einhverju tagi.

„Af þeim sögðust um 44 prósent hafa fengið aðra aðstoð en fjárhagslega, til dæmis í formi handleiðslu og leiðsagnar. Hins vegar sögðu 64 prósent fyrirtækjanna að þau hefðu sóst eftir fjárhagslegri aðstoð eða styrkjum án þess að fá úthlutun,“ segir Gauti.

„En tæpur þriðjungur fyrirtækjanna sagðist hafa nýtt sér aðstöðu á frumkvöðlasetri sem þýðir að þessi fyrirtæki fá einnig annars konar stuðning.“ - hg



**SPROTAR** Alls hafa 44 prósent sprotafyrirtækja notfært sér aðstoð í formi handleiðslu og leiðsagnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Stjórnvöld sögð brjóta reglur um innflutning

Áminningarbréfi ESA verður svarað og áfram haldið áhættumati vegna innflutnings á dýraafurðum. Takmarkanir á kjötinnflutningi hér eru sagðar brjóta í bága við Evróputilskipun. Verði ekki fallist á skýringar stjórnvalda endar málið í dómi.

Takmarkanir á innflutningi á fersku kjöti og unnum kjötvörum sem hér hafa verið leiddar í lög standast ekki ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES). ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, kemst að þessari niðurstöðu í formlegu áminningarbréfi til stjórnvalda. Samkvæmt gildandi löggjöf á Íslandi er innflutningur á fersku kjöti, unnu eða óunnu, kældu eða frosnu, svo og innflutningur á unnum kjötvörum og öðrum kjötvörum, háður leyfisveitingu.

ESA telur fyrirkomulagið stangast á við tilskipun um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan EES. „Fimmta grein tilskipunarinnar kveður sérstaklega á um að eftirlit á viðtökustað dýraafurða skuli takmarkað við stikkprufur,“ segir í tilkynningu ESA. Bent er á að samkvæmt fjölmörgum dómafordæmum Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins á sviðum samræmdrar löggjafar, geti aðildarríki ekki stuðst við 13. grein EES-samningsins, sem meðal annars lúti að vernd lífs og heilsu manna eða dýra, til að réttlæta frávik frá samræmdri löggjöf.



**ANDRÉS MAGNÚSSON**

Að auki telur ESA íslensku reglurnar fela í sér óréttmætar viðskiptahindranir og brjóta gegn 18. grein EES-samningsins.

Áminningarbréfið sem nú hefur verið sent er fyrsta skref í meðferð samningsbrotamáls.

Í tilkynningu landbúnaðarskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í gær er bent á að Alþingi hafi árið 2009 mótatkvæðalaust samþykkt að viðhalda banni á innflutningi á fersku kjöti. „Íslensk stjórnvöld hafa ráðið nýsjálenskan sérfræðing til að gera áhættumat vegna innflutnings á dýraafurðum til Íslands. Von er á niðurstöðu hans á næsta ári,“ segir þar jafnframt.

Bent er á að stjórnvöld fái að minnsta kosti tvo mánuði til að svara áminningarbréfi ESA. „Fallist ESA ekki á þau rök sem þar verða færð fram getur stofnunin ákveðið að leggja fram svokallað rökstutt álit. Gangi málið alla leið endar það fyrir EFTA-dómstólnum,“ segir á vef ráðuneytisins.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ, fagnar því að ESA hafi fallist á þau lagarök sem samtökin hafa haldið fram. Hann áréttar um leið að deilan snúist ekki um tollvernd eða magn innflutnings, heldur fremur ferskleika og gæði vöru sem flutt er til landsins. „Verði álitið endanlega staðfest er íslenskum stjórnvöldum ekki lengur stætt á að gera kröfu um að innflutt kjöt sé 30 daga í frosti áður en það kemur á borð íslenskra neytenda,“ segir Andrés.

olikr@frettabladid.is



**KJÖTMETI** SVÞ segja stjórnvöld ekki hafa getað fært fyrir því rök að innlendum hagsmunum sé ógnað með innflutningi á fersku kjöti. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

### SVÞ kvörtuðu til eftirlitsstofnunar EFTA

Áminningarbréf ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, kemur í kjölfar kvörtunar SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu 6. desember 2011 vegna innleiðingar stjórnvalda á reglugerð ESB um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla. „Meðal þessa sem lagt var til var að innflutningur á vörum sem áður hafði verið óheimilaður (s.s. kjöt, mjólk og egg) yrði heimilaður.“ Samkvæmt núgildandi lögum er hins vegar enn viðhaldið innflutningsbanni á fersku kjöti. SVÞ telja ekkert hafa komið fram um að íslenskum stjórnvöldum sé ekki unnt að gæta að heilbrigði manna og dýra innan ramma matvælalöggjafar EES-samningsins.

Áhersla Icelandair Group á innri vöxt árangursrík að mati forstjóra félagsins:

# Skilaði átta milljarða hagnaði

Hagnaður Icelandair Group á þriðja fjórðungi þessa árs nam 65,3 milljónum dala, eða um 7,8 milljörðum íslenskra króna.

Það er talsvert meiri hagnaður en félagið skilaði á sama tíma í fyrra þegar hagnaðurinn var 51,4 milljónir dala, eða rúmir sex milljarðar króna.

„Við höfum verið í miklum vexti undanfarin ár og höfum ekki verið að kaupa önnur félög heldur lagt áherslu á innri vöxt og það hefur gengið eftir á arðbæran hátt,“ segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, spurður hverju hann þakki góðan rekstur félagsins.

Í tilkynningu sem Icelandair Group sendi frá sér um afkomuna á fjórðungnum segir að flugáætlun Icelandair í millilandaflugi hafi verið sú umfangsmesta frá upphafi. Fjölgun farþega var mest á Norður-Atlantshafsmarkaðnum, eða um 16 prósent, en farþegar í þeim ferðum voru 52 prósent af heildarfarþegafjölda félagsins. - hg



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON**



**MILLILANDAFLUG** Icelandair flutti 822 þúsund farþega á þriðja fjórðungi þessa árs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
PIER Á AFMÆLI
SMÁRATORG 6 ÁRA OG AKUREYRI 3 ÁRA
Riona stólar 29.925 áður 39.900
Piccadilly 29.925 áður 39.900
Tayda 37.425 áður 49.900
Turenne 52.425 áður 69.900
Cowarts 29.925 áður 39.900
Royal 52.425 áður 69.900
30%
Skartgripa-kassar 20.930 með afslætti
25% afsláttur af öllum stólum
Papasan Grind 9.743 áður 12.990
Pulla margar gerðir 7.493 áður 9.990
Kollur Grind 5.993 áður 7.990
Pulla margar gerðir 1.493 áður 1.990
30% afsláttur af öllum speglum
30%
30%
Gólfspegill 10.430 með afslætti
Spegill 40.530 með afslætti 90x120 cm
Spegill 27.930 með afslætti 95x75 cm
Spegill 9.513 með afslætti
Speglar 4.893 með afslætti
Veggskraut frá 2.093 með afslætti
DOBÍA
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
Glerkrukkur frá 1.290
Kerti, ilmir og híbýlaolíur frá 390
Ugla stór 3.490 lítil 2.490
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# SKOÐUN

Borgarbúum er enn á ný sendur reikningurinn:

## Auðvelda leiðin

Fjárhagsáætlunin, sem meirihluti Bezta flokksins (eða eigum við að segja Bjartrar framtíðar?) og Samfylkingarinnar leggur fram fyrir komandi kosningaár í Reykjavík gerir ráð fyrir að afgangur verði á rekstri borgarinnar. Það er gott og göfugt markmið. Hins vegar er ekki sama hvernig því er náð.

Leiðin sem meirihlutinn kýs að fara er auðvelda leiðin; að senda borgarbúum reikninginn í formi gjaldskrárhækkana, sem í mörgum tilvikum eru tilfinnanlegar. Þannig hækkar gjaldskrá leikskóla um allt að ellefu prósentum og hjón munu þurfa að borga um 2.300 krónum meira á mánuði fyrir leikskólabarn. Skólamaturinn hækkar um þúsundkall á mánuði og sorphirðugjald fyrir svarta tunnu um tæpan tvöþúsundkall.

S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður Jóns Gnarr borgarstjóra, segir í Fréttablaðinu í gær að það hafi orðið „ákveðin vísitöluhækkun“ en mikið af þessum gjaldskrárhækkunum er augljóslega langt umfram verðbólgu. Fyrir nú utan það að þeir sem hækka gjaldskrár og réttlæta það með vísitölunni, stuðla að því að vísitalan hækki enn meira, verðbólgubálið brenni heldur glaðlegar og höfuðstóll húsnæðisskuldanna okkar hækki.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Það er í rauninni uppgjöf fyrir verkefni borgarstjórnarinnar að velta þannig vandanum yfir á borgarbúa. Það verða heimilin í borginni, ekki sízt barnafjölskyldurnar, sem munu þurfa að hagræða í sínum rekstri í stað þess að borgin taki til í sínum. Útsvarið er komið í topp og þá er gripið til þess ráðs að hækka gjöld fyrir þjónustu. Það er borgarbúum ósköp lítil huggun þótt borgarstjórinn segi að gjaldskrár borgarinnar séu með þeim lægstu hjá sveitarfélögum í landinu. Þúsundkallarnir sem þeir missa úr veskinu eru alveg jafnfjarverandi í heimilisbókhaldinu.

Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, vísar í Fréttablaðinu í gær til útreikninga sem sýna að fjölskylda með þrjú börn muni á næsta ári þurfa að borga 440 þúsund krónum meira í skatta og gjöld til borgarinnar en hún gerði í upphafi kjörtímabilsins. Flesta munar nú bara talsvert um þá upphæð.

Þessi vinnubrögð eru til marks um að sú gagnrýni er réttmæt, að hjá meirihlutanum sé stefnan óskýr og forgangsröðin ekki á hreinu. Hann vilji bara gera alls konar og ekki taka erfiðar ákvarðanir um hvort eitthvað af því þurfi að mæta afgangi, heldur rukka borgarbúa um það sem á vantar.

Það er mikið til í því sem Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir í grein í Fréttablaðinu í gær, að líklega myndi það hjálpa ef borgarfulltrúar þyrftu augliti til auglitis að taka við skattpeningunum úr hendi skattgreiðenda í borginni. Það er nefnilega svo dæmalaust auðvelt að senda bara út aðeins hærri reikninga til hins andlitslausa fjölda. „Það væri ekki eins auðvelt að biðja borgarbúa að koma aftur í Ráðhúsið og standa aftur í röð til að borga aðeins meira – og líklegra að kerfið myndi rýna tölurnar betur til að þurfa ekki að biðja þá um það,“ skrifar Hildur.

Jafnvel í nýjum tíuþúsundköllum væri það býsna þykkt seðlabúnt sem fjölskyldufólk í borginni þyrfti að koma með í Ráðhúsið til að mæta skatta- og gjaldahækkunum á kjörtímabilinu. Það er ekki til marks um góða fjármálastjórn, þótt látið sé í annað skína. Þvert á móti var auðvelda leiðin farin – fyrir kerfið og pólitíkusana.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Góð tillaga

Liðsmenn Bjartrar framtíðar lögðu fram góða þingsályktunartillögu í gær. Hún er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis að móta stefnu fyrir Alþingi um notkun samfélagsmiðla til að auka sýnileika Alþingis með það að leiðarljósi að auka upplýsingaflæði til borgaranna og bæta ímynd Alþingis.“ Það er viðeigandi að tillagan hafi verið lögð fram í gær, þegar Jón Gnarr tilkynnti að hann hygðist hætta sem borgarstjóri í vor, vegna þess að í greinargerðinni með henni er vísað til þess slík notkun samfélagsmiðla hafi gefist vel í tilfelli Jóns, sem hefur haldið úti Facebook-síðunni Dagbók borgarstjóra lungann úr kjörtímabilinu.



### Bogomil og milljónamæringarnir?

Jón lét þau orð falla í gær að ef Besti flokkurinn væri eins og Nirvana, þá væri Björt framtíð eins og Foo Fighters, hljómsveitin sem Dave Grohl, trommari Nirvana, stofnaði síðar. Það er áhugaverð líking. Hefði samt ekki verið nærtækara fyrir hann að tala um Besta flokkinn sem, tja, Sykurmolana og Bjarta framtíð sem Ghostigital? Eða Besta flokkinn sem HAM og Bjarta framtíð sem Funkstrasse?



### Samhengisslit

Vegna skrifa í þessum dálki í gær um Magnús Örn Guðmundsson, frambjóðanda Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi, sem þar var sagður vilja „sjálfstætt Seltjarnarnes“, vill Magnús koma því á framfæri að þar hafi orð hans verið slitin úr samhengi. Í stefnuskrá sinni leggi hann áherslu á „sjálfstætt Seltjarnarnes án skulda“, og vísi til þess að sum sveitarfélög hafi misst tök á fjármálum sínum og þar með glatað sjálfstæði sínu – Álftanes sé besta dæmið. Hafi einhver velkst í vafa játast það hér með að orð hans voru sannarlega slitin úr samhengi til þess eins að hægt væri að snúa út úr þeim.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Vondur rekstur eða góður?

FJÁRMÁL



**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**
borgarfulltrúi

Það er eins og að aukin skuldsetning veki aldrei neina eftirtekt fyrr en eftir að skuldirnar hafa komið viðkomandi fyrirtæki eða stofnun í stórkostleg vandræði. Dæmin um þetta eru mýmörg, allt frá skuldasöfnun Orkuveitunnar í byrjun síðasta áratugar til skuldasöfnunar fjárfestingarfélaga árin fyrir hrun. Í stjórnmálum er þetta erfitt við að eiga. Sá sem er við völd matreiðir niðurstöðuna eftir eigin höfði og beinir kastljósinu að þægilegri hlutum en skuldasöfnuninni.

Staðreyndin er sú að góður rekstur greiðir niður skuldir á meðan vondur rekstur eykur skuldir. Þegar þetta grundvallaratriði er skoðað hjá Reykjavíkurborg, þeim hluta rekstrarins sem snýr að kjarnanum í rekstri borgarinnar, sést að yfirstandandi kjörtímabil hefur reynst Reykvíkingum dýrt. Þegar núverandi meirihluti skilar lyklunum að borginni á næsta ári skilur hann eftir 17 milljarða viðbótarskuldir í fanginu á Reykvíkingum. Þegar hann tók við voru vaxtaberandi skuldir borgarinnar 5 milljarðar en verða 22 milljarðar í lok næsta árs. Þetta flokkast undir vondan rekstur.

Viðbótarskuldir á kjörtímabilinu eru 350 þúsund krónur á hverja einustu fjölskyldu í Reykjavík. Og það versta er að aldrei áður hefur nokkur meirihluti skilað af sér áætlun með þvílíku gapi milli skatttekna og útgjalda til grunnþjónustu. Það á að sækja sjötíu milljarða í skatttekjur frá borgarbúum og það á að eyða áttatíu milljörðum til málaflokka borgarinnar. Mínusinn er tíu milljarðar. Hér er eytt um efni fram svo um munar.

**➜ Viðbótarskuldir á kjörtímabilinu eru 350 þúsund krónur á hverja einustu fjölskyldu í Reykjavík.**

Þetta gerist á sama tíma og gjaldskrár hækka langt umfram verðlagsþróun. Hækkunin nemur 440 þúsund krónum á ári á hverja fjölskyldu í Reykjavík. Í samhengi jafnvægis í efnahagsmálum og kjarasamninga er þetta óábyrgt. Aðilar vinnumarkaðarins vilja gera kaupmáttarsamninga í stað þess að einblína á launahækkanir sem bæta í verðbólguna. Reykjavíkurborg kippir þannig einni af stoðunum undan möguleikunum á slíkum samningum og stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Fjárhagsáætlun borgarinnar ætti að snúast um breytta forgangsröðun og hagræðingu. Meirihlutinn nefnir varla hagræðingaraðgerðir heldur talar um sókn á öllum sviðum. Sókn sem mun verða borgarbúum dýrkeypt verði blaðinu ekki snúið við hið fyrsta.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Borðum ekki útsæðið

Við Íslendingar byggjum afkomu okkar og velsæld á nýtingu auðlinda og í vaxandi mæli á hugviti og þekkingariðnaði. Þekking er grundvöllur áframhaldandi aukinnar verðmætasköpunar, hvort sem litið er til hefðbundinna atvinnugreina eða sköpunar nýrra tækifæra.

VÍSINDI



**Kristín Ingólfsdóttir**
rektor Háskóla Íslands

Ríki og sveitarfélög, sem halda utan um samneyslu okkar, hafa orðið fyrir miklum samdrætti í tekjum frá hruni og verða að forgangsraða verkefnum. Þá er mikilvægt að tvö meginsjónarmið verði látin ráða. Annars vegar að tryggja lágmarksöryggi landsmanna hvað varðar t.d. heilbrigðisþjónustu, félagslegan stuðning og löggæslu. Hins vegar að skapa grundvöll til sóknar með því að efla með öllum ráðum menntakerfi og vísindastarfsemi. Það er forsenda þess að unnt sé að skapa aukin verðmæti.

Háskóli Íslands vinnur eftir skýrum markmiðum um verðmætasköpun. Þau miða annars vegar að menntun fólks til starfa í öllum megingreinum atvinnulífsins, þar með talið heilbrigðisþjónustu, menntakerfi, verkfræði- og tæknigreinum, menningargreinum, stjórnun og félagsþjónustu. Hins vegar er meginmarkmið í starfi skólans að efla þekkingar- og verðmætasköpun gegnum vísindastarf.

**Vísindi og verðmætasköpun**

Eftir niðurskurð fjárveitinga í kjölfar efnahagshruns, hefur rekstri Háskóla Íslands verið haldið innan ramma fjárlaga með lækkun kostnaðar og ströngu aðhaldi. Skólinn leggur einnig mikla áherslu á að sækja styrki úr samkeppnissjóðum til að tryggja framgang vísindastarfs. Árangur þeirrar sóknar byggist á markvissri uppbyggingu rannsóknastarfs við skólann undanfarin ár og áratugi.

Vísindamenn Háskóla Íslands afla nú um 1,8 milljarða króna á ári úr alþjóðlegum samkeppnissjóðum, sem koma inn í íslenska hagkerfið sem gjaldeyristekjur. Styrkirnir eru notaðir til tækjakaupa, rekstrar og til að greiða laun vegna nýrra starfa. Leiðandi einstaklingar og hópar innan skólans eru í sívaxandi mæli gjaldgengir í þessari hörðu alþjóðlegu samkeppni.

Meðal verkefna við HÍ sem njóta erlendra styrkja má nefna rannsóknir í eldfjallafræði o.fl. greinum jarðvísinda, rannsóknir á krabbameini og árangursríkari lyfjagjöf, hugbúnaðarþróun fyrir hópslysaáætlanir, rannsóknir á öryggi neysluvatns og á sviðum fjarkönnunar, fiskveiðistjórnunar, fötlunarfræði, nanótækni, stjórnmálafræði og leit að lyfjavirkum efnum í hafi. Rannsóknarstarfsemin skapar þannig sjálf miklar gjaldeyristekjur og verkefnin leiða í kjölfarið til verðmætasköpunar á mörgum sviðum atvinnulífs.

Auk þessara fjármuna kemur svipuð fjárhæð í erlendum gjaldeyri inn í landið vegna þátttöku vísindamanna HÍ í verkefnum annarra innlendra stofnana og fyrirtækja. Þannig má ætla að vísindastarfsemi við skólann skapi á fjórða milljarð króna í beinar gjaldeyristekjur.

Fjárhæðir rannsóknastyrkja til HÍ úr innlendum samkeppnissjóðum eru mun lægri en úr þeim erlendu. Þannig veitti Rannsóknasjóður Vísinda- og tækniráðs samtals 416 mkr. til íslenska vísindasamfélagsins í heild árið 2012. Hlutdeild vísindamanna HÍ var 315 mkr. Þótt styrkirnir séu verulega lægri en þeir erlendu, skipta þeir sköpum, ekki síst fyrir unga vísindamenn. Verkefnin eru styrkt í harðri samkeppni og leiða til nýrrar þekkingar. Oft eru þeir grundvöllur þess að hægt sé að sækja erlent styrktarfé.

Á síðasta ári voru veitt 5 einkaleyfi sem byggjast á rannsóknum vísindamanna HÍ. Þau eru á sviðum lyfjafræði, augnlæknisfræði, eðlisfræði, rafmagns- og tölvuverkfræði og fjarkönnunar. Einkaleyfi sem þessi hafa leitt til stofnunar tveggja sprotafyrirtækja á ári að meðaltali undanfarin 5 ár. Velta sprotafyrirtækja sem stofnuð hafa verið á grunni rannsókna starfsfólks og stúdenta við HÍ er á annan milljarð króna og þau veita 150 manns vinnu.

**Útsæði í harðindum**

Lykillinn að því að geta sótt sér tekjur í harðri og vaxandi samkeppni er að geta styrkt innviði – aðbúnað, mannafla, rekstrarfé. Í fjárlagafrumvarpi 2014 er gert ráð fyrir niðurskurði fjárveitinga til HÍ sjötta árið í röð. Á sama tíma hefur nemendum fjölgað verulega og samkvæmt frumvarpinu vantar fjárframlag vegna 350 nemenda sem stunda fullt nám, eða um 200 mkr. Skrásetningargjöld sem stúdentar greiða verða hækkuð, en einungis hluti hækkunarinnar skilar sér til skólans, eða 39 mkr. af 180 mkr. Þessu verður að breyta. Ennfremur mun skerðing framlaga til samkeppnissjóða Vísinda- og tækniráðs hafa veruleg áhrif á starf skólans af ástæðum sem raktar eru hér að ofan.

**➜ Lykillinn að því að geta sótt sér tekjur í harðri og vaxandi samkeppni er að geta styrkt innviði – aðbúnað, mannafla, rekstrarfé.**

Þegar kartöfluuppskera brást á Írlandi á 19. öld neyddust Írar til að borða útsæði næsta árs. Fyrir vikið leiddi uppskerubresturinn til langvarandi hungursneyðar og fólksflótta.

Þegar harðnar á dalnum er mikilvægt að horfast í augu við kaldan veruleikann eins og hann blasir við. En það er jafn mikilvægt að hugsa fyrir morgundeginum og skynja þau tækifæri sem eru til að vinna sig út úr þröngri stöðu. Við megum ekki ganga svo nærri háskólastarfinu að við borðum útsæðið sem á að skapa okkur framtíðarviðurværi.

## AF NETINU

### Vernda ekki vitni sitt

Merkilegt er, að Angela Merkel, Þýzkaland og önnur ríki Evrópusambandsins skuli ekki þakka Edward Snowden. Hann veitti upplýsingarnar, sem gera þessum aðilum kleift að senda Bandaríkjastjórn tóninn. Angela Merkel, Þýzkaland og önnur ríki Evrópusambandsins hafa ekki veitt Snowden hæli í þakkarskyni. Það sýnir vel hræsnina í þessu. Snowden er nógu góður til að segja þeim fréttir og til að bera vitni. En er ekki nógu góður til að njóta vitnaverndar. Væri ég Angela Merkel, mundi ég halda kjafti, þangað til ég væri búinn að koma Snowden í gott skjól. Heimur stjórnmála er heimur hræsni og yfirdrepsskapar.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*



# Áfram Ísland!

## Ekki bara klukkan fjögur heldur í fjóra daga!




### FIMO leirsamkeppni

Penninn Eymundsson stendur fyrir FIMO leirsamkeppni. Nú styttist í jólin og því langar okkur að sjá hvað hugmyndaríkir leirarar geta töfrað fram. Þemað er **„JÓL“.**

**Meira um keppnina á Facebook síðu Eymundsson**

**Vildarverð kr. 551**

**Verð áður kr. 689**




### Léttasta ferðataska í heimi

30% Vildarklúbbsafsláttur af 55cm töskum frá IT luggage.




### Crayola litir

Veldu aðeins góða liti fyrir barnið þitt. 20% Vildarklúbbsafsláttur af öllum Crayola litum. Vaxlitirnir þekja vel, eru tvívafðir og brotna því síður. Auðvelt að þrífa ef óhöpp verða. Eiturefnalausir.

Austurs
Skólavö
Kringlu
Álfabak







**Alex Ferguson**
Verð kr. 4.499

**Fjallaland**
Verð kr. 12.999










**Læknirinn í eldhúsinu**
Verð kr. 7.499

**Skapaðu þinn heimilisstíl**
Verð kr. 3.999

**Turtles - Kraftur á hjólabrettum**
Verð kr. 3.299



# Jóla BO BEDRE

## Kemur í verslanir á morgun!




stræti 18
ðrðustíg 11
nni
ka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 31. október til og með 3.nóvember eða á meðan birgðir endast.

# Sæstrengurinn

Í ársbyrjun 2010 kynnti Landsvirkjun að ýmislegt hefði komið fram sem benti til að raforkusæstrengur til Evrópu væri orðinn fjárhagslega áhugaverður. Þessari yfirlýsingu var fylgt eftir á ársfundi Landsvirkjunar 15. apríl 2010. Strengurinn mundi gjörbreyta nýtingarmöguleikum íslenska raforkukerfisins, umframorkugeta væri óþörf og svo færi raforkuverð hækkandi.

Mikilvægt er að rasa ekki um ráð fram í jafnstóru máli. Síst af öllu hefur íslenskt þjóðarbú burði til að taka á sig útgjöld af þeirri stærðargráðu, sem framkvæmdinni fylgja, áður en arðs væri að vænta. Viljum við því vekja til umhugsunar um nokkur lykilatriði.

### Umframorka

Bent hefur verið á að umframorka í íslenska raforkukerfinu sé allt að 600 GWh/ári. Landsvirkjun hefur verið að hækka tölur um umframorku upp í 2.000 GWh/ári, sem nemur orkuvinnslu þriggja Blönduvirkjana. Þarna er augljóslega verið að blanda saman umframorku og óseldri orku, en á síðustu árum hefur LV gengið erfiðlega að ljúka orkusamningum við nýja viðskiptavini.

Það kostar gífurlega fjármuni að bíða í mörg ár með ónotaða orku, en ætla má að gangsetning á sæstreng til Bretlands verði í fyrsta lagi 2025-2027, ef ákvörðun er tekin fljótlega.

### Hver á að eiga sæstrenginn?

Síðan 2010 hefur fyrirtækið dregið nokkuð í land. Á ársfundi Landsvirkjunar 21. mars 2013 kom forstjórinn óvænt með eftirfarandi yfirlýsingu: „Landsvirkjun mun hvorki leggja, eiga né reka mögulegan sæstreng.“ Hver á þá að gera það? Innlendir aðilar? Erlendir fjárfestar? Landsvirkjun skuldar landsmönnum útskýringu á því hvað nú á að gera. Fyrirtækið hefur verið að skoða málið í meira en þrjú ár, auk þess sem hún er ekki ný. Með því að endurvekja hugmyndina nú hefur ekki verið hægt að skilja það öðruvísi en svo, að sæstrengurinn sé nú orðin hagkvæm framkvæmd. Ella verður að teljast afar hæpið af opinberu fyrirtæki að sá hugmyndinni á slíkum forsendum inn í alla stjórnmálaflokka.

Ágreiningslaust er að áhætta við framkvæmdina er mikil, þetta yrði lengsti raforkusæstrengur í heimi og í fyrsta sinn sem raforkusæstrengur þveraði úthaf. Það gæti því eins og fyrr segir orðið varasamt fyrir lítið þjóðfélag eins og Íslendinga að ætla að standa einir að framkvæmdinni. Fjárhagslegt bolmagn er heldur ekki fyrir hendi og þjóðin ennþá að basla við að reisa sig með erfiðismunum upp úr hruninu 2008. Hver er þá tilbúinn að taka að sér verkið? Landsvirkjun hlýtur að vera komin með allmótaðar hugmyndir um það og sjálfsagt er að gera kröfu um að fyrirtækið upplýsi málið.

### Áhætta vegna bilana

Reynslutölur um allan heim hafa leitt í ljós að búast má við að 1.000 km kapall í Atlantshafinu milli Íslands og Bretlands muni að öllum líkindum bila einu sinni á ári. Ef bilun kæmi upp í kaplinum úti á rúmsjó seint að hausti gæti hugsanlega þurft að bíða vors. Hvað þá um tekjur af strengnum? Til að minnka áhættu mætti verja kapalinn með ýmsum hætti, en óhætt er að fullyrða að það yrði fokdýrt, sérstaklega ef varnirnar tækju tillit til hættu á hryðjuverkum. Kannski þyrfti að leggja annan streng til vara?

### Kostnaður

Stofnkostnaður sæstrengs hefur verið áætlaður um 2 milljarðar evra og kostnaður við tilheyrandi virkjanir og flutningsvirki á Íslandi 2,5 milljarða evra. Þetta gerir samtals 720 milljarða ISK. Árlegur fjármagns- og rekstrarkostnaður gæti verið um 10% af stofnkostnaði, sem jafngildir þá um 72 milljörðum ISK. Til að setja þetta í samhengi, þá er áætlað að tónlistarhúsið Harpa hafi kostað 27 milljarða ISK. Árlegur kostnaður sæstrengs jafngildir því byggingarkostnaði á tæplega þremur stórhýsum eins og Hörpu. Velta má fyrir sér hvað mundi gerast ef kapallinn dytti út í eitt ár. Hvort það yrði ekki of stór biti til að gleypa fyrir íslenska þjóð, hver svo sem væri skráður eigandi kapalsins? Einnig er athyglisvert, að í kynningum á strengnum hefur nær eingöngu verið nefnt hvernig skipta eigi hagnaði, en aldrei minnst á hvernig hugsanlegu rekstrartapi yrði skipt.

### Niðurstaða

Í ljósi þess sem að framan er rakið og sömuleiðis að söluverð raforku um allan heim fer lækkandi um þessar mundir, þá teljum við ráðlegt að nálgast málið af meira raunsæi en virðist hafa verið gert til þessa. Meðan ekki eru öruggari vísbendingar um hagkvæmni verkefnisins teljum við fulla ástæðu í bili til að fara hægt í frekari könnun verkefnisins.

**ÞRÓUN RAFORKUVERÐS FYRIR HVERN ÁRSFJÓRÐUNG**




Kvaðratísk aðfella $R^2$ = 0.53 Línuleg aðfella $R^2$ = 0.33

Aðfella eða „Trendline“ sýnir almenna tilhneigingu í upplýsingunum, sem birtist síður ef maður horfir á upplýsingarnar einar sér. Aðfella er stundum notuð til að spá fram í tímann.
R2 segir til um hve nærri upplýsingunum aðfellan kemst.
R2=0 lýsir engu samræmi. R2=1 lýsir fullkomnu samræmi.
Aðfellurnar tvær á myndinni eru þarna á milli, R2=0,33 lýsir þróun upplýsinganna illa, R2=0,55 lýsir þróuninni miklu betur.

ORKUMÁL



**Valdimar K. Jónsson**
verkfræðingur



**Skúli Jóhannsson**
verkfræðingur

**→ Mikilvægt er að rasa ekki um ráð fram í jafnstóru máli.**

# Um hvað snýst Al Thani-málið?

FJÁRMÁL



**Ragnar Halldór Hall**
hæstaréttarlögmaður

**→ Athyglisvert er að í þessum kaupum fór aldrei króna út úr bankanum.**

Í byrjun nóvember nk. hefst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur aðalmeðferð í svokölluðu Al Thani-máli. Þetta er sakamál sem sérstakur saksóknari rekur gegn fjórum einstaklingum vegna viðskipta sem Kaupþing banki hf. átti við vellauðugan kaupsýslumann frá Katar skömmu áður en bankinn féll. Viðbúið er að mikið fréttafár verði í kringum þessa málsmeðferð. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að gefa þeim sem áhuga hafa á málinu stutt yfirlit yfir málavextina og efnisatriðin í málinu. Mér finnst verulega hafa skort á að þessum atriðum væru gerð fullnægjandi skil í fjölmiðlum, þrátt fyrir margvíslegar fréttir af málinu gegnum tíðina.

Upphaf málsins er að rekja til þess að eftir að Al Thani hafði kynnt sér rækilega starfsemi Kaupþings og áreiðanleikakönnun sem fjárfestingafélag í Katar hafði gert á bankanum hafði hann áhuga á að verða hluthafi í bankanum. Tókust samningar milli hans og bankans um það 22. september 2008 að Al Thani keypti rúmlega 5% hlutafjár í bankanum. Seljandinn var bankinn sjálfur, sem átti á þessum tíma þetta magn hlutabréfa. Hlutabréfin voru seld fyrir 25,7 milljarða króna og lánaði bankinn allt söluverðið. Kaupandinn var einkahlutafélag í eigu Al Thanis, og tók hann persónulega ábyrgð á greiðslu helmings kaupverðsins.

### Aldrei króna úr bankanum

Þegar Kaupþing féll í október 2008 urðu hlutabréfin verðlaus. Af því leiddi að helmingur söluverðsins tapaðist, en hinn helmingurinn sem var tryggður með persónulegri ábyrgð Al Thanis fékkst greiddur. Bréfin hefðu að sjálfsögðu einnig orðið verðlaus ef bankinn hefði ekki getað selt þau. Þá hefðu kröfuhafar Kaupþings verið verr settir sem nemur fjárhæðinni sem Al Thani greiddi vegna sjálfsskuldarábyrgðarinnar. Athyglisvert er að í þessum kaupum fór aldrei króna út úr bankanum. Vegna sölunnar komu inn peningar sem ella hefðu ekki komið kröfuhöfum Kaupþings til góða.

Stjórnendur Kaupþings hér á landi og í Lúxemborg eru ákærðir fyrir umboðssvik í þessum viðskiptum, og sá sem kom á beinu sambandi milli bankans og Al Thanis er ákærður fyrir hlutdeild í brotum þeirra. Í umboðssvikum felst að maður sem hefur á hendi sérstakar trúnaðarskyldur brýtur gegn þeim skyldum í hagnaðarskyni og veldur vinnuveitandanum um leið verulegri fjártjónshættu.

Rannsókn sérstaks saksóknara á þessu máli, sem er í grunninn tiltölulega einfalt mál um hlutabréfaviðskipti, varð ótrúlega umfangsmikil og tók langan tíma. Skjöl sem sérstakur saksóknari lagði fram í dómi við upphaf málarekstursins eru um 7.000 – sjö þúsund – blaðsíður. Við upphaf rannsóknarinnar virtist sérstakur saksóknari telja að samningarnir við Al Thani hefðu verið einhvers konar málamyndagerningar eða sýndarviðskipti. Jafnvel voru efasemdir um að Al Thani væri yfirleitt til! Þegar það var komið á hreint komust rannsakendur að þeirri niðurstöðu að bankinn hefði verið betur settur með að eiga áfram bréfin í Kaupþingi heldur en að selja þau með þeim hætti sem gert var! Sú skoðun vekur efasemdir um að allir sem stýra rannsóknum hjá sérstökum saksóknara séu sérstaklega vel til þess fallnir að stýra rannsóknum efnahagsbrota yfirleitt.

Rétt er að taka það fram, að undirritaður var lengi vel skipaður verjandi eins sakborninganna í þessu máli en sagði sig frá verjandastarfinu fyrr á þessu ári.

# Er bjartsýni við hæfi?

HEILBRIGÐISMÁL



**Ólafur G. Skúlason**
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

**→ Það að orða vandamálin er fyrsta skrefið í að finna á þeim lausn.**

Umræða síðustu daga varðandi heilbrigðiskerfið hefur vakið með mér aukna bjartsýni. Margir verða örugglega hissa á þessari upplifun minni en hana er einfalt að skýra. Síðastliðna daga hefur hver þingmaðurinn á fætur öðrum komið fram í fjölmiðlum eða haldið tölu á þingi um vandamál heilbrigðisþjónustunnar. Allir eru þeir sammála um að nauðsynlegt sé að standa vörð um heilbrigðiskerfið og forgangsraða málunum þannig að aukið fjármagn verði varið til þess, einkum til Landspítala. Ég get því ekki búist við öðru en að þingmenn taki saman höndum, þvert á flokkslínur, og finni lausn á viðvarandi fjársvelti heilbrigðiskerfisins. Eitt er víst, að þjóðin er þeim sammála í þessum efnum.

Það sem veldur mér hins vegar áhyggjum eru frásagnir heilbrigðisstarfsmanna sem nú stíga fram og lýsa því ástandi sem ríkir innan veggja Landspítalans. Ástandi sem hefur varað í ansi langan tíma. Heyrst hafa raddir sem segja að ástandið geti ekki verið eins slæmt og sagt er, en því get ég lofað, að enginn þeirra sem fram hafa komið í fjölmiðlum fer með ýkjur. Það viðheldur þó bjartsýni minni að loks hafi heilbrigðisstarfsfólk stigið fram og gert grein fyrir þeim aðstæðum sem nú ríkja í heilbrigðiskerfinu. Það að orða vandamálin er fyrsta skrefið í að finna á þeim lausn.

### Á heimsmælikvarða

Við sem búum hér á landi erum heppin. Heppnin felst í því að við eigum heilbrigðisstarfsmenn á heimsmælikvarða hvað varðar menntun, þekkingu og færni. Það er fyrir tilstuðlan þessa fólks að heilbrigðiskerfið okkar hefur haldist gangandi hingað til. Það er því mikilvægt að hlustað sé á það þegar það stígur fram og segir hingað og ekki lengra. Það hafi ekki lengur tök á að veita þá þjónustu sem það annars myndi vilja veita hefði það til þess tíma og úrræði. Það hlýtur að vera forgangsatriði að búa þannig um hnútana að það geti sinnt starfi sínu eftir bestu getu.

Landflótti lækna og hjúkrunarfræðinga undanfarin ár er staðreynd enda laun og starfsaðstæður erlendis mun ákjósanlegri en hérlendis. Vitað er að Ísland mun aldrei verða samkeppnishæft við erlend ríki varðandi launakjör þar sem hin háu laun erlendis eru tilkomin vegna veikrar stöðu krónunnar gegn erlendum gjaldmiðlum. Það er hins vegar hægt að haga málum þannig hér að heilbrigðisstarfsfólk fái laun sem samræmast menntun þeirra og ábyrgð. Það er einnig hægt að bæta vinnuumhverfi þess og tækjabúnað svo það geti sinnt sínu starfi á fullnægjandi hátt.

# Bróðir minn Krabbameinsfélagið

HEILBRIGÐISMÁL



**Hildur Baldursdóttir**
bókasafns- og upplýsingafræðingur

**→ Það sem er samt allra best er viðmótið sem mætir manni í Ráðgjafarþjónustunni í Skógarhlíðinni.**

Um miðjan mars á þessu ári greindist ég með brjóstakrabbamein. Sá dómur var mér eðlilega þungbær. Fyrirvaralaust breyttist lífið. Árs veikindaleyfi frá vinnu og lífið umturnaðist. Á slíkum tímum þarf maður marga bandamenn.

Við þekkjum það tilsvar frá hetjum fornsagnanna: „Ber er hver að baki nema sér bróður eigi.“ Margir „bræður“ hafa fylkt sér að baki mér og einn af þeim öflugri er Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð. Góð vinkona beindi mér þangað fljótlega eftir greiningu og það er ekki ofmælt að mér var tekið opnum örmum.

Fyrst fékk ég tíma í slökun sem róaði strekktar taugar og fleiri slíkir tímar hafa bæst við. Svo var mér bent á snyrtinámskeið. Ég hélt að það væri bara pjatt, en annað kom á daginn. Ekki minnst gagnlegt að fá aðstoð við að sættast við breytt útlit. Nú er ekki lengur í boði að skella á sig maskara og glossi og líta bara skikkanlega út. Húðin breytist og augnhár hverfa, en ég fékk góða hjálp við að takast á við það.

Fjölbreyttir fyrirlestrar eru í boði bæði til gagns og gamans. Síðast var ég að læra um varðveislu og flokkun á stafrænum ljósmyndum.

Frá upphafi hef ég mætt eins oft og ég get í Qi-gong hugleiðslu undir leiðsögn Gunnars Eyjólfssonar leikara. Við öndum inn góðri orku, stjórnum henni, slökum og tæmum hugann. Þessar æfingar hafa nýst mér vel þegar verkir eða áhyggjur segja til sín.

Námskeið eru fjölbreytt í Skógarhlíðinni. Núna er ég á frábæru átta vikna námskeiði í „Núvitund“ (Mindfullness). Það námskeið hjálpar til við að lifa í núinu og njóta augnabliksins. Að bægja frá sér erfiðum hugsunum og takast á við það sem mætir manni.

Það sem er samt allra best er viðmótið sem mætir manni í Ráðgjafarþjónustunni í Skógarhlíðinni. Ekki bara frá starfsfólki, heldur líka hinum gestunum. Ég reyni að fara þangað eins oft og ég get, því mér líður ævinlega betur eftir heimsóknina, hvert svo sem erindið er.

Ég hef alltaf tekið einhvern þátt í bleika mánuðinum og þá hugsað til þeirra sem standa á vígvellinum. Verð að viðurkenna að mánuðurinn í ár er öðruvísi. Nú er það ég sem er í baráttunni og tek við og þakka hlýjar hugsanir og stuðning.

# LED ÚTISERÍA

999kr
~~1.990~~
40 LJÓSA
hlýtt hvítt, kalt hvítt eða marglitar díóður




14500023/26
14500206

VIÐ ELSKUM JÓLIN

# FRUMSÝNUM JÓLIN

OKKAR MESTA ÚRVAL FRÁ UPPHAFI



JÓLASTJARNA
1.490kr
NÝ SENDING



2703001

JÓLASTJARNA í glugga
1.990kr
ÓDÝRT



2713355

JÓLAPÍRAMÍDI 30 cm
1.990kr
ÓDÝRT



2702165

JÓLASTJARNA 30 cm
2.790kr
ÓDÝRT



5247021

RAFHLÖÐUBORVÉL HITACHI 14.4V
25.995kr
~~32.495~~
TILBOÐ



TRUE NORTH ÚLPUR GÆSADÚNN
18.749kr
~~24.999~~
TILBOÐ



SILICONFORM fyrir baksturinn
400kr
ÓDÝRT

2000979

WILTON BÖKUNARVÖRUR
20% afsláttur
TILBOÐ



1840068

RUSSELL HOBBS TÖFRASPROTI
7.490kr
~~9.990~~
TILBOÐ



12.900
VERÐ ÁÐUR 17.900

1840091
1840092
1840093

RUSSELL HOBBS STEEL TOUCH
30% afsláttur
TILBOÐ

10.900
VERÐ ÁÐUR 15.900

13.460
VERÐ ÁÐUR 18.900

Tilboð gilda til 3. nóvember eða á meðan birgðir endast.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# Breytt nálgun – betri þjónusta

SAMFÉLAG



**Áslaug María Friðriksdóttir**
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Vinstri menn á Íslandi eru leynt og ljóst á móti því að gera sjálfstæðum aðilum kleift að taka að sér rekstur grunnþjónustu. Rök þeirra eru m.a. þau að slíkt fyrirkomulag leiði til mismunandi þjónustu, þar sem hinir efnameiri fái meira en þeir efnaminni. Þrátt fyrir þau mótrök, að þannig fái allir betri þjónustu, er lítil hreyfing á málinu.

Staðan í Reykjavík er þessi: Mikill skortur er á þjónustu fyrir fatlaða, aldraða og aðra sem þurfa á aðstoð að halda. Þrátt fyrir að það sé lögbundin skylda sveitarfélagsins að veita þjónustuna eru biðlistar því miður staðreynd. Þjónustuþörf í Reykjavík vex mjög hratt. Hér búa margir sem þurfa á hjálp að halda og öldruðum á eftir að fjölga gríðarlega á næstu áratugum. Því er ljóst að við verðum að skoða vandlega hvernig við nálgumst það verkefni að veita mannsæmandi lögbundna grunnþjónustu.

Hagsmunasamtök eru gagnrýnin á viðhorf borgarinnar eins og þau birtast í reglum um stuðningsþjónustu. Gagnrýnin felst í því að reglurnar samrýmist ekki nútíma hugmyndafræði og verulega skorti á að lögð sé áhersla á sjálfstætt líf og sjálfsákvörðunarrétt fólks. Enn sé leitað í hópalausnir, stofnanahugsun sé ríkjandi, miðstýring óþarflega mikil og áhersla á jafnræði komi í veg fyrir einstaklingsmiðaða þjónustu.

## Góð reynsla

Góð reynsla er af sjálfstæðum rekstri grunnþjónustu annars staðar í heiminum, til dæmis í Svíþjóð. Þar þótti mikil ástæða til þess að leyfa fólki að njóta þeirra kosta sem sjálfstæðari og sveigjanlegri þjónustueiningar hafa upp á að bjóða. Einkarekstri í grunnþjónustu hefur verið tekið fagnandi bæði í skóla- og heilbrigðiskerfinu. Fé fylgir þörf og þeir sem reka þjónustueiningar geta ekki valið sér viðskiptavini heldur velur viðskiptavinurinn þjónustuaðilann. Þannig má koma í veg fyrir að þeim efnameiri standi annað til boða en þeim efnaminni hvað grunnþjónustuna varðar. Með einmitt þessari breyttu nálgun gátu Svíar bætt afköst í heilbrigðiskerfinu og breytt nálgun í skólakerfinu skilaði betri námsárangri nemenda.

**➜ Góð reynsla er af sjálfstæðum rekstri grunnþjónustu annars staðar í heiminum, til dæmis í Svíþjóð.**

Í þessari umræðu ber mikið á því að hræðsla er við að láta „hvern sem er“ reka þjónustu. Með skýrum kröfum og skilyrðum sem rekstraraðilar, hverjir sem það eru, verða að uppfylla og fylgja má tryggja gæði. Mjög mikilvægt er að skilgreina þessar kröfur. Að sama skapi verðum við að gera okkur grein fyrir því að þessi gæði eru engan veginn tryggð þó að opinberir aðilar sjái um þjónustuna eins og nú er og svo margir vilja halda.

Eitt stærsta verkefni Reykjavíkurborgar næstu ár er að takast á við breytingar á samfélaginu. Því miður hefur meirihlutinn í Reykjavík verið áhugalaus um að taka rekstur og útfærslu grunnþjónustunnar í Reykjavík til gagngerrar skoðunar. Engu að síður eru mörg teikn um að slíkt sé óhjákvæmilegt til þess að hægt verði að veita lögbundna þjónustu í næstu framtíð og mæta fyrirsjáanlegri aukinni þörf. Í því skyni er full ástæða til að líta til velferðarsamfélaganna annars staðar á Norðurlöndum. Við eigum að nýta það sem vel hefur gefist til þess að bæta þjónustuna en láta ekki rakalausar kreddur standa í vegi fyrir eðlilegum og nauðsynlegum umbótum.




# Til hamingju með nýju Vínbúðina, ráðherra

AUGLÝSINGAR



**Haukur Örn Birgisson**
hæstaréttarlögmaður

Vínbúð ríkisins opnaði nýverið breytta og bætta verslun við Stekkjarbakka í Reykjavík. Af því tilefni lét Vínbúðin birta heilsíðuauglýsingar í bæði Fréttablaðinu og Morgunblaðinu, nánar tiltekið hinn 23. október sl. Viðskiptavinir, nýir sem gamlir, eru boðnir velkomnir – væntanlega svo þeir geti kynnt sér vörurnar sem búðin selur. Vörurnar eru, eins og allir vita, ekkert annað en áfengir drykkir.

Er þetta í alvörunni eðlilegt? Þ.e. að íslenska ríkið auglýsi sölu áfengis á sama tíma og saksóknari ríkisins höfðar refsimál á hendur fyrirsvarsmönnum einkafyrirtækja og íslenskir dómstólar dæma þá til refsingar fyrir nákvæmlega sama hlut. Sjáiði til, það er nefnilega refsivert að auglýsa áfengi á Íslandi samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998. Í lögunum er gengið svo langt að banna allar tegundir áfengisauglýsinga auk þess sem ekki má einu sinni sýna meðferð á áfengi í auglýsingum. Í umræddri auglýsingu Vínbúðarinnar hafði myndarlegt starfsfólk verslunarinnar raðað sér upp fyrir framan mikilfenglegt úrval verslunarinnar af koníaki.

Í þessu felst stórmerkilegur tvískinnungur íslenskra stjórnvalda. Að þeirra mati er ekkert athugavert við að refsa einstaklingum, jafnvel fangelsa þá, fyrir það eitt að auglýsa löglegar vörur á sama tíma og fyrirtæki á vegum ríkisins gerir nákvæmlega það sama.

**➜ Í þessu felst stórmerkilegur tvískinnungur íslenskra stjórnvalda.**

# Vonlaus blaðamennska

MENNTUN



**Lilja Magnúsdóttir**
fagstjóri og kennari íslensku í Menntaskólanum í Kópavogi

Kæri Mikael Torfason.

Það er fagnaðarefni að fjölmiðlar veiti skólastarfi athygli en mikið þætti mér vænt um ef þú vildir notfæra þér ritstjórastólinn til að kanna nokkur atriði betur. (Fjallað var um skólamál í leiðara 19. okt. 2013 sem bar titilinn „Vonlaus skóli“ og í frétt á forsíðu Fréttablaðsins „Eitt smábarn af tíu er með erlent móðurmál“, 17. sept. 2013.) Mig langar að benda þér á örfá atriði sem þarf að íhuga betur.

Kennurum hefur fjölgað um 20% á 15 árum. Eflaust er þetta rétt fullyrðing. Það sem vantar bara er að nemendum fjölgaði mjög mikið á síðustu 15 árum. Stærstu árgangar sem fæðst hafa á Íslandi voru í grunnskóla og kennslustundum á hvern nemanda fjölgaði á þessum árum. Sérskólar voru lagðir niður og grunnskólinn tók við nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð og það kallar á meira starfsfólk, fyrst og fremst fleiri kennara. Að reikna fjölda nemenda á kennara án þess að skoða hvað liggur að baki er ekki bara fáránlegt heldur ómanneskjulegt.

Jón Gnarr hefur einbeitt sér að eineltismálum í Reykjavík. Það er frábært því ef það er eitthvað sem eyðileggur æsku fólks þá er það að verða fyrir einelti. Einelti er ekki bara til í skólum, heldur líka í samfélaginu. Einelti er hluti af þeirri trú að það megi vera andstyggilegur við þá sem eru „öðruvísi“.

Jón Gnarr hefur lagt mikið til íslensks samfélags með því að vera „öðruvísi“. Hann er ekki stúdent, hann er „brottfall“, hann er leikari með enga menntun í því fagi, klæðist bleikum kvenmannsfötum í Hinsegingöngunni og hann er rauðhærður og með gleraugu. Hann er allt sem hefur þótt eðlilegt að leggja í einelti nema; hann er borgarstjóri Reykjavíkur.

### Skýtur skökku við

Það skýtur skökku við að hæla Jóni Gnarr og tala síðan eins og brottfall sé fötlun. Kæri Mikael, vissir þú að nemandi sem ákveður að hætta námi í Borgarholtsskóla og færa sig yfir í FB telst brottfall? Hann hætti við að verða bílasmiður en ákvað að verða húsasmiður. Er það slæmt? Nemandi sem ákveður að fara sem skiptinemi til Kenía telst líka brottfall því hann er hvergi skráður í skóla á meðan. Nemandi sem vill vera eina önn á trillu með afa telst líka brottfall. Við skulum skoða betur hvað liggur að baki fullyrðingum um brottfall áður en við notum það orð sem allsherjardóm yfir framhaldsskólakerfinu okkar.

Fyrir nokkrum vikum var frétt á forsíðu Fréttablaðsins um að 10% ungra barna á Íslandi ættu annað móðurmál en íslensku, fengju tvö móðurmál í vöggugjöf. Frábært, hugsaði ég, þvílík verðmæti að eignast fólk sem getur talað og hugsað á tveimur tungumálum. Þessi þjóð verður ríkari að menningu og mannauði. En nei, Fréttablaðið hafði samband við einn kennara sem taldi sligandi kostnað fylgja tvítyngdum nemendum! Talandi um einelti. Hvaðan kemur Fréttablaðinu sú hugmynd að tvítyngdir nemendur þurfi endilega að vera dýrari en aðrir? Hvað hefði verið sagt ef fréttin hefði fjallað um að rauðhærðir strákar væru dýrastir íslensku skólakerfi? Það er margt afburðagott í í skólunum okkar og um það vitna best farsælir nemendur sem ég horfi á í skólanum mínum á hverjum degi. Skólakerfið er svo gott að það á ekki skilið slíka fyrirsögn sem þú slengir framan í alþjóð í leiðara þínum í Fréttablaðinu: „Vonlaus skóli“. (Búið að breyta fyrirsögninni í „Dýr grunnskóli“ í netútgáfunni.)

„Skóli“ er nemendur, kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk. Er þetta allt svona vonlaust pakk eða er þetta bara vonlaus blaðamennska?

OKKAR SJÚKDÓMATRYGGING XL

Sjúkdómatrygging sem hægt er að endurvekja



NÝJUNG Á ÍSLANDI

**OKKAR Sjúkdómatrygging XL** er nýjung hér á landi. Trygginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

**Fimm bótaflokkar**

Tryggingunni er skipt upp í fimm bótaflokka eftir eðli sjúkdóma. Sé sótt um nýja tryggingu eftir greiðslu bóta er sá flokkur undanskilinn sem bætur hafa verið greiddar úr. Þannig er aðeins hægt að fá bætur einu sinni úr hverjum flokki.

**Karlar og konur greiða sama iðgjald** af Sjúkdómatryggingu XL, séu þau jafn gömul.

Kynntu þér málið á www.okkar.is eða hringdu í síma 540 1400.

**OKKAR líftryggingar – með þér alla ævi**

www.okkar.is

okkar
- til öryggis síðan 1966

## Opið bréf til innanríkisráðherra

NÁTTÚRUVERND



**Björn Guðmundsson**
framhaldsskólakennari

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir.

21. október voru margir Íslendingar sem elska landið sitt teknir höndum af lögreglu undir þinni stjórn. Fólkinu var varpað í fangelsi og á yfir höfði sér sektir eða fangelsisvist fyrir þá glæpi sem það framdi, sem fólust í að reyna að vernda ómetanlega náttúru og sögustaði í Gálgahrauni.

8. maí á þessu ári helltu Þríhnúkar ehf. niður 600 lítrum af olíu á vatnsverndarsvæði Reykvíkinga. Reglur voru brotnar. Skv. rannsóknarskýrslu tókst að hreinsa upp 250 lítra af olíu, en 350 lítrar eru nú komnir niður í grunnvatnið á svæðinu og enda hugsanlega í vatnsbólum Reykvíkinga.

**1** Hefur einhver verið handtekinn og sóttur til saka vegna olíuglæpsins?

**2** Var fólkið í Gálgahrauni að fremja alvarlegri glæpi en þeir sem helltu niður olíunni?

**3** Hafa Þríhnúkar ehf. misst starfsleyfi sitt við Þríhnúkagíg vegna olíuhneykslisins og verulegra landspjalla á svæðinu?

**4** Ef svarið við spurningu 3 er neikvætt, hver er þá skýringin?

**5** Hvort finnst þér mikilvægara að vernda vatnsbólin okkar og náttúruna umhverfis Þríhnúkagíg eða að þjóna gróðafíkn eigenda Þríhnúka ehf.?

**6** Hvað þarf að hella mörgum lítrum af olíu niður á vatnsverndarsvæði Reykvíkinga til að það teljist glæpur sem kostar starfsleyfismissi, sektir eða fangavist?

Ég geri ráð fyrir að rými fáist á síðum þessa blaðs til að svara þessum spurningum skilmerkilega.



†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR SIGURÐSSON**
**Vallarbraut 6, Reykjanesbæ,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 21. október. Útför hans fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 1. nóvember kl. 14.00.

**Sesselja (Stella) Ingimundardóttir**
**Inga Benný** | **Azzan Kanan**
**Sigurður J. Guðmundsson** | **Svanborg K. Magnúsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir** | **Valdimar Sigurjónsson**
**Einar M. Guðmundsson** | **Guðbjörg F. Guðmundsdóttir**
**barnabörn.**



†

Bróðir minn,

**GUNNAR SIGURÐSSON**
**bifreiðarstjóri**
**Tjarnarbrú 16, Höfn í Hornafirði,**

lést á hjúkrunarheimilinu HSSA sunnudaginn 27. október. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju laugardaginn 2. nóvember kl. 13.00, jarðsett verður í Stafafellskirkjugarði í Lóni. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið HSSA.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Sigurþór Sigurðsson**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR INGÓLFSSON**
**frá Eyri við Ingólfsfjörð,**
**Háeyrarvöllum 34, Eyrarbakka,**

sem lést föstudaginn 25. október verður jarðsunginn frá Eyrarbakkakirkju 2. nóvember kl. 14.00.

**Ingunn Hinriksdóttir** | **Sævar Sigurðsson**
**Halldór Björnsson** | **Hafdís Edda Sigfúsdóttir**
**Sigríður Guðlaug Björnsdóttir** | **Jón Birgir Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Hefur starfað hjá Sjóvá í heil fimmtíu ár

**Ragnheiður Kristjánsdóttir hefur starfað í hálfa öld hjá Sjóvá og var haldið upp á tímamótin með pomp og prakt fyrir skemmstu. Hún segist hafa fengið að njóta sín í starfi.**

„Ég hef verið rosalega heppin með það að ég hef fengið að njóta mín í starfi öll þessi ár og hefði líklega ekkert grætt á því að skipta um vinnu," segir Ragnheiður Kristjánsdóttir sem hefur starfað hjá Sjóvá í hálfa öld. Af því tilefni var fyrir skemmstu haldið samsæti til heiðurs Ragnheiði í höfuðstöðvum Sjóvár í Kringlunni þar sem boðið var upp á veglegar tertur og snittur og starfsmanninum til fimmtíu ára færð blóm og peningagjöf. „Svo varð félagið 96 ára og haldin árshátíð í Hörpu daginn eftir, þannig að þetta var afskaplega fín helgi," segir Ragnheiður.

Ragnheiður var aðeins sextán ára gömul þegar hún hóf störf hjá Sjóvá í október árið 1963. „Ég kom til starfa beint úr verslunardeild Laugarnesskólans, en sú deild var einungis starfsrækt til prufu í tvö ár. Þá var Bíladeild Sjóvár til húsa á Laugavegi 176 og þremur árum síðar hófust útsendingar Ríkissjónvarpsins úr sama húsi," rifjar Ragnheiður upp og segist heldur betur hafa rekist á sjónvarpsstjörnur þess tíma á hverjum einasta vinnudegi. „Ég man til dæmis vel eftir öllum aprílgöbbunum sem voru tekin upp fyrir sjónvarpið á Laugaveginum. Aprílgöbbin voru ný á þessum tíma og afskaplega skemmtileg."

Fljótlega var Ragnheiður send á námskeið hjá IBM á Íslandi til að læra að starfa með gataspjöld, en þeim undanfara tölvunnar fylgdu stórar og miklar vélar. Í kjölfarið færði Ragnheiður sig um set milli vistarvera fyrirtækisins, meðal annars í Ingólfsstræti, Suðurlandsbraut og Kringlunni, þegar fyrirtækið sameinaðist Almennum tryggingum árið 1989, og einnig milli deilda innan Sjóvár en hún hefur starfað í öllum deildum fyrirtækisins nema innheimtudeild á þessum fimmtíu árum. „Innheimta er ekki mín sterka hlið. Ég myndi örugglega gefast strax upp því mér finnst svo erfitt að rukka fólk," segir Ragnheiður, sem hefur verið fulltrúi í tjónadeild frá árinu 2008.




**LANGUR FERILL** Ragnheiður Kristjánsdóttir var aðeins sextán ára gömul þegar hún hóf störf hjá Sjóvá haustið 1963. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ragnheiður segir árin hjá Sjóvá hafa verið einkar ánægjuleg. „Ég hef verið mjög heppin með samstarfsfólk og á marga góða vini eftir þennan tíma. Mér hefur gefist kostur á að prófa eitthvað nýtt reglulega og vinna mig upp, sem er ómetanlegt," segir Ragnheiður að lokum.

kjartan@frettabladid.is



†

Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**AÐALHEIÐAR SVAVARSDÓTTUR**
**Gullsmára 7, Reykjavík,**

sem lést föstudaginn 25. október, verður frá Kópavogskirkju föstudaginn 1. nóvember kl. 13.00.

**Ólafur Tryggvason** | **Halla Stefánsdóttir**
**Svavar Tryggvason** | **Aðalbjörg Jóhannesdóttir**
**Sigrún Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARÍA JÓHANNSDÓTTIR**
**Meðalholti 14,**

lést sunnudaginn 27. október. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 4. nóvember kl. 13.00.

**Halldór Þórisson**
**Jóhanna Magnea Þórisdóttir**
**Þórir Þórisson** | **Halldóra Kr. Valgarðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR HÓLM ÞORSTEINSSON**
**Hjallabraut 33, Hafnarfirði,**

lést á Sólvangi í Hafnarfirði, sunnudaginn 27. október. Sálumessa verður sungin í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti, mánudaginn 4. nóvember, klukkan 11.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Sagnfræðisjóð Björns Þorsteinssonar við Háskóla Íslands: reikn. 0111-26-5712 – kt. 571292-3199 eða í síma 525-4000.

**Torfhildur Steingrímsdóttir**
**Guðrún Unnur Martyny** | **Donald Martyny**
**Ólafur Sigurðsson** | **Anna Bergsteinsdóttir**
**Pétur Már Sigurðsson** | **Stefanía Úlfarsdóttir**
**María Sigurðardóttir** | **Örn Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, systur og mágkonu,

**GUÐRÍÐAR GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Laufvangi 18, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem komu að umönnun í veikindum hennar.

**Alf H. Pedersen**
**Helene H. Pedersen** | **Einar Hjaltason**
**Guðmundur Þórir Pedersen** | **Berglind Einarsdóttir**
**Anita Sigurveig Pedersen** | **Sigurður Einar Marelsson**
**Hafdís, Þórhallur Ísak, Hugrún, Sylvía Rós, Sóley Katrín, Óttar Freyr, Sindri Marel og Örvar Hrafn**
**Þuríður Guðmundsdóttir** | **Kristján B. Kristjánsson**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA MAGNÚSDÓTTIR**
**Hvanneyrarbraut 44, Siglufirði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar sunnudaginn 27. október.

**Magnús B. Jónasson** | **Margrét Maronsdóttir**
**Ævar B. Jónasson** | **Guðlaug Friðriksdóttir**
**Sigrún J. Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Þökkum innilega samúð og vinarhug vegna fráfalls ástkærrar eiginkonu, móður okkar, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**REGÍNU FJÓLU SVAVARSDÓTTUR,**
**Aflagranda 40, Reykjavík.**

**Hans R. Berndsen**
**Kristjana Albertsdóttir**
**Ragnhildur Albertsdóttir** | **Rúnar Benjamínsson**
**Hrönn Albertsdóttir**
**Lilja Albertsdóttir**
**Ásgeir Albertsson** | **Jarþrúður Jónsdóttir**
**Regína Berndsen**
**og ömmubörnin.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**FJÓLA STEINDÓRA HILDIÞÓRSDÓTTIR**
**Austurmýri 13, Selfossi,**

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi 27. október. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 2. nóvember kl. 15.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Fossheima og Sjúkrahúss Suðurlands fyrir hlýtt viðmót og góða umönnun.

**Sigurður Kristinn Sighvatsson**
**Guðbjörg Sigurðardóttir** | **Kristinn Ólafsson**
**Hilmar Sigurðsson** | **Hulda Guðmundsdóttir**
**Hjalti Sigurðsson** | **Ragnheiður Jóna Högnadóttir**
**Helgi Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



4BLS
KIPPA ÚT :)
ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
BF4
STÆRSTI
LEIKUR ÁRSINS
7.990
BATTLEFIELD 4
Ef þú finnur leikinn auglýstan ódýrari en hjá okkur
VERÐ
VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
ENN
BETRA
VERÐ
Silicon Power
16GB MINNISLYKILL
Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli
1.990
4GB 1.290 • 8GB 1.490 • 32GB 4.990
AÐEINS
147gr
Silicon Power
10X
1TB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!
12.900
500GB 9.990 I 1.5TB 19.900
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
SPJALDTÖLVUR
Notaðar og lítið útlitsgallaðar spjaldtölvur á ótrúlegu verði meðan birgðir endast
FRÁ 9.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
SMELLTU
Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP
NÝ
VERSLUN
STÆRSTA TÖLVU-
VERSLUN LANDSINS Í
HALLARMÚLA 2
Hallarmúla 2 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
31. október 2013 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EI

ÖLL TÆKI
VÖRN FYRIR ÖLL TÆKI ALLT AÐ 5 NOTENDA HEIMILISINS

McAfee
An Intel Company

### McAfee
### LiveSafe 2014

- Öryggisvörn og öflug vírusleitarvél
- Fyrir Windows, Apple og Android
- PC tune-up hraðar vinnslu stýrikerfis
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangsstýring barna á netinu
- Má setja upp á öll tæki heimilisins

**6.990**
ALHLIÐA ÖRYGGISVÖRN

Wi-Fi ÞRÁÐLAUS
ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ:)
Canon

### MG5550
### WiFi FJÖLNOTATÆKI

- Prentar, skannar og ljósritar - þráðlaust!
- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- ISO hraði 12.2 bls á mín í svörtu / 8.7 í lit
- Prentar báðum megin með Auto Duplex
- AirPrint sem prentar frá Android ofl.
- 1200x2400dpi hágæða A4 skanni
- 6.2cm litaskjár sýnir myndir og aðgerðir

**19.900**
ÞRÁÐLAUS PRENTUN

ÖLL ÞÍN GÖGN! 3TB HVAR OG HVENÆR SEM ER:)
LACIE

### CLOUDBOX
### ÞITT EIGIÐ 3TB TÖLVUSKÝ

LaCie CloudBox tengir þig við þinn heim. Öll þín tónlist, kvikmyndir, ljósmyndir og meira, aðgengilegt á öllum þínum tölvum og tækjum hvaðan sem er í heiminum:)

- 3TB LaCie CloudBox tölvuský
- Gögnin þín alltaf við hendina hvar sem er
- Deildu gögnum með vinum og fjölskyldu
- Sjálfvirk gagnafritun, Time Machine ofl.
- Streymir margmiðlunarefni í öll tæki
- 10 notendur með lykilorð og einkamöppur
- Gigabit net, HTTP, FTP, SMB og Torrent
- Fyrir PC, Mac, Android, iOS, SmartTV, ofl.

**29.900**
ÞITT EIGIÐ TÖLVUSKÝ :)

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GIGABYTE SKJÁKORTUM

6.0GHz GDDR5 MINNI
1075MHz OG ALLT AÐ 30% YFIRKLUKKUN MEÐ ENN ÖFLUGRI 2X WINDFORCE KÆLINGU MEÐ KOPAR HITAPÍPUM

GIGABYTE

### HD7790OC
### NÝJASTA KYNSLÓÐ GIGABYTE

Ótrúlega öflugt leikjaskjákort frá GIGABYTE með yfirklukkuðum kjarna og 6.0Ghz GDDR5 minni ásamt yfirburða öflugri en hljóðlátri Ultra Durable WINDFORCE 2X kælingu.

- Eitt vinsælasta leikjaskjákortið í dag
- 2GB GDDR5 6.0GHz 128-bit minni
- DirectX11 og HD3D í nýjustu leikina
- 896 Stream P.U. & 56T.U. fyrir leikina
- Með Eyefinity spilar þú leiki í 3 skjám
- Gullhúðað HDMI 1.4a, 2xDVI, 1xDP
- Ultra Durable 2oz Copper tækni
- Mjög hljóðlát WINDFORCE 2X tækni

**19.900**
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

10% AFSLÁTTUR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### GTX760OC
### OFUR ÖFLUGT LEIKJASKJÁKORT

- Eitt öflugasta leikjaskjákortið í dag
- 2GB GDDR5 6.0GHz 256-bit minni
- PCI-E 3.0 3D Vision í nýjustu leiki
- 1152 CUDA cores og 96T.U. fyrir leiki
- Hægt að tengja og spila leiki í 4 skjám
- Gullhúðað HDMI 1.4a, 2xDVI, 1xDP
- Ultra Durable 2oz Copper tækni
- Mjög hljóðlát WINDFORCE 3X tækni

**44.900**
HRAÐASTA GTX760 Í HEIMI!

USB 3.0
10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA
LACIE

### MINIMUS
### 2TB USB 3.0 FLAKKARI

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**19.900**
3TB AÐEINS 26.900

TRUE BLACK VA LED
TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN
GW2760HS
SLIM BEZEL ÖRÞUNNUR RAMMI
BenQ

### 27" VA LED
### FULL HD VA-LED

- 27" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni

**49.900**
22" 24.900 | 24" 37.900

120Hz
27" 120Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!
XL2720T
GEFORCE 3D VISION READY
BenQ

### 27" 3D LED
### 120Hz LEIKJASKJÁR

- Sérhannaður 120Hz 3D LED leikjaskjár
- 27" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI, DVI-DL, DisplayPort 1.2, VGA
- UltraFlex upphækkanlegur fótur
- S-Switch fjarstýring fyrir leikjaprófíla

**99.900**
24" 144Hz 3DLED 69.900

GL2450
**29.900**
MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR
BenQ

### 24" FULL HD LED

2TBEXPSG
**14.900**
ÓTRÚLEGT TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Seagate

### 2TB USB3 FLAKKARI

Rock100
**4.990**
3 LITIR

### HLJÓMGÆÐI

308E2K
**7.990**
Ertu í vandræðum með þráðlausa netið?
TRENDnet

### NET YFIR RAFMAGN

GIGABYTE LACIE BenQ Canon Silicon Power



**NÝR HJÁ MOSCHINO** Tískuhönnuðurinn Jeremy Scott verður listrænn stjórnandi tískumerkisins Moschino SpA. Hann tekur við af Rosellu Jardini sem hefur veitt merkinu forstöðu frá dauða stofnanda þess, Franco Moschino, árið 1994.














**ENGIN HORN** Bryndís Hera Gísladóttir var kosin í 5. sæti í Ungfrú Ísland. Um förðun á þessari mynd sá Andrea Sigurðsdóttir með Nyx-förðunarvörum.

# VANTAR HORNIN

**PÚKASTELPAN** *Bryndís Hera Gísladóttir var í september kosin fimmta fegurst í Ungfrú Ísland og auk þess púkastelpa ársins. Hún segist enginn púki.*

Falleg föt hafa alltaf verið áhugamál hjá mér og ég á rosalega mikið af þeim," segir Bryndís Hera sem að undanförnu hefur þrívegis farið utan með kærastanum Ásgeiri Kolbeinssyni og gert reyfarakaup á flottum tískufatnaði.

„Við Ásgeir deilum ferðabakteríunni og förum utan sem oftast. Fyrst förum við til New York, síðan í sólarlandaferð til Spánar og síðast til Lundúna. Í desember ætlum við aftur til New York þar sem ég ætla að kaupa mér marga jólakjóla og smávegis af jólagjöfum," segir Bryndís og hlakkar til.

„Ég hef engan ákveðinn stíl heldur sveiflast dag frá degi á milli á stíla. Ég var til dæmis lítið fyrir kjóla áður en ég eignaðist svona mikið af þeim og ▶

MYND/STEFÁN









NÝR HEIMUR OPNAÐIST Baldur Kristjánsson ljósmyndari hafði frekar staðlaðar hugmyndir um prjónaskap áður en hann kynntist prjónateyminu Ragnheiði Eiríksdóttur og Stephen West en Baldur tók ljósmyndir af íslensku tónlistarfólki í prjónafötum eftir þau í nýju bókina þeirra, Knit to the music. MYND/DANÍEL

# HORFIR ÖÐRUM AUGUM Á PRJÓN

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Nýr heimur opnaðist fyrir Baldri Kristjánssyni ljósmyndara þegar hann sótti prjónaráðstefnu Vogue í New York ásamt Röggu Eiríks og Stephen West. Baldur tók myndirnar í nýrri bók þeirra, Knit to the music.*

Ég var ekkert að tengja við þetta til að byrja með og þekkti þennan prjónaheim ekki neitt. Þegar ég sá svo flíkurnar og umfangið í kringum þetta varð ég frekar spenntur,“ segir Baldur Kristjánsson ljósmyndari en hann myndaði íslenskt tónlistarfólk í prjónafötum eftir prjónateymið Ragnheiði Eiríksdóttur og Stephen West fyrir nýja bók þeirra, Knit to the music.

Baldur segist reynslunni ríkari eftir að hafa tekið þátt í verkefninu enda hafi hann haft staðlaðar hugmyndir um prjónaskap áður. „Ég fór með Röggu og Stephen til New York á Vogue Knitting Convention og þá opnaðist alveg nýr heimur fyrir mér. Ég hafði alltaf séð fyrir mér eldri konur að prjóna lopapeysur en þarna voru þvílíkir hipsterar á ferðinni,“ segir Baldur hlæjandi. „Þetta var mjög fyndin upplifun. Ég vissi heldur ekki hvað Stephen er mikil rokkstjarna í prjónaheiminum. Ég er reyndar ekki farinn að prjóna sjálfur eftir þessa uppljómun en það var ótrúlega skemmtilegt að vera með í þessu og verkefnið er flott,“ segir Baldur. „Það voru líka allir tilbúnir að taka þátt, sem er svo frábært við litla Ísland. Það þurfti bara eitt símtal og þá voru allir til í allt, hvort sem það var að fara ofan í baðker og láta skvetta yfir sig vatni eða eitthvað annað. Ragga er líka þannig týpa að hún lætur hlutina einfaldlega gerast. Verkefnið var unnið á stemningunni og ég fékk algjört frelsi til að útfæra hlutina eins og ég vildi. Ég er rosalega ánægður með útkomuna.“

Sýning á ljósmyndunum og prjónaflíkunum í bókinni var opnuð á Kex hostel síðastliðinn þriðjudag og stendur til 30. nóvember. Eftir það segir Baldur að farið verði með sýninguna til útlanda, meðal annars til Bandaríkjanna og Japans.

heida@365.is



DJ MARGEIR Í BAÐI „Verkefnið var unnið á stemningunni,“ segir Baldur. MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

**PRJÓNABÓK**
*Bókin Knit to the music kemur út í byrjun desember.*

▶ líður jafn vel í gallabuxum eða íþróttafötum,“ segir Bryndís sem er litaglöð.

„Ég valdi mér gula vetrarúlpu því glaðlegir litir klæða mig vel. Þessi úlpa er mér allt því hún er hlý eins og sæng og dýrmæt því hún var rándýr og tók mig langan tíma að safna fyrir henni.“

Í Fegurðarsamkeppni Íslands var Bryndís kosin fimmta fegurst og fyrirsæta Júník og Púkans.com. Af því er viðurnefnið púkastelpan komið.

„Það halda margir að ég sé púki í mér en ég er hvorki púkaleg né púki og það vantar á mig hornin,“ segir hún og hlær.

Bryndís er fædd og uppalin í Þorlákshöfn og nýlega flutt til borgarinnar.

„Ég er meiri sveitastelpa en borgarbarn og líður best í sveitinni. Mér fannst gott að alast þar upp og tel betra fyrir börn að alast upp við frelsið sem fylgir því að búa í litlum bæ eða sveit.“

Bryndís er nú á lokaári til stúdentsprófs við Fjölbrautaskóla Suðurlands og vinnur á Austur með náminu.

„Mig langar í skapandi nám eftir stúdentspróf og er alltaf uppfull af hugmyndum um hönnun á öllu mögulegu. Ég hef alltaf verið frjó í hugsun og skapaði mér strax eigin fatastíl sem barn, eins og þegar ég strengdi græna skóreim utan um hausinn og stóð á því fastar en fótunum að flott væri að fara þannig út þótt frænka mín harðneitaði að láta sjá sig með mér.“

thordis@365.is



FALLEG Bryndísi dreymir um að búa á jörð nærri borg eða bæ í framtíðinni. MYND/STEFÁN




POP-UP
TÍSKU MARKAÐUR
Enn meiri verðlækkun!
Verð:
1.900 - 9.900
MC PLANET
VÖRUMERKIÐ HÆTTIR!
MÖRKINNI 6 - 108 REYKJAVÍK
OPNUNARTÍMI:
MÁN.-FÖS: 13-18 - LAU. 12-16

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# FEMARELLE DREGUR ÚR VERKJUM OG VANLÍÐAN

**ICECARE KYNNIR** *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að öðlast betri líðan.*



**ALLT ANNAÐ LÍF** Eva Ólöf segir að líf sitt hafi breyst til mikils batnaðar eftir að hún fór að taka inn Femarelle. MYNDIR/STEFAN

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Framtalsfrestur lögaðila er liðinn, við leysum það strax. Alhliða bókhaldsþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga. AP Bókhaldsþjónustan s. 698-8985, petur@apbokhald.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**

Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald



**PARKETSLÍPUN REYKJAVÍKUR**

Parketslípun um allt land. 20 ára reynsla. Aðeins hágæða efni. kr. 2500.- fm. www.parketslipunrvk.is S. 7728100. Geymið auglýsinguna. Alltaf besta verðið.

Jói Smiður. Viðhald og nýsmíði. Tilboð eða tímavinna. HEIMASÍÐA: joismidur.is. Jóhann 897 3006.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Spádómar

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**

Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. . 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Önnur þjónusta




Skraddarinn á Horninu er byrjaður aftur hjá Árna Gærdbo klæðskerameistara. Opið alla virka daga frá kl. 10-16. S. 861 4380.

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

**GÁMUR TIL SÖLU**

20ft geymslugámur til sölu, 200þús. Uppl. í s. 898 4202.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**




# STÆRSTU MERKIN

## Í TÖLVUTEK ERU ÖLL STÆRSTU MERKIN Í FARTÖLVUM Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI

KB-12506

**TE69**

- AMD Kabini Dual Core E1-2500 1.5GHz
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED Ultrabright 1366x768
- 2GB ATI HD8240 DX11 skjákjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 720p háskerpu vefmyndavél
- Lyklaborð með sjálfstæðu talnaborði
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**79.900**

FRÁBÆR Í SKÓLANN;)

KB-45006

**TE69**

- AMD A4-5000 Quad Core 1.5GHz
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED Ultrabright 1366x768
- 4GB ATI HD8330 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 720p háskerpu vefmyndavél
- Lyklaborð með sjálfstæðu talnaborði
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

ÖFLUG QUAD CORE FARTÖLVA

85558G1

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT

**V5-552**

NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva ásamt einum öflugasta skjákjarna í heimi og ótrúlegu hljóðkerfi.

30% STÆRRI SNERTIFLÖTUR

KEMUR Í PREMUR LITUM

- AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 4GB ATI HD8550G DX11 öflugur skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 720p HD CrystalEye vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**129.900**

FÆST Í 3 LITUM

7450121

BAKLÝST LYKLABORÐ FULLRI STÆRÐ

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT

**V5-573G**

KRAFTMIKIL ACER FARTÖLVA

Ein öflugasta og glæsilegasta fartölvan í dag með nýjasta Intel Haswell i7 örgjörvanum, ofur öflugu 4GB leikjaskjákorti og ótrúlegu hljóðkerfi.

- Intel Core i7-4500U 3.0GHz Turbo 4xHT
- 12GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 4GB GeForce GT750M leikjaskjákort
- Lyklaborð og Acer Zoom Perfect snertiflötur
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**199.900**

MEÐ i5 & 500GB 179.900

122P

TRUE HD IPS HÁGÆÐA 10-PUNKTA FJÖLSNERTISKJÁR

**V5-TOUCH**

- AMD A4-1250M Dual Core 1.0GHz
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 5400RPM diskur
- 11.6" HD 1366x768 IPS fjölsnertiskjár
- 2GB ATI Radeon HD8210 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Baklýst lyklaborð og stærri snertiflötur
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**89.900**

14" V5-TOUCH 129.900

53314G

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 11mm OG 1.2kg

**S5-391**

- Intel Core i5-3317U 2.6GHz Turbo 4xHT
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 128GB SATA3 SSD diskur - Instant ON
- 13.3" HD LED CineCrystal 1366x768
- 1GB Intel HD 4000 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 6 tímar
- 720p HD Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**149.900**

ÞYNNSTA ULTRABOOK Í HEIMI

NÝ VAR AÐ LENDA

KB-45004G5

**LE69**

- AMD A4-5000 Quad Core 1.5GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED Ultrabright 1600x900
- 4GB ATI HD8330 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 17"

W510-64GB

TRUE HD IPS ÓTRÚLEGA NÁKVÆMUR 178° SJÓNARHORN

18 TÍMAR

**ICONIA W5**

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1366x768
- Intel Dual Core Atom Z2760 1.8GHz Turbo, 4xHT
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 64GB FLASH SSD og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0 og NFC
- Tvær myndavélar 8MP m/flassi og FullHD
- USB2, USB2 micro, HDMI1.4a micro
- Lyklaborðsvagga með aukarafhlöðu fylgir
- Windows 8 og Office 2013 Home&Student

**149.900**

MICROSOFT OFFICE 2013 FYLGIR

S4380

**99.900**

TOSHIBA U945

14" fartölva með Intel i3 örgjörva, 4GB minni, 500GB disk + 32GB SSD og Windows 8

ÓTRÚLEG ULTRABOOK

i5 + 500GB

**199.900**

VERÐVÖRN

13.3" MacBook AIR

SVF1521D2E

**144.900**

i3 VAIO

15,5" fartölva með Intel Core i3-3217U örgjörva, 2GB GT740 leikjaskjákorti og Windows 8

SONY MEÐ SNERTISKJÁ

**129.900**

HP SleekBook

Glæsileg 15,6" fartölva með Intel i5 Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og Windows 8 stýrikerfi

i5 MEÐ SNERTISKJÁ

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, Fleshlight fyrir hann o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort.Sendum um allt land www.hush.is




## Ýmislegt

Blautbúningur ásamt tilheyrandi köfunarbúnaði til sölu. Uppl. í s. 8942874

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næröu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 776 6696 Sigurður

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalhrauni 13. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshrauni 13.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**PENTHOUSE Í GRV**
Penthouse til leigi í Grv. 160 fm. 2 svefnherbergi, möguleiki á 3. herberginu. Mikið útsýni. Svar berist fréttablaðinu hjá smaar@frettabladid.is

Til leigu 2. herb., 70fm íbúð í Kóp. m. húsgögnum. Leigut. 6 mán. Verð. 135þús. s. 777-4661.

Available now!! Fully furnished room for rent, 101 Rvk, with access to kitchen, bathroom, washing machine, internet. Tel. +3546921681 Call after 15:00.

Einstaklings íbúð til leigu á sv. 101. Uppl. í s. 662 4272.

## Húsnæði óskast

Par leitar eftir húsnæði í Reykjavík. Birgir R. J. s: 820-2223.

## Atvinnuhúsnæði

85 ferm. gott iðnaðarhúsnæði við Bæjarlind. Frá næstu m.m. Innkeyrsludyr. Hagstæð leiga S: 892 1316.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUHÚS.IS**
Hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar, upph. húsnæði. Uppl. í síma 770-5144.

**GEYMSLUR TIL LEIGU.**
3 stærðir í boði 11 til 20fm. Einnig leiga á brettum undir minni búslóðir. Nánari upplýsingar í síma 571 6005 og 898 8070. Aðalgeymslur Lynghálsi 10.110 Rvk

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMI FELLIHÝSI, TJALDVAGNA OG BÍLA**
16 ára reynsla, vönduð umgengni. Uppl. 897 1731.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði




Óskum eftir vönum pizzbökurum á Hróa Austurstræti. Uppl. 775 3939 Geir eða hroi@hroi.is

**VÉLVIRKI / VANUR MAÐUR ÓSKAST**
Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja / vanan mann í málmsmíði / vélavinnu. Fjölbreitt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122 Örn efnir@efnir.is www.alheimar.is

**RAFVIRKJAR**
Rafvirkja fyrirtæki óskar eftir rafvirkja með sveinspróf eða nema til starfa íslensku kunnátta skilyrði Upplýsingar sendist á smaar@frettabladid.is merkt rafvirki

**LITALÍNAN EHF**
Óskar eftir lærðum málurum í málningarvinnu. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445.

SOS Barnaþorpin óska eftir fólki í úthringistörf 2-3 kvöld í viku. Upplýsingar gefur Ragnar í síma 564 2910 og ragnar@sos.is.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál







## tilkynningar

**Sveitarfélagið ÁRBORG**

# Skipulags og byggingardeild

Sveitarfélagið Árborg kynnir Skipulags- og matslýsingu á aðalskipulagsbreytingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006:

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 vegna rafveitu og vegna hjólastíga. Heildarlengd jarðstrengsins er um 28 km, þar af um 16,5 km innan Sveitarfélagsins Árborgar.

Færður verður inn á aðalskipulagið 66kV jarðstrengur sem lagður verður milli Selfoss og Þorlákshafnar í þeim tilgangi að koma hringtengingu á milli Sogsvirkjana, Selfoss, Þorlákshafnar og Selfoss og auka þannig afhendingaröryggi svæðisins og getu til raforkuafhendingar.

Lýsing þessi er lögð fram til umsagnar hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum samtímis því að hún er kynnt almenningi á heimasíðu Sveitarfélagsins, www.arborg.is. Einnig er hægt að nálgast lýsinguna á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi.

Hægt er að koma á framfæri ábendingum um efni lýsingarinnar á skrifstofu skipulags-og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í netfangið bardur@arborg.is fyrir 15. nóvember n.k.

*Sveitarfélagið Árborg*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*

**Sveitarfélagið ÁRBORG**

## Auglýsing
## Um tillögu að deiliskipulagi lóðar í landi lögbýlisins Holts Stokkseyri

Samkvæmt 1.mgr.41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi lóðar í landi lögbýlisins Holts Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagstillagan nær til svæðis sem staðsett er norðan við lögbýlið Holt. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og er skipulagssvæðið 6,4 ha að stærð.

Lóðin er norðan við Holtsveg (314) og aðkoma að lóðinni er frá Holtsvegi með tengivegi á móts við lögbýlið Holt. Lóði er jafnslétt og grasi vaxin.

Á skipulagssvæðinu er heimilt að byggja þrjú loðdýrabú á einni hæð og skal mænishæð húsa ekki fara yfir 7,0 m frá endanlegu jarðvegsyfirborði. Húsin verða tengd saman með tengigangi.

Teikning ásamt greinagerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 31.október 2013 til og með fimmtudeginum 12.desember 2013.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 12.desember 2013 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning greinagerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hæg er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is

*Selfossi 29. október 2013.*
*Bárður Guðmundsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.*


# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.**




Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



KL. 21:10 THE BLACKLIST

Spennuþættir sem hafa fengið mikið lof vestanhafs með James Spader í aðalhlutverki.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

KL. 20:05
SÆLKERAFERÐIN
Gómsætir þættir þar sem Vala Matt ferðast í kringum Ísland og heimsækir sælkera.



KL. 20:25
MASTERCHEF USA
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni.



BÍÓ STÖÐIN KL. 22:00
THE NEXT THREE DAYS
Hörkufín spennumynd með Russell Crowe og Elizabeth Banks í aðalhlutverkum.



Krakkastöðin KL. 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 21:00
SHAMELESS
Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu með William H. Macy í aðalhlutverki.



KL. 21:50
BANSHEE
Spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrum fanga og afar útsmoginn þjófur.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

Krakkastöðin BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is VILD




## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | 8 | 3 | 7 | |
| 8 | | | | 7 | | | 9 | 6 |
| | | 6 | | 4 | 5 | | | 2 |
| 3 | | 1 | | 6 | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 7 | | |
| | | 7 | 2 | | 3 | | | |
| 9 | | 3 | 7 | | | 1 | | 5 |
| | | | | | | 2 | | |
| | 4 | 8 | | | | 9 | 3 | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | | | 2 | |
| | 5 | | | 6 | 2 | | | |
| 7 | 1 | | 3 | | 8 | | 4 | |
| 8 | 9 | | | 7 | | 4 | | |
| 2 | | 7 | | | | 3 | | 9 |
| | | 5 | 6 | | | 8 | 1 | |
| | | | 2 | 3 | | | | |
| | | | | 1 | 5 | 6 | | |
| | | | 8 | | 7 | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | 1 | 3 |
| | | | | 1 | 3 | | 6 | |
| | | | | 8 | 9 | | 5 | |
| 4 | | 8 | | | | | | 9 |
| | | 9 | | | 6 | | | |
| | | | | 2 | | | 3 | 1 |
| | | | 6 | | | | 2 | |
| | 4 | 1 | | | | 7 | | |
| 3 | | | | 4 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 2 | | 9 | | | | 3 |
| | | 9 | 7 | | | | | |
| | 1 | | | | 8 | | 5 | |
| 5 | 4 | | | | | 1 | 2 | 8 |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| | 2 | 6 | 5 | | 4 | 7 | | |
| | | | | | 7 | 2 | 9 | |
| 2 | 3 | 4 | | | | 6 | | 5 |
| | | | 4 | | 6 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | | | | |
| 4 | 2 | 8 | 6 | | 9 | | | |
| 6 | | | 2 | 4 | 7 | 8 | | 9 |
| | | | 3 | | | | 4 | 8 |
| | 3 | 7 | 9 | | | | 1 | |
| | | | | | | 3 | | 6 |
| 9 | | | 4 | 3 | | | | |
| 2 | | | | 8 | | | 3 | |
| | 8 | | 7 | | 5 | | | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 5 | | | 3 | | | |
| | 3 | | | | | | 5 | |
| | 2 | | | | 7 | | | |
| 5 | | | | | | 2 | 3 | 9 |
| | | 3 | 4 | | | 8 | | |
| | | 7 | | | | | 1 | 6 |
| | | | | 6 | | 1 | | 2 |
| 6 | | | 5 | | 4 | 9 | 8 | 7 |
| | | | 1 | | 8 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Öl er annar maður.

*Íslenskur málsháttur*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** leikni, **6.** bardagi, **8.** blund, **9.** skil, **11.** ullarflóki, **12.** pjátur, **14.** miklu, **16.** átt, **17.** rangl, **18.** of lítið, **20.** vörumerki, **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT 1.** skraf, **3.** gangflötur, **4.** pikkles, **5.** hyggja, **7.** andsvar, **10.** farfa, **13.** sönghús, **15.** fiskur, **16.** því næst, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** líst, **6.** at, **8.** lúr, **9.** bíl, **11.** rú, **12.** blikk, **14.** stóru, **16.** sv, **17.** ráf, **18.** van, **20.** ss, **21.** orri.

**LÓÐRÉTT: 1.** rabb, **3.** íl, **4.** súrkrás, **5.** trú, **7.** tilsvar, **10.** lít, **13.** kór, **15.** ufsi, **16.** svo, **19.** nr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Fjölnismaðurinn Thomas Henrichs (2.476) vann Bolvíkinginn Braga Þorfinnsson (2.483) á snaggaralegan hátt á Íslandsmóti skákfélaga. Svartur á leik:**



30…Hxb2! 31. Kxb2 (31. De3 hefði verið betra) 31…Dxd2+ 32. Bc2 Bf5 33. Hc1 f1D! Laglegur lokahnykkur. Hvítur gafst upp enda verður hann mát hvort sem hann drepur drottninguna með drottningu eða hróki. **www.skak.is** Íslandsmót unglinga á Akureyri næstu helgi.

20%




**Happy People súkkulaðistafur & KOKO kókosmjólk**
Dásamlegt heitt kakó í kósíheitum.
20% AFSLÁTTUR

25%




**Aubrey lífræn andlitslína**
Hreinasta húðlínan á markaðnum!
25% AFSLÁTTUR
(Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST)




20%

NÝTT FRÁ YOGI
**Bedtime & positive energy te**
Fyrsta „góða nótt“ teið frá Yogi.
20% AFSLÁTTUR

# DÁSAMLEGAR VÖRUR FYRIR VETURINN Á TILBOÐI

DAGANA 29. OKT. – 10. NÓV.

25%




**Nature Plus bætiefnalínan**
Frábær bætiefni fyrir alla.
25% AFSLÁTTUR

15%

20%











**Solaray**
**Sea Buckthorn hylki**
Omega 7 fitusýra fyrir húðina
20% AFSLÁTTUR

**Triphala hylki, olía og Neti Pot**
Himalyan Institute. Frábær hreinsun!
15% AFSLÁTTUR

25% EF KEYPT SAMAN




3 FYRIR 2




D-VÍTAMÍNBÓKIN 2.490 KR.






25%

**Hárkúr & þaratöflur**
**Guli miðinn**
Styrkir húð, hár og neglur.
Ótrúlegur árangur!
25% AFSLÁTTUR EF KEYPT SAMAN

**VIVANI lífrænt lúxussúkkulaði**
Þú kaupir þrjú en borgar fyrir tvö.

**D-vítamínbókin**
Ný bók, full af fróðleik
um gagnsemi D-vítamíns.
Frábært verð!
2.490 KR.

**Dularfullt og seiðandi baðsalt**
25% AFSLÁTTUR

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI | LÁGMÚLA | KRINGLUNNI | SMÁRATORGI | SELFOSSI | AKUREYRI | REYKJANESBÆ

ÍSLENSKA SIA.IS HLS 66195 10/13

## Bjarki enn á toppnum



Ljóðabók Bjarka Karlssonar, Árleysi alda, trónir á toppi metsölulista Eymundsson aðra vikuna í röð. Bjarki hlaut sem kunnugt er Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handritið og lesendur virðast sammála dómnefnd verðlaunanna um að hér sé eðalbók á ferð.

Maður sem heitir Ove er komin í annað sæti eftir að hafa einokað toppsætið vikum saman, en skammt undan eru jólaskáldsögurnar, Mánasteinn Sjóns í þriðja sæti og Glæpurinn eftir Árna Þórarinsson í því fjórða. Í fimmta sæti situr bókin Iceland Small World eftir Sigurgeir Sigurjónsson. - fsb

## Grannmeti og átvextir

Í tilefni af endurútgáfu bókar Þórarins Eldjárn Grannmeti og átvextir mun Ljótikór í kvöld endurflytja dagskrá sína Grannmetis- og átvaxtaveisla Ljótakórs en hún var frumflutt vorið 2012. Öll tónlist í dagskránni er eftir Hauk Tómasson tónskáld og textinn eftir Þórarin úr fyrrnefndri bók, en Ljótikór leggur sig fram um að fara nýstárlegar leiðir í tónlistarflutningi.

Tónleikarnir fara fram í Tjarnarbíói og hefjast klukkan 20. Aðeins verða þessir einu tónleikar.



**LEIKRÆNT** Ljótikór fer nýstárlegar leiðir í tónlistarflutningi.



**LEIÐSÖGUKONAN** Sigurlín Bjarney Gísladóttir skáld verður allsráðandi í ljóðarútunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leynigestur frá fyrri tíð í ljóðarútunni

Lestrarhátíð í Reykjavík lýkur í kvöld með því að ljóðarúta ekur um borgina. Um borð verða ýmis valinkunn skáld sem lesa úr verkum sínum.

Lokaviðburður Lestrarhátíðar í ár fer fram í ljóðarútu sem keyrir um í borgarmyrkrinu í kvöld. Ljóðin lögðu af stað í ferðalag um borgina þann 1. október þegar Lestrarhátíð hófst og því vel við hæfi að ljúka mánuðinum á ljóðrænum rúnti með einvalaliði skálda.

Ljóðarútan fer frá Hörpu klukkan 20 og tekur ferðin um eina og hálfa klukkustund. Sigurlín Bjarney Gísladóttir, skáld og leiðsögukona, fer með gesti um upplýsta borgina í kvöldmyrkrinu og skáldin stíga um borð um stund þar til þau hverfa aftur út í næturmyrkrið. Meðal skáldanna eru Bjarki Karlsson, Bragi Ólafsson, Gerður Kristný, Heiða Eiríks, Kári Tulinius, Sindri Freysson, Valgerður Þóroddsdóttir og Þórdís Gísladóttir.

Ferðinni lýkur við Hörpu klukkan 21.30 þar sem ljóðskáld frá fyrri tíð stígur um borð og biður gesti um að nefna sig.

Sætafjöldi er takmarkaður og er áhugasömum bent á að nauðsynlegt er að bóka far með rútunni með því að senda póst á netfangið bokmenntaborgin@reykjavik.is.



**TRÍÓ KALINKA** Jónas Ásgeir, Gerður Bolladóttir og Marina Shulmina koma fram saman í Háteigskirkju.

# Dansar og rómansar

Rússneskt yfirbragð verður á hádegistónleikum í Háteigskirkju á morgun, föstudag.

Tríó Kalinka kemur fram á hádegistónleikunum í Háteigskirkju á morgun. Tríóið skipa við það tækifæri Gerður Bolladóttir sópran, Marina Shulmina sem leikur á rússneska hljóðfærið domra og einnig Jónas Ásgeir Ásgeirsson sem leysir Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur af á harmonikunni.

„Domra er mjög sérstakt þriggja strengja rússneskt hljóðfæri sem er sjaldgæft hér á Íslandi. Það og harmonikan mynda ótrúlega flottan tón saman og gera það að verkum að allur flutningur okkar verður með rússnesku ívafi, jafnvel á íslenskum sönglögum eftir Þórarin Guðmundsson og Karl O. Runólfsson,“ segir söngkonan Gerður. Á dagskránni verða líka rússnesk þjóðlög og fjörugir dansar og rómansar bæði frá Íslandi og Rússlandi að hennar sögn. - gun



**LISTAMAÐUR** Alicja hefur mikinn áhuga á spurningum eðlisfræðinnar. MYND/STEFÁN

# Mestan áhuga á því sem enginn getur útskýrt

Sýning Alicja Kwade samanstendur af skúlptúrum og innsetningum. Sýningin verður opnuð í Galleríi i8 í dag. Alicja segist leita einfaldra leiða til að komast nær skilningi á veruleikanum.

Í dag opnar hin pólska Alicja Kwade sýninguna Fastastjörnur og önnur skilyrði í gallerí i8 í Tryggvagötu. Sýningin samanstendur af skúlptúrum og innsetningum, en Alicja hefur hlotið fjölda viðurkenninga á undanförnum árum fyrir verk sín. Alicja spilar saman fundnum hlutum, úr nánasta umhverfi eða keyptir á Ebay, og hinum ýmsu iðnaðarefnum.

Verkin búa yfir formrænum eiginleikum höggmyndalistarinnar og eiga sér rætur í naumhyggju. Hún hefur áhuga á vísindalegum fyrirbærum og vangaveltum. „Ég er ekki vísindamaður, heldur listamaður – en ég hef gríðarlega mikinn áhuga á sumum þeim spurningum sem eðlisfræðin spyr og hvernig er reynt að svara þeim. Ætli ég hafi ekki mestan áhuga á því sem enginn, ekki einu sinni eðlisfræðilögmál, geta útskýrt,“ segir Alicja.

En verk hennar leitast við að meðhöndla hluti, ferla og hugmyndir með aðferðum sem gjarnan ganga á hólm við lögmál eðlisfræðinnar. Hún leitar þannig einfaldra leiða til að komast að skilningi á veruleikanum þar sem viðteknum venjum og efniviði er raðað upp á nýtt.

„Ég leyfi mér líka að draga í efa menningarleg stigveldi og gildi með því að gefa hlutunum óhefðbundin hlutverk og með því að rýna í eðlislæga eiginleika efniviðar þeirra,“ segir Alicja jafnframt.

„Hefðbundin menningarhlutverk og nytjahlutverk eru eitthvað sem mannkynið bjó til einfaldlega því það hentaði,“ útskýrir hún.

Alicja Kwade hlaut Robert Jacobsen Prize árið 2010 og Piepenbrock Prize fyrir skúlptúra árið 2008. Hún er fædd árið 1979 í Katowice í Póllandi en býr nú og starfar í Berlín.

Eitt verkanna sem verða til sýnis heitir Þungavigt ljóssins. Í verkinu er ílöngum hlutum úr ýmsum iðnaðarefnum – svo sem bronsi, kopar og viði - vandlega stillt upp við hliðina á plötum úr stáli og spegilgleri. Þar sem hver eining innsetningarinnar er beygð í níutíu gráður niður eftir vegg og fram á gólf umbreytast venjubundnir eiginleikar efniviðarins; efni sem alla jafna eru hörð verða mjúk eða fljótandi og virðast renna á þokkafullt niður vegginn og út á gólfið.

Sýningin stendur yfir til 14. desember. olof@frettabladid.is

➜ Verkin búa yfir formrænum eiginleikum höggmyndalistarinnar og eiga sér rætur í naumhyggju. Alicja hefur áhuga á vísindalegum fyrirbærum og vangaveltum.

ÍSLENSKUR

# GÓÐOSTUR

– GÓÐUR Á BRAUÐ –







ÍSLENSKA/SIA.IS/MSA 63239 08/13


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS
LÁG KOLVETNA BRAUÐ
459 krónur 340g.
KRISTJÁNS LÁGKOLVETNA BRAUÐ 340gr
TILBÚNIR RÉTTIR FYRIR ÞRJÁ TIL FJÓRA
998 krónur stk.
BÓNUS NÚÐLURÉTTUR M/ KJÚKLINGI
998 krónur stk.
BÓNUS HEILSURÉTTUR M/ KJÚKLINGI
Feti
Feti
298 krónur 250g.
BÓNUS FETI Í KRYDDOLÍU Í KRYDDOLÍU MEÐ ÓLÍFUM
LÍFRÆN ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ferskt íslenskt salat
Bónusblanda
Lambhagi
398 krónur 150g.
BÓNUS LAMBHAGASALAT 150gr
AKURSELS ÍSLENSKAR LÍFRÆNAR GULRÆTUR
LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR
359 krónur 500g
HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ ?
BÓNUS PIZZASÓSA
198 krónur 430 ml
PIZZASÓSA
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA 430 ML
Mjúkís
Mjúkís
698 krónur 2 ltr.
KJÖRÍS MJÚKÍS SÚKKULAÐI & VANILLA
BÓNUS Pizzadeig
259 krónur 400g.
BÓNUS SPELT Pizzadeig
298 krónur 400g.
BÓNUS PIZZADEIG 400gr
BÓNUS SPELT-PIZZADEIG 400gr
BÓNUS
398 krónur150g.
BÓNUS PEPPERONI 150gr
198 krónur kg.
NÝJAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 kg.
BÓNUS
229 krónur 1 kg.
MÖNDLUR MEÐ HÝÐI
798 krónur 500g.
MÖNDLUR MEÐ HÝÐI 500g
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓ

698 krónur kg.
BÓNUS **GRÍSAHAKK**

698 krónur kg.
ALI **FERSKUR GRÍSABÓGUR**

NÝ SLÁTRAÐ
FERSKUR HÁLFUR LAMBAHRYGGUR
LUNDAPARTURINN
1898 krónur kg

998 krónur kg.
BÓNUS **ÚRBEINAÐUR GRÍSAHNAKKI**

HAUST SLÁTRUN 2012
3598 krónur kg.
ÍSLANDSLAMB **FERSKT LAMBAFILLET**

NAUTA Veisla
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
1298 krónur kg.

NAUTA Veisla
FERSKT NAUT-GRIPASNITSEL
1998 krónur kg.

1998 krónur kg.
HAUST SLÁTRUN 2012
ÍSLANDSLAMB **FERSKT ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI**

1598 krónur kg.
BÓNUS **GRÍSALUNDIR** ***SNYRTAR***

NAUTA Veisla
FERSKT NAUT-GRIPAGÚLLAS
1998 krónur kg.

298 krónur 360g
**FJÓRAR PÓLSKAR KJÖTPYLSUR**

398 krónur 120g
**HANGIÁLEGG**
120gr **398 kr.**

198 krónur 105g
**KJÚKLINGASKINKA**
105gr **198 kr.**

359 krónur 145g
**STERKT PEPPERONI**
145gr **359 kr.**

459 krónur 3 x 250ml
HÁMARK **SÚKKULAÐI PRÓTEINDRYKKUR** 3 x 250 ml

SUÐU SÚKKULAÐI
298 krónur 300g
HEIMA **SUÐUSÚKKULAÐI** 300g

995 krónur 3 stk.
SENSODYNE **WHITENING** 3 x 75ml
ÞRJÁR TÚPUR Á VERÐI 2JA

598 krónur 750ml
HEIMA **ÓLÍFUOLÍA**
EXTRA VIRGIN 750ml

298 krónur 1kg
BÓNUS 1 KG.
**TRÖLLAHAFRAR**

198 krónur 1.5 ltr

198 krónur 2 ltr

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**

# Munurinn á því að sjá og taka eftir

Ljósmyndabókin Reykjavík í hnotskurn er umfangsmikil samtímaheimild um grafík og hönnun í miðbæ Reykjavíkur. Bókin inniheldur ljósmyndir sem Annetta Scheving, grafískur hönnuður með ljósmyndadellu, hefur tekið undanfarin fjögur ár.

„Hugmyndin að bókinni kviknaði fyrir fjórum árum,“ segir Annetta. „Þá var ég atvinnulaus í miðri kreppunni, oft á rölti um bæinn og fór að velta fyrir mér muninum á því að sjá og taka eftir. Í kjölfarið tók ég að horfa nánar á nærumhverfið og uppgötvaði þá hversu mörg grafísk smáatriði leynast allt um kring. Þegar þú ert á rölti niður Laugaveginn eða Skólavörðustíginn tekurðu ekkert endilega eftir hurðarhúnum, hurðum, grafískum skreytingum eða skiltum, svo ég tali nú ekki um stytturnar.“

Annetta segist vera ánægð með hversu vel myndirnar í bókinni endurspegli breytingarnar í miðbænum á þessum fjórum árum. „Bærinn er svo fljótur að breytast,“ segir hún. „Þannig að bókin er heimildarverk í leiðinni. Langflestar myndirnar eru teknar í hundrað og einum, en það eru nokkrar teknar utan hans eins og fólk sér ef það rýnir vel í bókina. Myndunum er ekki skipt niður í kafla eftir viðfangsefnum þannig að þú veist aldrei hvað bíður þín á næstu síðu, bara eins og þegar þú ert á röltinu.“

Annetta er grafískur hönnuður en hún hefur alltaf haft mikla ástríðu fyrir ljósmyndun, tók til að mynda kúrsa í henni samhliða hönnunarnáminu. Hún gefur bókina út sjálf, segir hana hafa verið sér svo mikið hjartans mál að hún hafi viljað fylgja henni alla leið. „Það kom eiginlega ekkert annað til greina,“ segir hún. „Ég fékk svo góð viðbrögð við þessum myndum frá þeim sem ég sýndi bókina að ég ákvað að láta slag standa og gefa hana bara út alveg eftir mínu höfði.“

fridrikab@frettabladid.is




**FJÖLBREYTNI** Gluggaskreytingar búðanna við Laugaveginn eru með ýmsu móti.



**REYKJAVÍK Í HNOTSKURN** Annetta segist hafa tekið þá ákvörðun að gefa bókina út sjálf til að fylgja henni alla leið.

**ÞEGAR ÞÚ ERT Á RÖLTI TEKURÐU EKKERT ENDILEGA EFTIR HURÐARHÚNUM, HURÐUM, GRAFÍSKUM SKREYTINGUM EÐA SKILTUM.**




## Agatha Christie á Íslandi

BÆKUR ★☆☆☆☆

**Andköf**
Ragnar Jónasson
**VERÖLD**

Andköf er fjórða glæpasaga Ragnars Jónassonar, en hann hefur einnig þýtt nokkrar skáldsögur, meðal annars eftir Agöthu Christie. Og það er ekki laust við að áhrif frá þeirri gömlu drottningu glæpasögunnar sjáist víða í þessari nýjustu sögu Ragnars. Sögusviðið er afskekkt vitavarðarhús norður í Kálfshamarsvík sem er engu líkara en gegni hlutverki herragarðs í einni af sögum Agöthu. Þar býr einhleypur milljónamæringur ásamt þjónustufólki, gömlum systkinum sem hefur dagað þar uppi. Í upphafi sögu kemur ung kona úr fortíðinni í heimsókn. Hún heitir Ásta og ólst upp í húsinu en hefur ekki komið þangað lengi. Einnig kemur við sögu ungur og kvensamur bóndi af næsta bæ. Allt þetta fólk tengist missterkum böndum og á sameiginlegar minningar um hörmulega atburði sem gerðust á staðnum, öll eiga þau leyndarmál sem afhjúpast í rás sögunnar.




Morguninn eftir að Ásta kemur finnst eitt þeirra látið í fjörugrjóti undir klettum skammt frá húsinu og þá fer af stað klassísk morðgáta þar sem þeir einir liggja undir grun sem voru staddir í húsinu kvöldið áður. Semsagt: það er engu líkara en hér sé búið að flytja umhverfi og persónur úr sögu af Hercule Poirot eða fröken Marple inn í íslenskan samtíma og bæta við DNA-rannsóknum, tölvum og lögreglumönnum sem glíma við það eilífðarverkefni að samþætta einkalíf og starf. Rannsóknin er í höndum lögreglumannanna Ara Þórs og Tómasar sem lesendur þekkja úr fyrri sögum Ragnars – Ari Þór á von á sínu fyrsta barni og Tómas glímir við erfiðleika í hjónabandinu.

Sagan er semsagt ekki frumleg og morðgátan sjálf reynist vera fremur fyrirsjáanleg, bæði það hver morðinginn er og hvað rekur hann til þess að drepa er lesandanum löngu ljóst áður en yngri lögreglumaðurinn, Ari Þór, leggur saman tvo og tvo eftir að hann verður fyrir óvæntri hugljómun sem er algerlega eftir uppskrift frá Hercule Poirot.

Stíll sögunnar er einkennilega gamaldags og minnir oft á gamlar þýðingar á glæpasögum. Þetta þarf ekki að vera alslæmt en virkar einkennilega hér. Ekki síst vegna þess að það er enginn munur á frásögn sögumannsins annars vegar og samtölum persónanna hins vegar. Það verður næstum því kómískt á köflum að lesa samtölin sem eiga að vera á milli fólks í nútímanum en eru alltaf eins og upp úr gamalli bók.

Auðvitað er ekkert að því að höfundar verði fyrir áhrifum frá þeim sem á undan komu og glæpasögur þurfa ekki að vera frumlegar eða nýstárlegar til að virka. En þessi saga er eiginlega frekar stæling eða staðfærsla en skapandi úrvinnsla úr áhrifum.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Gamaldags glæpasaga með fyrirsjáanlegri fléttu, skrifuð í þunglamalegum stíl.



Deres
Kringlan
URBAN
Kringlan
SMASH
Kringlan | Smáralind
gs skór
Kringlan | Smáralind
focus
Kringlan | Smáralind
Sparkz
Kringlan
TAX FREE DAGAR
AÐEINS Í DAG OG Á MORGUN
20% afsl. af öllum vörum
facebook | Instagram
gallerisautján
Kringlan | Smáralind
DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING
THE FINEST QUALITY
THE Herschel SUPPLY CO. BRAND
TRADE MARK
CHEAP MONDAY
modström
!Solid
SAMSØE SAMSØE
JUST FEMALE
RUT&CIRCLE
G-STAR RAW
CONVERSE
Nudie Jeans co
BULL BOXER
Jeffrey Campbell

# Gamlar auglýsingar öðlast nýtt líf

Þorsteinn Bachmann leikari opnar sýningu á verkum afa síns í samvinnu við móður sína og systur.

Opnun yfirlitssýningar á gömlum auglýsingum Rafskinnu verður í Gallerí Fold á morgun klukkan fimm.

„Rafskinna var sjálfvirk, rafknúin auglýsingabók sem fletti auglýsingum í Skemmuglugganum í Austurstræti á árunum 1933-1957,“ segir Þorsteinn Bachmann leikari og einn aðstandenda sýningarinnar. Ásamt honum koma að uppsetningunni móðir hans, Margrét Þorsteinsdóttir, og systir, Hrefna Bachmann.

„Rafskinna setti líflegan svip á miðbæinn og var landsmönnum til skemmtunar og fróðleiks í aldarfjórðung,“ útskýrir Þorsteinn.

Á aðventunni 1933 söfnuðust vegfarendur í fyrsta sinn saman í birtunni frá litlum búðarglugga í Austurstræti. „Þeir fylgdust spenntir með rafknúnu töfratæki leika listir sínar innan við glerið, fletta fram og til baka spjöldum með listilega teiknuðum auglýsingum með beinskeyttum slagorðum og bráðfyndnum texta. Þetta var Rafskinna og hún átti eftir að vera ómissandi hluti jóla- og páskahátíða í höfuðstaðnum,“ útskýrir Þorsteinn.

Gunnar Bachmann var eigandi, hugmynda- og textasmiður Rafskinnu. Hann var föðurafi þeirra Þorsteins og Hrefnu. „Faðir okkar, Benedikt Bachmann, dó í fyrra og var byrjaður að huga að því að koma þessu áfram. Við erum að klára dæmið. Þetta er búið að liggja í sama bananakassanum síðan ég man eftir mér, og ég er fæddur 1965,“ segir Þorsteinn.

„Ég byrjaði að stelast í þetta þegar ég var fimm ára. Það er kominn tími til að landsmenn fái að njóta þessa líka,“ bætir hann við.

„Litríkar myndirnar úr Rafskinnu voru margar hverjar hreinustu listaverk. Hnyttnar og óvæntar fyrirsagnir fengu fólk oft til að skella upp úr. Teiknarar Rafskinnu voru Tryggvi Magnússon og síðar Jón Kristinsson, Jóndi í Lambey, sem tók við af Tryggva þar til Rafskinna var tekin niður í síðasta sinn árið 1957,“ segir Þorsteinn að lokum.

olof@frettabladid.is



**KLÁRA DÆMIÐ** Þorsteinn Bachmann ásamt móður sinni, Margréti Þorsteinsdóttur, og systur, Hrefnu Bachmann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Upplestur**

**12.00** Skál af ljóðum fer fram í aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15. Háttvís ljóð verða á dagskrá að þessu sinni og verður spennandi að heyra hvað ljóð Jakob S. Jónsson og félagar draga úr pússi sínu. Ljóð, tvenns lags súpa og heimabakað brauð með hummus og hvítlaukssmjöri kr. 1.290.

**Kvikmyndir**

**20.00** Rússneskar teiknimyndir frá árunum 2005 til 2008 sýndar í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Þetta eru þjóðleg ævintýri frá norðurslóðum í Rússlandi. Rússneski kvikmyndafræðingurinn Marina Júzhaninova kynnir myndirnar. Aðgangur ókeypis.

**Tónlist**

**20.00** Una Dóra, Guðbjörg Sigurjónsdóttir og Sigurjón B. Daðason halda tónleika í Háteigskirkju. Dagskráin er vönduð, fluttar verða Ave Maríur úr ýmsum áttum ásamt vókalísum og skemmtilegum íslenskum útúrdúr.

**21.00** Kristjana Arngríms og hljómsveit hennar skemmta á Café Rosenberg. Sérstakur gestur er Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú.

**21.30** Trúbadorinn Hr. Halli heldur tónleika á Obladíoblada,Frakkastíg 8.

**Samkoma**

**20.00** Rangæingar í Reykjavík athugið! Félagsvist í samvinnu við Skaftfellinga í Skaftfellingabúð í Reykjavík.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



**ÁSGEIR** Ásgeir Trausti kemur fram á Kex hosteli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Markaður með tónlist á Kex

Dreifingarfélagið Kongó stendur að tónlistarmarkaði helguðum Airwaves-tónlistarhátíðinni sem verður á Kex hosteli til 3. nóvember. Markaðurinn verður opinn frá kl. 12 til 21 þá daga sem hátíðin stendur yfir. Þar geta tónlistaráhugamenn og hátíðargestir skoðað fjölbreytt úrval tónlistar á geisladiskum og vínylplötum.

Það verður mikið um dýrðir á Kex hosteli yfir hátíðina því að 25 hljómsveitir koma fram á utandagskrártónleikum staðarins, en þetta er í þriðja sinn sem bandaríska útvarpsstöðin KEXP heimsækir Kex hostel og framreiðir spennandi tónlistardagskrá í samstarfi við Iceland Naturally. Meðal þeirra sem koma fram eru John Grant, Ásgeir og Emilíana Torrini.

# DEBENHAMS

## Kaupaukinn þinn

DAGANA 31. OKTÓBER – 6. NÓVEMBER
Í DEBENHAMS

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef þú kaupir vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 eða meira í Debenhams




**Kaupaukinn inniheldur:**
**Advanced TimeZone Creme** – uppbyggjandi dagkrem , 7ml
**Advanced TimeZone Eye Creme** – uppbyggjandi augnkrem, 7ml
**Perfectionist (PP+R)** – serum sem vinnur á línum og hrukkum, 7 ml
**Pure Color Lipstick** – fulla stærð, lit wild orchid
**Sumptuous Extreme Mascara** – svartan maskara
**Fallega snyrtibuddu**

*meðan birgðir endast

Færðu ekki nægan svefn, eldist húð þín of hratt?
**Kynnum nýtt Advanced Night Repair.**
Athugaðu hvað það getur gert fyrir þína húð.




Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



## TÓNNINN GEFINN

Freyr Bjarnason

# Goðsögnin Lou Reed kveður

Tónlistarmaðurinn Lou Reed lést í vikunni eftir að hafa gengist undir lifrarígræðslu fyrir hálfu ári. Reed samdi mörg frábær lög en það besta er líklega Perfect Day.

Hann hóf feril sinn sem meðlimur The Velvet Underground, sem var undir verndarvæng listamannsins Andy Warhol, og samdi með hljómsveitinni fullt af flottum lögum, þar á meðal Sweet Jane, I´m Waiting For The Man og Heroin.



**Á ÍSLANDI** Lou Reed á tónleikum í Laugardalshöll 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég kynntist tónlist Reeds fyrst í gegnum Zoo TV-tónleika U2, sem ég átti á myndbandi, þegar hann og Bono sungu Satellite of Love saman með hjálp sjónvarpstækninnar. Nokkru síðar keypti ég mér The Velvet Underground & Nico, fyrstu plötu The Velvet Underground með gula banananum frá Warhol á umslaginu, og hafði gaman af. Mörg laganna fjölluðu um það sem þrífst í undirheimunum, eitthvað sem Reed heillaðist alla tíð mjög af.

Mörgum árum síðar festi ég kaup á annarri sólóplötu Reed, Transformer, þar sem umfjöllunarefnið var að mörgu leyti það sama. Til að mynda fjallaði Walk on the Wild Side um kynskiptinga, eiturlyf, karlhórur og munnmök. Slík textagerð var óvenjuleg í þá daga en lagið fékk engu að síður góða útvarpsspilun. Upptökustjórar voru David Bowie og Mick Ronson sem höfðu báðir verið undir miklum áhrifum frá The Velvet Underground.

The Velvet Underground & Nico og Transformer eru einu plöturnar sem ég hef hlustað á með Lou Reed en kannski á þeim eftir að fjölga. Reyndar sperrti ég eyrun þegar gömul uppáhaldssveit, Metallica, ákvað að fara í samstarf með Reed og gefa út plötuna Lulu. Ég missti jafnskjótt áhugann þegar ég heyrði eitt lag af henni, auk þess sem hörmulegir dómar víðast hvar hjálpuðu ekki til. Samstarfið var engu að síður gott merki um tilraunagleði Reeds, sem gerði alla tíð það sem honum sýndist án þess að hafa of miklar áhyggjur af almenningsálitinu.

## Í spilaranum







**Mammút** - Komdu til mín svarta systir
**Tilbury** - Northern Comfort
**Íris** - Penumbra



**BUTLER OG CHASSANGE** Hjónin Win Butler og Régina Chassange á styrktartónleikum í Kaliforníu fyrir skömmu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Áhrif frá rara-tónlist

Fjórða hljóðversplata Arcade Fire er komin út. Þar má heyra áhrif frá Haítí.

Fjórða hljóðversplata kanadísku indírokksveitarinnar Arcade Fire, hin tvöfalda Reflektor, er komin út. Þrjú ár eru liðin frá útgáfu The Suburbs sem hlaut Grammy-verðlaunin árið eftir sem plata ársins.

Fyrrverandi forsprakki danssveitarinnar LCD Soundsystem, James Murphy sem spilaði sem plötusnúður á Airwaves-hátíðinni fyrir tveimur árum, stjórnaði upptökum á Reflektor, ásamt hljómsveitinni sjálfri og Markus Dravs sem hefur áður unnið með sveitinni.

Eins og oft áður var kynningarherferð plötunnar óvenjuleg. Fyrsta smáskífulagið, Reflektor með David Bowie sem gestasöngvara, var gefið út í takmörkuðu upplagi undir merkjum skálduðu hljómsveitarinnar The Reflektors og skömmu fyrir útgáfudag var platan svo í heild sinni sett í spilun á YouTube.

Reflektor var samin undir áhrifum frá svokallaðri rarahátíðartónlist frá Haítí. Þangað fór söngvarinn og gítarleikarinn Win Butler í heimsókn ásamt eiginkonu sinni úr Arcade Fire, Régine Chassange, en foreldrar hennar fæddust þar í landi. Heilluðust þau mjög af tónlistinni á Haítí og sagði Butler í viðtali við Rolling Stone að ferðalagið hefði breytt lífi hans. Við textagerðina var Butler undir áhrifum frá kvikmyndinni Black Orpheus frá árinu 1959 eftir franska leikstjórann Marcel Camus. Hún er ein af uppáhaldsmyndum Butlers og gerist á kjötkveðjuhátíð í Brasilíu. Einnig voru textar hans undir áhrifum frá ritgerð eftir danska heimspekinginn Søren Kierkegaard, sem hefur verið kallaður faðir tilvistarstefnunnar.

Upptökur hófust í Louisiana í Bandaríkjunum árið 2011 en árið eftir héldu þær áfram á Jamaíku með Dravs. Þar samdi sveitin og tók upp efni í yfirgefnum kasatala. Að því ævintýri loknu hóf sveitin samstarf við Murphy, sem hafði lengi verið á óskalista hennar yfir samstarfsmenn.

Að sögn Butlers átti Reflektor upphaflega að vera stutt plata en varð á endanum tvöföld langloka. „Við ætluðum að gera stutta plötu en á endanum vorum við með átján lög sem voru öll sex til átta mínútna löng. Við hugsuðum með okkur, æ, æ, við klúðruðum því að búa til stutta plötu,“ sagði hann við Rolling Stone.

freyr@frettabladid.is

## Reflektor stjörnu- og einkunnagjöf

Tímaritið Rolling Stone gefur Reflektor fjórar og hálfa stjörnu af fimm mögulegum og líkir henni við Achtung Baby með U2 og Kid A með Radiohead. The Independent gefur henni fjórar stjörnur og segir hana fjalla um missi og afturhvarf, dauða og líf eftir dauðann, enda sé mynd af Orfeusi og Evridísi á umslagi plötunnar. Mojo og The New York Times gefa Reflektor einnig fjórar stjörnur og Pitchfork 9,2 af 10. Tímaritið Q er ekki eins hrifið og límir á hana þrjár stjörnur. Clash gefur henni aðeins fjóra af tíu í einkunn og segir að platan hljómi eins og hún sé ókláruð og að textarnir séu uppfullir af klisjukenndum myndlíkingum.


*Eva Dögg Sigurgeirsdóttir*

TÍSKA ER MÉR MIKIÐ HJARTANS MÁL



**HREKKJAVAKAN** Förðunarfræðingar NN Makeup School sýna ógnvekjandi hugmyndir að hrekkjavökuförðun fyrir helgina.

**VÍSINDI SNYRTIVARANNA** Beckham-fjölskyldan og leikkonan Sienna Miller eru heilluð af íslensku snyrtivörunum Dr. Bragi í London.

FRÉTTABLAÐIÐ > visir.is/lifid

Lífið FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM


## 24.10.2013 → 30.10.2013





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Lorde | *Royals* |
| 2 | ▼ | Katy Perry | *Roar* |
| 3 | ▲ | Steinar | *Up* |
| 4 | ▼ | Arctic Monkeys | *Do I Wanna Know?* |
| 5 | ▶ | Baggalútur og Jóhanna Guðrún | *Mamma þarf að djamma* |
| 6 | ▼ | One Republic | *Counting Stars* |
| 7 | ▶ | Ellie Goulding | *Burn* |
| 8 | ▼ | Emiliana Torrini | *Speed Of Dark* |
| 9 | ▲ | Eyþór Ingi og Atómskáldin | *Hárin rísa* |
| 10 | ▲ | Miley Cyrus | *Wrecking Ball* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | **Helgi Björnsson** | ***Helgi syngur Hauk*** |
| 2 | ▼ | Pálmi Gunnarsson | *Porparinn* |
| 3 | ▶ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 4 | ✱ | Egill Ólafsson | *Örlög mín* |
| 5 | ▲ | Emilíana Torrini | *Tookah* |
| 6 | ▲ | Ojba Rasta | *Friður* |
| 7 | ▼ | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| 8 | ✱ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 9 | ✱ | Drangar | *Drangar* |
| 10 | ▼ | Úr söngleik Borgarleikhússins | *Mary Poppins* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# Hágæða lágkolvetna matvörur frá NOW

LOW CARB LCHF HIGH FAT

**Chia mjöl.**
Upplagt í bakstur, grauta, búðinga og þeytinga. Getur komið í stað eggja í uppskriftum.







NOW framleiðir náttúrulegar og lífrænar matvörur án allra óæskilegra fyllingar- og aukefna í umbúðum sem varðveita gæðin fullkomlega út líftímann.

**Steviúdropar.**
Sérstaklega bragðgóðir steviúdropar með mildara eftirbragði. Unnir úr 100% náttúrulegum hráefnum. Aðeins örfáir dropar eru nóg til að sæta þeytinga og eftirrétti.




**Gullið hörfræmjöl.**
Upplagt í bakstur. Inniheldur 0 gr nettó kolvetni.




**Möndlumjöl.**
Úr möndlum með hýði og því næringarríkara en hvítt möndlumjöl. Milt og sérstaklega gott möndlubragð.

**Xanthan Gum.**
Náttúrulegt þykkingar- og bindiefni. Inniheldur 0 gr nettó kolvetni.










**Drink sticks.**
Bragðbættu drykkinn á náttúrulegan hátt án sykurs! Fullkomið í sódavatn, þeytinga og klakavatn.

**Ristaðar og léttsaltaðar möndlur.**
Hreinlega ómótstæðilega bragðgóðar. Fullkomið millimál.

**Makademíuhnetur.**
Ljúffengar, þurrristaðar og léttsaltaðar.

Gæðakröfur NOW eru einstakar og bragðið eftir því.

NOW® REAL FOOD

www.nowfoods.is

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum um land allt.

**netto**

*Kræsingar & kostakjör*



**HÁSKÓLAPEYSA**
~~3.998KR~~
**2.798**
KR/STK



**BOLUR**
~~1.398KR~~
**978**
KR/STK

**NÁTTBUXUR**
~~2.998KR~~
**2.098**
KR/STK

**JOGGINGBUXUR**
~~3.998KR~~
**2.798**
KR/STK



**HÁSKÓLAPEYSA**
~~3.998KR~~
**2.798**
KR/STK

**NÁTTBUXUR**
~~2.998KR~~
**2.098**
KR/STK



**BOLUR**
~~1.398KR~~
**978**
KR/STK

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Grandi |

# 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI Í NETTÓ

HELGINA 31. OKT - 3. NÓV



**HETTUPEYSA**
~~3.998KR~~
**2.798**
KR/STK

**JOGABUXUR**
~~3.998KR~~
**2.798**
KR/STK



**FLÍSPEYSA**
~~3.498KR~~
**2.448**
KR/STK

**BÓMULLARGALLI**
~~2.498KR~~
**1.798**
KR/STK

**FLÍSBUXUR**
~~2.598KR~~
**1.818**
KR/STK

**NÁTTBUXUR**
~~2.998KR~~
**2.098**
KR/STK



**Tilboðin gilda 31. okt - 3. nóv**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Markhönnun ehf

BÍÓFRÉTTIR

# Leikur í nýrri kvikmynd Neills Blomkamp

Sigourney Weaver tekur að sér hlutverk í myndinni Chappie sem segir frá ungu vélmenni.



**MEÐ BLOMKAMP** Leikkonan Sigourney Weaver fer með hlutverk í nýrri kvikmynd leikstjórans Neills Blomkamp. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikkonan Sigourney Weaver hefur tekið að sér hlutverk í nýrri kvikmynd suðurafríska leikstjórans Neills Blomkamp, Chappie. Hugh Jackman, Dev Patel, Ninja, Yolandi Visser úr hljómsveitinni Die Antwoord, Jose Pablo Cantillo og Brandon Auret fara með helstu hlutverk myndarinnar.

Myndin segir frá vélmenni sem rænt er af tveimur glæpamönnum og elst upp hjá stórfurðulegri fjölskyldu, en vélmennið, sem er piltur, er gætt einhvers konar náðargáfu. Sharlto Copley, náinn samstarfsmaður Blomkamp, mun ljá vélmenninu rödd sína.

Blomkamp skrifaði handrit myndarinnar ásamt Terri Tatchell og fara tökur fram í Jóhannesarborg. Blomkamp á að baki kvikmyndir á borð við District 9 og Elysium.

Ekki er vitað hvaða hlutverk Weaver mun fara með í Chappie, en leikkonan er enginn nýgræðingur þegar kemur að því að leika í myndum sem eiga sér stað í framtíðinni. Þekktust er Weaver fyrir hlutverk Ripley í Alien-kvikmyndunum.

➜ Fyrsta kvikmyndahlutverk Sigourney Weaver var í kvikmyndinni Annie Hall frá 1977. Þar lék hún stúlku sem fer á stefnumót með persónu Woodys Allen.

FRUMSÝNINGAR

Fjórar ólíkar kvikmyndir eru sýndar um helgina

## Endurgerð og „feel gúddari“

**Við erum bestar, sænskur „feel gúddari“**
Við erum bestar gerist árið 1982 í Stokkhólmi og segir frá þremur þrettán ára stúlkum sem takast í sameiningu á við öll vandamál unglingsáranna. Kvikmyndin er í leikstjórn Lukas Moodysson og hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda.

**Furðufuglar, teiknimynd**
Tveir ólíkir kalkúnar, Reggie og Jake, taka höndum, eða vængjum, saman og ætla að ferðast aftur í tímann og breyta gangi sögunnar með þeim afleiðingum að kalkúnar verði ekki á boðstólum Bandaríkjamanna á þakkargjörðardaginn. Stórleikararnir Owen Wilson, Woody Harrelson og Amy Poehler ljá raddir sínar.

**Carrie, hrollvekja**
Hrollvekjan um Carrie hefur verið endurgerð og í þetta sinn er það Chloë Moretz sem fer með aðalhlutverkið. Carrie verður fyrir stöðugu einelti í skólanum og heima við þarf hún að glíma við heittrúaða móður sína. Handrit myndarinnar er byggt á samnefndri skáldsögu Stephen King.

**Philomena, drama**
Leikkonan Judi Dench fer með hlutverk Philomena Lee sem varð barnshafandi á unglingsárum sínum á Írlandi árið 1952. Sonur hennar er tekinn frá henni og ættleiddur til Bandaríkjanna. Næstu fimmtíu ár leitar Philomena að honum án árangurs. Hún kynnist svo Martin Sixsmith, tortryggnum blaðamanni, og ferðast þau til Bandaríkjanna í von um að finna son Philomenu.



# Þrumuguð til bjargar

Ævintýramyndin Thor: The Dark World er frumsýnd í kvöld. Kvikmyndin skartar Chris Hemsworth í hlutverki Þórs og Tom Hiddleston í hlutverki Loka.

Ævintýramyndin Thor: The Dark World verður heimsfrumsýnd á Íslandi í kvöld. Ástralinn Chris Hemsworth bregður sér aftur í hlutverk þrumuguðsins Þórs, sem þarf að glíma við fornan fjanda sem vill eyða veröld guðanna.

Til að brjóta hinn illa Malekith á bak aftur þarf Þór að leita aðstoðar goðsins Loka, en á milli þeirra ríkir lítið traust sem gæti verið þrándur í götu friðar. Leikstjóri myndarinnar er Alan Taylor og auk Hemsworth fara Natalie Portman, Tom Hiddleston, Anthony Hopkins, Stellan Skarsgård og Idris Elba með helstu hlutverk.

- Tökulið var sent til Íslands til þess að taka loftmyndir af Dettifossi frá ólíkum sjónarhornum. Myndefnið var notað sem grunnur fyrir fossana í Ásgarði.
- Tökur fóru einnig fram í Dómadal, við Skógafoss, Fjaðrárgljúfur og á Skeiðarársandi.
- Um 30 hamrar voru smíðaðir fyrir kvikmyndina. Aðalhamarinn var smíðaður úr áli en aðrir hamrar voru ýmist þyngri eða léttari og voru þeir léttustu notaðir í hvers kyns brellur.
- Myndin var að hluta til tekin upp hér á landi. Hálendi Íslands þótti kjörið fyrir dimma veröld Svartálfaheima.
- Myndin gekk undir heitinu Thursday Morning á meðan á tökum stóð. Thursday, eða fimmtudagur, er kenndur við þrumuguðinn Þór.
- Leikstjórinn Patty Jenkins átti upphaflega að taka að sér að leikstýra myndinni. Hún hætti við vegna listræns ágreinings og þótti Natalie Portman, aðalleikkonu myndarinnar, það svo miður að hún neitaði að taka að sér hlutverk í myndinni. Hún varð þó að snúa aftur sem Jane Foster vegna samningsins sem hún hafði gert við framleiðslufyrirtækið.



**KOMINN AFTUR** Chris Hemsworth fer með hlutverk þrumuguðsins Þórs í kvikmyndinni Thor: The Dark World.



**LÁTINN** Breski leikarinn Nigel Davenport átti langan og farsælan feril að baki. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nigel Davenport látinn

Breski leikarinn Nigel Davenport er látinn, 85 ára að aldri. Davenport var hvað þekktastur fyrir hlutverk sín í Óskarsverðlaunamyndinni Chariots Of Fire og Man for all Seasons. Hann er faðir leikarans Jacks Davenport.

Nigel Davenport stundaði nám við Oxford áður en hann gerðist sviðsleikari. Í upphafi kvikmyndaferils síns tók hann helst að sér minni hlutverk í kvikmyndum á borð við Peeping Tom og Look Back in Anger.

Hann lék einnig á móti Vanessu Redgrave í stórmyndinni Mary, Queen of Scots sem kom út árið 1971 og fór með hlutverk Abrahams Van Helsing í hrollvekjunni Bram Stoker's Dracula sem frumsýnd var árið 1973.

Davenport fæddist í Englandi árið 1928 og stundaði enskunám við Sidney Sussex-háskólann. Hann komst á samning hjá Royal Court leikhúsinu árið 1960 og hóf kvikmynda- og sjónvarpsferil sinn skömmu síðar.

Davenport lætur eftir sig þrjú börn: Lauru, Hugo og leikarann Jack.



CLARINS



# Jólagjafirnar eru komnar í Lyf & heilsu Kringlunni

Af því tilefni bjóðum við **25% afslátt** af Clarins vörum dagana 31. október til 3. nóvember.




Mikið úrval af fallegum gjafaöskjum

Falleg snyrtitaska sem inniheldur hið sívinsæla Moisture Rich Body Lotion sem mýkir og nærir þurra húð. Í töskunni er einnig ferðastærð af bað- og sturtugeli og líkamsskrúbbi. **Verð fyrir afslátt 5.998 kr.**

*Lyf & heilsa*
*Kringlunni*

*www.lyfogheilsa.is*

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# Dansverk fyrir börn

Tinna Grétarsdóttir frumsýnir dansverk sem er ætlað börnum á aldrinum sex mánaða til fjögurra ára.



**FYRIR UNGBÖRN** Tinna Grétarsdóttir er höfundur dansverksins Fetta bretta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Börnin taka þessu ótrúlega vel og það er alveg ótrúlegt hvað þau halda athygli. Margir vanmeta athygli barna og grunar ekki hversu vel þau geta fylgst með,“ segir Tinna Grétarsdóttir, höfundur dansverksins Fetta bretta, sem hugsað er fyrir börn frá sex mánaða aldri til fjögurra ára.

Fetta bretta er önnur sýning hópsins Bíbí og blaka. Tinna skipar hópinn ásamt Sólrúnu Sumarliðadóttur, Guðnýju Sigurðardóttur, Ingu Maren Rúnarsdóttur og Snædísi Lilju Ingadóttur.

Þetta er annað dansverkið sem hún semur en Skýjaborg, fyrsta íslenska ungbarnadanssýningin, var frumsýnt var í fyrra.

Sýningin er 25 mínútna löng og eftir sýningar fá börnin að leika sér í sviðsmyndinni sem er afar litskrúðug og að mestu gerð úr svampi.

„Það er afar sjaldgæft að börn gráti á sýningum og við höfum aldrei þurft að stoppa sýningu,“ bætir Tinna við um áhorfendurna.

Fetta bretta verður frumsýnt þann 9. nóvember í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu, en sama dag kemur einnig út plata frá Sólrúnu með tónlistinni úr báðum sýningunum. - glp



**CHIPOLO** Á myndinni má sjá appelsínugulan Chipolo-miða sem búið er að hengja á fartölvu.

# Finnur veski og lykla

Chipolo finnur hlutina þína í gegnum snjallsímann.

Chipolo eru litlir merkimiðar með útvarpsbylgjur sem maður bindur á smáhluti á borð við lykla og veski, jafnvel gæludýr. Snjallsímar geta svo staðsett hlutina þína í gegnum Bluetooth á Chipolo-appi. Þannig þarftu aldrei aftur að týna húslyklum.

Verkefnið safnar nú fjármagni á vefsíðunni Kickstarter, en söfnunin hefur gengið vonum framar. Búist er við Chipolo á markað innan nokkurra vikna.

Chipolo-miðana er hægt að fá í öllum regnbogans litum. Þeir eru með rafhlöðu sem á að duga í allt að sex mánuði. Chipolo verður aðgengilegt fyrir bæði iPhone og Android-stýrikerfi. - ósk



**SNÚIÐ MÁL** Ólík kynlífslöngun í samböndum er snúið mál og eiga báðir aðilar rétt á sinni afstöðu, segir Sigga Dögg. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ólík kynlífslöngun – snúið vandamál

**?** Sæl, Sigga Dögg, mig langar að leggja fyrir þig eftirfarandi álitamál varðandi kynlíf eldri borgara: Konur missa oft löngun til kynlífs upp úr miðjum aldri og fá jafnvel andúð á samförum þegar á líður. Á sama tíma halda karlmenn oft bæði þörf og þrótti og löngunin oft enn til staðar þótt þrótturinn minnki. Spurning mín er þessi, á eiginmaðurinn að bæla löngun sína og sætta sig við orðinn hlut eða á hann að kaupa þjónustu hjá nuddstofum? Þriðji kosturinn, að leita eftir skyndikynnum, er ekki mjög aðgengilegur fyrir eldri borgara.

...

**SVAR** Þetta er virkilega áhugaverð spurning og eflaust hægt að ræða hana tímum saman þar sem hver viðmælandi hefði sína eigin skoðun en hér verðum við að láta mína duga. Það er erfitt að fordæma einn kost fram yfir annan því hvert par verður að finna hvað hentar. Einhverjum þætti það ágæt lausn ef makinn leitaði annað eftir kynlífi, hvort sem það er keypt þjónusta eða ekki. Nú er keypt þjónusta refsiverð á Íslandi og einnig óeftirsóknarverður valkostur í huga margra karlmanna sem einhvers konar lausn, svo við skulum útiloka þann valkost. Þá er sennilegt að bæling komi heldur ekki til greina þar sem löngun er jú löngun. Því stendur eftir útfærsla sem hugnast báðum aðilum.

Ef ósamræmi er í löngun í sambandi þá þarf að finna einhvers konar jafnvægi svo báðir geti lifað saman í sátt og samlyndi. Sum pör stunda ekki samfarir en stunda ýmsar gælur og geta þær aukið nándina, rétt eins og samfarir. Kynlíf, kynlífsins vegna, er ekki vænlegt til vinnings fyrir hvorugan aðilann og því er þetta spurning um útfærslu. Hvaða leið notið þið til að rækta nánd í ykkar sambandi? Stóra spurningin er kannski sú hvort makinn sem hefur enga löngun vilji lifa einhvers konar kynlífi með maka sínum? Eða sjálfum sér og vinna bug á þessari andúð?

Sumir leyfa makanum að eiga „vin/vinkonu“ sem er þá aðallega kynferðislegt samband. Þá má ekki gleymast að kynlöngun er hægt að svala með sjálfsfróun en það sem stendur eftir er allt hitt sem gerir kynlíf mikilvægt í samböndum; nándin, kúrið og koddahjalið. Ef kynlíf er ekki inni í myndinni þá þurfið þið að koma ykkur saman um leið til að rækta nándina, án kynlífs, en um leið svala kynferðislegri útrás makans. Þar sem þetta er stórt og mikið álitamál þá myndi ég gjarnan vilja heyra báðar hliðar málsins og því mæli ég með að hitta ráðgjafa. Þetta er ögn snúið og eiga báðir aðilar rétt á sinni afstöðu en mikilvægast er að finna leið til að báðir séu sáttir.



**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!** Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is


Sony Center

www.sonycenter.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM



50”

risi á frábæru verði

259.990.-

√ Stórt
√ Gott
√ Frábært verð
√ 5 ára ábyrgð

GLÆSILEG HÖNNUN Á FRÁBÆRU VERÐI

50” 3D LED SJÓNVARP KDL50W656

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

Verð 259.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645

12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN*
*3,5% lántökugjald og 330 kr. færslugjald á hvern gjalddaga


Við erum í
haustskapi
og bjóðum
70%
afslátt af öllum vörum
frá: 31. okt. - 06. nóv.
opið í dag kl. 10-18
opið á morgun kl. 10-22:00
laugardaginn 2. nóv. 10-18
sunnudaginn 3. nóv. 13-18
FATÓ
er vinsæll markaður...
Opið allt árið
með vörur á hálfvirði
Merkjavörur frá:
COMPANYS Kultur gs skór galleri sautján eva
VÖRUR FRÁ: INWEAR | PART TWO | SAINT TROPEZ | SOAKED IN LUXURY | MALENE BIRGER | ILARIA NISTRI
BILLI BI | STRATEGIA | G STAR | GERALD DAREL | DKNY | DIESEL OG FLEIRI FALLEG MERKI
FATÓ - ÚTSÖLU MARKAÐUR í kjallara evu laugavegi 26

# Töff heildarsvipur og tælandi söngur

TÓNLIST ★★★★☆

**Komdu til mín svarta systir**
Mammút
RECORD RECORDS

Þessarar þriðju plötu indírokksveitarinnar Mammút hefur verið beðið með töluverðri eftirvæntingu enda eru fimm ár liðin síðan Karkari kom út við góðar undirtektir. Níu lög eru á gripnum, þar á meðal Salt og Blóðberg sem hafa verið spiluð töluvert í útvarpi.

Það verður að segjast eins og er að Mammút hefur nýtt þessi fimm ár vel því Komdu til mín svarta systir er virkilega vel heppnuð plata. Í umslaginu segir að hún sé tileinkuð fyrrverandi og núverandi elskhugum hljómsveitarmeðlima og skín það í gegn í vel sömdum textum Katrínu Mogensen, þar sem undirtónninn er kynferðislegur og söngur hennar að sama skapi bæði tælandi og fagur. „Bleyttu upp í tungunni minni, áður en hún þornar," syngur hún í hinu kraftmikla lokalagi Tungan og lagið Blóðberg hefst á setningunni: „Villi þér sýn, ég klæði mig úr kjólnum á meðan sólin gyllir hrygginn minn".

Bestu lög plötunnar eru fyrrnefnd Tungan og



**MAMMÚT**

Salt, sem er eitt af lögum ársins. Blóðberg og Ströndin hljóma einnig einkar vel. Platan er annars passlega löng og heildarsvipurinn er töff. Tvímælalaust ein af plötum ársins.

Freyr Bjarnason

**NIÐURSTAÐA:** Eftir fimm ára bið sendir Mammút frá sér eina af plötum ársins.

# Tískuföt seld til styrktar Rauða krossinum

## Tískubloggarar selja flíkur til styrktar góðu málefni.

„Okkur langar að láta gott af okkur leiða með fatamarkaðnum," segir Þórunn Ívarsdóttir tískubloggari sem stendur fyrir fatamarkaði til styrktar Rauða krossinum, ásamt vinkonum sínum, þeim Alexöndru Bernharð, Steinunni Eddu Steingrímsdóttur og Margréti R. Jónasar. Þær ætla að selja fötin úr fataskápnum sínum eins og á hefðbundnum fatasölum en ætla að gefa 150 krónur af hverri seldri flík til Rauða krossins.

Á staðnum verður gámur frá Rauða krossinum þar sem öllum er frjálst að koma með flíkur, skó og ýmislegt annað til að gefa í gáminn. „Hver sá sem gefur í gáminn fær í hendurnar happadrættismiða en með honum er hægt að vinna vegleg verðlaun frá hinum ýmsu fyrirtækjum sem styrkja málefnið



**STYRKTARSALA** Þórunn Ívarsdóttir tískubloggari stendur fyrir fatasölu ásamt vinkonum sínum til styrktar Rauða krossinum. MYND/ JÓNAS SIGURBJÖRNSSON

eins og Make Up Store, Vero Moda og fleiri fyrirtæki," bætir Þórunn við.

Fatamarkaðurinn verður haldinn á skemmtistaðnum Austur, laugardaginn 2. nóvember og hefst klukkan tólf. - glp






**FOR A MINOR REFLECTION** Hljómsveitin gefur út tvöfalda tólneikaplötu.

# Með tvöfalda tónleikaplötu

For a Minor Reflection er að gefa út tvöfalda plötu sem ber nafnið Live at Iceland Airwaves. Útgáfan inniheldur hljóð- og myndupptöku af tónleikum sveitarinnar á Iceland Airwaves árið 2012 í Norðurljósum, Hörpu.

Kjartan Holm, gítarleikari sveitarinnar, hefur verið á tónleikaferðalagi síðustu misseri með Sigur Rós og hefur For a Minor Reflection þess vegna haldið sig til hlés á meðan. Hljómsveitin mun þó stíga á svið á Iceland Airwaves og frumflytja nýtt efni í bland við eldra. Alls kemur hljómsveitin fram á sex tónleikum í vikunni, þ.e. á aðaltónleikum í Norðurljósum Hörpu á föstudagskvöld, og á fimm öðrum tónleikum utan dagskrár.



**NÝTT EFNI** Stevie Wonder segist ætla að gefa út tvær plötur á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Wonder með nýjar plötur

Bandaríski tónlistarmaðurinn Stevie Wonder staðfesti í samtali við The Independent að tvær plötur væru væntanlegar frá honum á næsta ári. Wonder, sem er orðinn 63 ára, hefur ekki gefið út plötu í átta ár en nýju plöturnar munu heita When the World Began og Ten Billion Hearts.

Wonder sagðist ætla að breyta mikið til á næstu plötum og jafnvel syngja gospel á arabísku eða hebresku. Þá sagðist hann hafa hlustað mikið á rapptónlist undanfarið en fyrr á árinu hafði hann tjáð sig um að nýja efnið yrði flutt af sinfóníuhljómsveit.

# SJÓNVÖRP
# Á GÓÐU VERÐI






## FINLUX

**50″ FULL HD EDGE LED SMART TV**
Edge LED Full HD 1920x1080
Smart TV snjallsjónvarp / apps (Skype, Youtube og fleira)
DVB-T2 móttakari ásamt CI+ kortarauf
Styður USB upptöku á utanáliggjandi drif
2x HDMI 1.4, 2x USB, 2x Scart
Dolby Digital Plus, DLNA 1.5
WiFi með meðfylgjandi USB dongle
Internet vafri
Orkunotkun A

**189.999 KR**

## FINLUX

**39″ FULL HD EDGE LED TV:**
Edge LED Full HD 1920x1080
DVB-T2 móttakari ásamt CI+ kortarauf
Styður USB upptöku á utanáliggjandi drif
2x HDMI 1.4, 2x USB, 2x Scart
Dolby Digital Plus
Orkunotkun A

**99.999 KR**









## TOSHIBA

**32″ LED TV:**
ED HD 1366x768
DVB-T/C móttakari ásamt CI+ kortarauf
2x HDMI, 2x USB, 1x Scart, 1x VGA
Dolby Digital Plus
Orkunotkun A

**75.999 KR**

Gildir til 7. nóvember á meðan birgðir endast.
Fæst í Smáralind, Garðabæ og Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THOR 2 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 2 LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| FRANCES HA | KL. 6 | 7 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 5.45 - 10 | 16 |
| GRAVITY 3D | KL. 8 - 10.50 | 12 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 8 - 10 | 16 |
| KONAN Í BÚRINU KL. 6 (16) / MÁLMHAUS | KL. 6 | 12 |

Miðasala á: midi.is og e Miði

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| CAPTAIN PHILLIPS | 6, 9 | 14 |
| INSIDIOUS: CAPTER 2 | 8, 10:20 | 16 |
| MÁLMHAUS | 5:50 | 12 |
| ABOUT TIME | 9 | 10 |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL TAL | 6 2D | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THOR - DARK WORLD VIP 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| RUSH | KL. 10:10 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 8 - 9 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 10:10 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8:30 | 16 |
| RUSH | KL. 6 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 11 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 - 10:10 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:10 | 12 |


# Töframaður á sviðinu

**BAKPANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**ALDREI** minnist ég þess að hafa séð töframanni mistakast – að minnsta kosti ekki að öllu leyti. En í hvert skipti sem ég sé töframann á sviði þá smíða ég viðbragðsáætlun í höfði mínu um hvað ég myndi gera ef honum mistækist. Ég smíða þessa viðbragðsáætlun því ég vil alls ekki að honum mistakist. Það er ekki vegna þess að ég hafi áhyggjur af töframanninum sjálfum heldur hef ég frekar áhyggjur af sjálfum mér.

**DÆMIGERÐ** viðbragðsáætlun er til dæmis að brynja sig fyrir óförunum. Best er að stilla væntingum í hóf, vera sáttur ef töfrabragðið heppnast aðeins að hluta og helst byrja að klappa áður en bragðið er fullframið. Segja upphátt við sessunauta sína: „Nei, vá, er meira?“ þegar töframaðurinn dregur kanínu upp úr hatti sínum eftir að hafa snarað hattinum fram á töframannslegan hátt (eins og það eitt og sér væri nóg fyrir mann). Það er nefnilega hundfúlt að þurfa að standa upp og biðja um endurgreiðslu.

**VIÐ** erum öll stödd í leikhúsi og fyrir mörgum mánuðum var töframaður kynntur á svið. Hann heitir Sigmundur Davíð. Hann lofaði töfrabrögðum en við erum ekki enn farin að sjá þau. Allt í kringum mig er fólk að setja viðbragðsáætlun í gang. Mistök eru ómöguleg. Það er ekki hægt að sjá töframanninum mistakast. Það vill enginn sjá það. Það er ekki vegna þess að við höfum áhyggjur af töframanninum Sigmundi. Það er vegna þess að við höfum áhyggjur af okkur sjálfum. Það er ömurlegt að horfa á mistök. Sérstaklega þegar hátt er reitt til höggs.

**ÞAÐ** er töframaður á sviðinu, uppábúinn í kjólfötum. Salurinn er fullur af fólki – það er uppselt – og miðaverðið var hátt. Hann stendur með hattinn sinn, honum er að mistakast og það er verulega óþægilegt að horfa á það. Það er líka óþægilegt að þurfa að standa upp í miðri sýningu og biðja um endurgreiðslu – biðja miðasölustúlkuna um eitthvað sem töframaðurinn sjálfur var búinn að lofa. Það er óþægilegt en það er að gerast.

# Mælir með því að vera í hljómsveit

## James McNew, bassaleikari Yo La Tengo, veit fátt skemmtilegra en að vera í hljómsveit. Tríóið kemur fram í Hörpu í kvöld í tengslum við Airwaves.

Bandaríska indírokksveitin Yo La Tengo kemur fram í Hörpu í kvöld í tengslum við Iceland Airwaves. Þetta er í fyrsta sinn sem tríóið kemur fram hér á landi.

Yo La Tengo var stofnuð árið 1984 af hjónunum Ira Kaplan og Georgia Hubley. Fyrsta platan þeirra, Ride the Tiger, leit dagsins ljós tveimur árum síðar. Árið 1993 gekk James McNew bassaleikari til liðs við sveitina og sama ár hóf Yo La Tengo samstarf við útgáfuna Matador. Tríóið hefur lengi verið eftirlæti gagnrýnenda en ekki notið meginstraumsvinsælda, enda tónlistin oft á tíðum tilraunakennd, lágstemmd og innhverf. McNew veitti Fréttablaðinu viðtal í vikunni og segir hann fátt skemmtilegra en að vera hluti af hljómsveit.

Sveitin hefur verið starfrækt í nokkra áratugi, finnst ykkur enn jafn gaman að koma fram saman?

„Okkur finnst skemmtilegra að spila saman í dag en áður. Við erum orðnir svo góðir vinir eftir allan þennan tíma og svo er líka bara mjög gaman að vera í hljómsveit. Ég mæli með því! Maður fær tækifæri til að skoða heiminn í tengslum við vinnuna og það eru mikil forréttindi,“ segir hann.

Hvernig farið þið að þegar þið semjið tónlist?

„Flestar hugmyndirnar koma á „jam-æfingum“. Oftast heyrir eitthvert okkar laglínu eða takt í því sem við gerum í slíkum tímum og úr því verða lög. Þetta ferli tekur langan tíma og er alls ekki hagkvæmt, þeir hjá Matador myndu örugglega heldur kjósa að við mættum í hljóðver klukkan níu og værum þar til fimm á daginn og kláruðum plöturnar þannig,“ segir hann en bætir svo við: „Ég tek þetta til baka, þeir mundu örugglega ekki kjósa það fram yfir hitt. En til að svara spurningunni, þá erum við hljómsveit og við semjum efni okkar sem hljómsveit. Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi ferli.“

Þið eigið marga aðdáendur víða um heim en hafið ekki notið meginstraumsvinsælda, var það einhvern tímann draumurinn?

„Við erum fullkomlega sátt við að vera „underground“ hljómsveit. Okkar markmið var aldrei að öðlast heimsfrægð og ég hef aldrei hugsað með mér: „Ég vildi óska að við værum eins og Smashing Pumpkins.“ Okkur hefur gengið mjög vel, við vinnum við að vera í rokkbandi og í mínum augum er það velgengni.“

Þekktuð þið til Iceland Airwaves-hátíðarinnar áður?

„Já, ég heyrði fyrst af henni fyrir tveimur árum. Þegar okkur var svo tilkynnt að við ættum að koma fram á hátíðinni þá fór ég að fylgjast enn betur með henni.“

Tilkynnt? Ræður einhver annar för og þið bara hlýðið?

„Já, við gerum það sem okkur er sagt,“ segir McNew og hlær. „Við erum með umboðsmenn sem halda utan um allt skipulag fyrir okkur og sjá til þess að við mætum á réttan stað á réttum tíma. En þetta er auðvitað gert í samráði við okkur.“

Eruð þið spennt fyrir Íslandsheimsókninni?

„Ég verð að viðurkenna að ég veit svo gott sem ekkert um landið, sem gerir þetta mjög spennandi. Ég hlakka mikið til að skoða mig um í Reykjavík. Við fáum einn dag til að skoða okkur um áður en við höldum af stað til Frakklands. Ísland er fyrsta stoppið í tónleikaferðalagi okkar,“ segir hann að lokum.

Yo La Tengo kemur fram í Silfurbergi klukkan 23.30 í kvöld.



**VINSÆL HLJÓMSVEIT** Yo La Tengo kemur fram í Hörpu í kvöld í tengslum við Airwaves. Hljómsveitin hefur verið starfrækt frá árinu 1984.


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


The New Directors' Prize
Premio Kutxa Nuevos Directores
SAN SEBASTIAN FILM FESTIVAL
Award for Best Director
TOKYO FILM FESTIVAL
Official Selection
LUBECK FILM FESTIVAL
Official Selection
GÖTENBORG FILM FESTIVAL
SJÁÐU MYNDINA
SEM ER AÐ SIGRA HEIMINN!
Hross í oss
KVIKMYND EFTIR Benedikt Erlingsson
★★★★★ - ICELAND REVIEW
★★★★ - MORGUNBLAÐIÐ
★★★★ - DV
★★★★ - RÁS 2
★★★★ - FRÉTTABLAÐIÐ
„Frábær óvænt ánægja!“
- THE HOLLYWOOD REPORTER
„Undraverð kvikmyndataka og yndisleg kaldhæðni gerir Hross í Oss að frumraun sem vert er að fagna.“
- VARIETY
„Allt það sem allir óska af góðri kvikmyndalist.“
- DÓMNEFND SAN SEBASTIAN KVIKMYNDAHÁTÍÐARINNAR
„Það er ekki hvaða mynd sem er, sem sýnir þér eitthvað sem þú hefur aldrei séð áður. Og samt nær þessi mynd á sama tíma að vera fínleg, viðkvæm og fyndin.“
- THE GUARDIAN
„Hross í oss er skáldskapur í lifandi myndum… meistaraverk.“
- ICELANDIC REVIEW
„Menningarlegt afrek.“
- STYRMIR GUNNARSSON, MORGUNBLAÐIÐ
INGVAR E. SIGURÐSSON CHARLOTTE BØVING
STEINN ÁRMANN MAGNÚSSON HELGI BJÖRNSSON KJARTAN RAGNARSSON
ATLI RAFN SIGURÐARSON JUAN CAMILLO ROMAN ESTRADA SIGRÍÐUR MARÍA EGILSDÓTTIR
HÁSKÓLABÍÓ
Sýningartímar og miðasala á eMiði.is
www.sena.is/hross
sena

## Margrét Lára nýr fyrirliði landsliðsins



**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur verið valin nýr fyrirliði íslenska landsliðsins í knattspyrnu en liðið mætir Serbíu í undankeppni heimsmeistaramótsins árið 2015 ytra í dag.

„Það er mikill heiður að fá að leiða þetta lið út á völlinn,“ sagði Margrét Lára í gær.

Margrét Lára tekur við fyrirliðabandinu af Katrínu Jónsdóttur sem lagði skóna á hilluna á dögunum.

„Ég er búin að vera í þessu liði í ellefu ár og hef alltaf haft það hlutverk að vera fremst á vellinum og sjá um markaskor. Nú er komið að því að ég fái annað og enn stærra hlutverk innan liðsins sem er mjög spennandi. Vonandi mun ég þroskast enn meira sem leikmaður með þessu nýja hlutverki.“

Margrét Lára hefur leikið með íslenska landsliðinu í tíu ár.

„Við erum með marga leiðtoga í liðinu og flotta karaktera og í raun margar í þessu hlutverki.“ **- sáp**

## KSÍ og FRÍ vilja bæði byggja nýja velli

**ÍÞRÓTTIR** Smáþjóðaleikarnir fara fram á Íslandi árið 2015 og Frjálsíþróttasamband Íslands hefur fengið loforð um 180 milljónir króna frá Reykjavíkurborg til þess að gera Laugardalsvöll keppnishæfan.

Hvorki Jónas Egilsson, formaður Frjálsíþróttasambandsins, né Geir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnusambandsins, vilja sjá þann pening fara í endurbætur á Laugardalsvelli.

Það verði þess valdandi að enginn frjálsíþróttavöllur rísi og að ekki verði hægt að byggja þjóðarleikvang í knattspyrnu án hlaupabrautar.

„Okkar hugmyndir fara saman um nýjan frjálsíþróttavöll í Dalnum og að Laugardalsvöllurinn verði knattspyrnuleikvangur,“ segir Geir í Sportspjallinu á Vísi og Jónas bætir við að útséð sé með að þessar tvær íþróttagreinar geti deilt keppnisvelli.

KSÍ vill breyta Laugardalsvellinum þannig að stúka verði allan hringinn og að völlurinn verði án hlaupabrautar. FRÍ vill þjóðarleikvang fyrir sitt fólk austan Laugardalshallar.

Sportspjallið fer í loftið á Vísi í hádeginu. **- hbg**



**FORMENN** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, og Jónas Egilsson, formaður FRÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Í FORMI** Hannes Þór æfir með Sandnes Ulf í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hannes á flakki á Norðurlöndum

**FÓTBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Hannes Þór Halldórsson er mættur til Noregs. Hann æfir þessa viku með liði Sandnes Ulf en með liðinu spila meðal annars Steinþór Freyr Þorsteinsson og Steven Lennon, fyrrum framherji Fram.

„Ég er fyrst og fremst að halda mér í formi fyrir Króatíuleikina. Það er samt spennandi að vera kominn hingað. Sandnes Ulf og Noregur væri skref upp á við fyrir mig,“ segir Hannes Þór í viðtali við vefmiðilinn Rogalandsavis.

Ekki hefur verið gengið frá nýjum samningi við núverandi markvörð Úlfanna. Félagið hefur sýnt nokkrum áhuga en samkvæmt heimildum norska miðilsins er Hannes Þór ekki einn þeirra.

„Maður á aldrei að segja aldrei. Við sjáum til hvernig æfingar ganga,“ segir Rune Espedal, yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu. Fyrst og fremst sé um samkomulag að ræða á milli Úlfanna og KR en Espedal segir mikinn vinskap vera félaganna á milli.

Hannes Þór heldur í næstu viku til Svíþjóðar þar sem hann mun æfa með Kalmar. **-ktd**

## DOMINOS-DEILDIN

### ÚRSLIT KARLA

**HAUKAR - SNÆFELL 82-77**

**Haukar:** Terrence Watson 31/13 fráköst, Emil Barja 21/ 10 fráköst/ 10 stoðsendingar, Haukur Óskarsson 10/ 7 fráköst.

**Snæfell:** Jón Ólafur Jónsson 25/ 9 fráköst, Sigurður Þorvaldsson 12/6 fráköst, Vance Cooksey 13/ 7 stoðsendingar, Kristján Pétur Andrésson 12.

### ÚRSLIT KVENNA

**HAUKAR - SNÆFELL 66-67**

**Haukar:** Lele Hardy 27/23 fráköst/7 stoðsendingar/6 stolnir, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 10/9 fráköst, Lovísa Björt Henningsdóttir 10.

**Snæfell:** Chynna Unique Brown 19/14 fráköst/6 stoðsendingar/7 stolnir, Eva Margrét Kristjánsdóttir 16/15 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 13/8 fráköst/6 stoðsendingar.

**KEFLAVÍK - KR 74-56**

**Keflavík:** Sara Rún Hinriksdóttir 20/6 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 14, Bryndís Guðmundsdóttir 14/11 fráköst, Porsche Landry 10/6 fráköst/7 stoðsendingar, Aníta Eva Viðarsdóttir 8.

**KR:** Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 27/13 fráköst, Björg Guðrún Einarsdóttir 11, Bergþóra Holton Tómasdóttir 7.

**GRINDAVÍK - NJARÐVÍK 79-64**

**Grindavík:** Pálína Gunnlaugsdóttir 24/15 fráköst/6 stolnir, Lauren Oosdyke 22/14 fráköst, Helga Rut Hallgrímsdóttir 13/14 fráköst, María Ben Erlingsdóttir 11/6 fráköst.

**Njarðvík:** Guðlaug Björt Júlíusdóttir 19/5 fráköst, Erna Hákonardóttir 14, Jasmine Beverly 13/9 fráköst, Salbjörg Sævarsdóttir 8/9 fráköst.

**VALUR - HAMAR 68-76**

**Valur:** Kristrún Sigurjónsdóttir 20/5 fráköst, Jaleesa Butler 12/12 fráköst/7 stoðsendingar/5 varin skot, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 11/6 fráköst, Ragnheiður Benónísdóttir 10, Þórunn Bjarnadóttir 9/5 fráköst.

**Hamar:** Íris Ásgeirsdóttir 22, Di'Amber Johnson 22/7 stoðsendingar/7 stolnir, Marín Laufey Davíðsdóttir 18/12 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 8/11 fráköst.

# Loksins allar í toppstandi

Stelpurnar okkar mæta Serbum í undankeppni HM ytra í dag. Allir leikmenn liðsins eru klárir í slaginn en ljóst er að Serbar eru sterkari en áður í ljósi jafnteflis liðsins við Dani um helgina.

**FÓTBOLTI** „Staðan á hópnum er mjög góð. Þær eru allar heilar og engin veik eða slöpp. Allir í toppstandi. Það er mjög jákvætt,“ sagði landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson í samtali við Fréttablaðið í gær. Kvennalandsliðið mætir Serbum ytra í dag í undankeppni heimsmeistaramótsins 2015. Sif Atladóttur var sárt saknað í 2-0 tapinu gegn Sviss og þá fór Margrét Lára Viðarsdóttir meidd af velli í leik með Kristianstad á dögunum. Freyr segir þær hafa æft af kappi líkt og aðrir leikmenn og séu klárar.

